Erfiðleikar WOW hafa verið til umræðu. Framangreindar upplýsingar lýsa hversu mikil áhrif aföll stórra fyrirtækja hafa á okkar litla hagkerfi. Vonandi tekst að koma rekstri íslenskra flugfélaga í skjól og verja þau mikilvægu störf sem þar eru unnin, og þau fjölmörgu afleiðdu störf sem þau skapa.

Fjölmörgum spurningum er þó ósvarað þegar litíð er yfir atburðarásina. Ícelandair, sem hefur keypt WOW, er skráð félag í Kauphöllinni. Eigendur þess eru lífeyrissjóðir, fagfjórstar og almennigur. Hjá skráðum félögum er gert ráð fyrir að allir sem hlut eiga að máli fái sömu upplýsingar á sama tíma. Var það svo?

Fréttablaðið greindi nýlega frá fundarhóldum um vanda flugfélaga, sem stjórnmalámmenn og embættismenn tóku þátt í. Hvaða upplýsingar voru veittar á þeim fundum? Og hvaða upplýsingar hafði starfshópurinn sem vann sviðsmyndagreininguna?

Forsætisráðherra ræddi kaup Ícelandair á WOW í viðtali í vikunni og sagðist ekki geta sagt að þetta hefði komið sér á óvart og auðvitað „höfum við fylgst grannt með þessum málum um nokkurt skeið“.

Forsætisráðherra verður að upplýsa hvaða upplýsingar hún hafði. Kaupin komu almennum fjárfestum á óvart, en ekki forsætisráðherra. Hlutabréf Ícelandair hækkuðu um tæplega 40% á dagspart. Hverju hafði forsætisráðherra fylgst svona grannt með? Hafði ríkisstjórnin meiri upplýsingar en eigendur fyrirtækisins? Forsætisráðherra segir „við“. Hverjir eru við? Getur verið að innherjaupplýsingar hafi verið meðal fólks sem ekki var skráð sem innherjar? Af fréttum er ljóst að ekki ber öllum saman um aðdraganda og tímalínu kaupanna. Það er umhugsunarefni. Hluthafar Ícelandair hljóta að spyrja af hverju opið var fyrir viðskipti með bréf félagsins að morgni 5. nóvember í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir.

Seðlabankinn tók þátt í sviðsmyndagreiningunni. Bankinn hafði gert ráð fyrir stöðugu gengi íslensku krónunnar í náinni framtíð. Íslenska krónan hefur hins vegar fallið eins og steinn samfara vinnunni við úrlausna vanda flugfélaganna. Því er eðlilegt að spyrja: Var veiking íslensku krónunnar hluti af þjörgunaraðgerðum stjórnvalda? Frá ágústbyrjun hefur gengi krónunnar fallið yfir 10%. Var það ákvörðun stjórnvalda að fella gengi íslensku krónunnar?



Því er eðlilegt að spyrja: Var veiking íslensku krónunnar hluti af þjörgunaraðgerðum stjórnvalda? Frá ágústbyrjun hefur gengi krónunnar fallið yfir 10%. Var það ákvörðun stjórnvalda að fella gengi íslensku krónunnar?



EMBASSY OF CANADA - VEHICLE FOR SALE
Sendiráð Kanada - Bill til sölu

- VOLVO XC-70 (TV-951)
- Árgerð 2007
- Bensín - Sjálfskiptur
- Ekinn 80,000 km
- Sölusköðun frá Brimborg fylgir með.

Upplýsingar í síma 575 6509 á milli 9. og 12.



Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Bjarni og heimilisbókhaldið

Waitrose heitir breskur stórmarkaður þar sem miðaldra milliáttarfolk kaupir sér lifranan elixir – hummus, avókadó, djús úr granatleplum, hveitigrasi og mórólsku yfirleiti – á uppsprengdu verði. Verslunin gefur auk þess út vinsælt timarit um mat. Nýverið sagði ritstjóri Waitrose Food timaritsins brandara um grænmetisætur. William Sitwell sagðist orðinn svo leiður á jurtaetum að hann lagði til að þeim yrði slátrað. Ekki leið á löngu uns internetið slátraði ritstjóranum. Sitwell sagði af sér vegna brandarans.

Ástæður afsagna eru jafnfjölbreyttar og mennirnir eru margir. Linus Torvalds er finnskur tölvunarfræðingur og stórstjarna í tækniheiminum en hann er upphafsmaður styrkerfisins Linux sem knýr áfram stóran hluta internetsins og alla Android-síma veraldar. Í september síðastliðnum steig Torvalds til hlíðar sem aðalforritari Linux. Ástæðan: Hann hagnaði sér eins og fill. Torvalds, sem trúði ekki á kurteisi, var þekktur fyrir að ausa óhróðri yfir samforritara sína ef þeir stóðu ekki í stykkinu. „Farðu og stútaðu þér; heimurinn væri betri án þín.“ tjáði hann einum. „Haltu f***** kjaffi.“ sagði hann við annan. Torvalds sneri aftur til vinnu um mánaðamótin, breyttur maður með síðareglur fyrir Linux-samsteypuna í farteskinu.

Sumir snúa aftur oftar en einu sinni. Peter Mandelson var þingmaður breska Verkamannaflokksins á árunum 1992-2004. Árið 1998 sagði Mandelson af sér sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra í ríkisstjórn Tony Blair er upp komst að hann hefði þegið 373.000 punda leynd-lán frá pólitískum samflokksmanni til að kaupa sér hús í aukýfingahverfinu Notting Hill í London. Tíu mánuðum síðar sneri hann aftur sem Norður-Írlands-málaráðherra. En árið 2001 sagði hann aftur af sér embætti, að þessu sinni vegna ásakana um að hafa hlutast til um að indverskur viðskiptajöfurr fengi breskan ríkisborgarétt. Mandelson sem gjarnan hefur verið kallaður myrkráhöfingi breskra stjórnmála er sannarlega eins og afturgengin teflonpanna því árið 2008

komst hann enn á ný í ríkisstjórn er Gordon Brown gerði hann að viðskiptaráðherra. „Allt er þegar þrennt er.“ var haft eftir myrkráhöföngingunum sleipa.

En ekki heppnast allar afsagnir. Í upphafi þessa árs mætti Michael Bates, barón sem á sæti í lávaráðeild breska þingsins, nokkrum mínútum of seint til þingfundar. Bates átti að sitja fyrir svörum um launaájöfnuð en þar sem hann var ekki kominn leysti kollegi hans hann af hölmri. Bates var svo miður sin yfir að hafa mætt of seint í vinnuna að hann stóð upp í þingsal, sagðist skammast sín fyrir hegðun sína og sagði af sér á staðnum. Forsætisráðherra neitaði hins vegar að taka uppsögnina gilda. Bates situr því enn.

Vængstýfð af von

Ástæður fyrir afsögnum eru margar. Þær eru einnig margar ástæður þess að menn segja ekki af sér – nánar tiltekið 130.000.000.000.

Fjölmíðillinn Stundin hefur undanfarið fjallað um fjármál fyrirtækja í eigu fjölskyldu Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra í aðdraganda hrunsins 2008. Greinir Stundin frá því að fyrirtæki sem Bjarni kom að fyrir hönd fjölskyldu sinnar hafi fengið afskriftir upp á 130 milljarða króna.

Lélegur brandari; almennur dónaskapur; pólitísk myrkraverk; skróp í vinnuna. Allt eru þetta ástæður afsagna. 130 milljarða afskriftir á vakt ráðherra – ekki samþönguráðherra, ekki utanríkisráðherra, ekki kökuskreytingaráðherra, heldur ráðherra fjármála – veldur hins vegar ekki einu sinni fjaðrafoki.

En hvað um það. Við höldum okkar striki, vængstýfð af von um að senn komi röðin að okkur að beintengjast banka með slöngu í æð, önnun kafin í algleymi hversdagsins, umvafin þeirri hugljúfu en svolítið yfirþyrmandi vissu að það eru 44 dagar til jóla og þessar sögur baka sig ekki sjálfar. Kannski að Bjarni kiki í heimsökun og sáldri yfir þær smá sykurskrauti – en best að hleypa honum þó ekki í heimilisbókhaldið.

LAND ROVER

KYNNTU ÞÉR 70 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ LAND ROVER Í DAG



ABOVE & BEYOND

landrover.is



DISCOVERY SPORT SE

DISCOVERY SPORT SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ FRÁ: 7.390.000 kr.

MEÐ VEGLEGUM 600.000 KR. AFMÆLISPAKKA

RANGE ROVER EVOQUE SE

RANGE ROVER EVOQUE SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR.
VERÐ FRÁ: 7.690.000 kr.

MEÐ VEGLEGUM 500.000 KR. AFMÆLISPAKKA

LAND ROVER
70
YEARS

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

Viljum enda árið með sigri

Erik Hamrén segir að sigur gegn Belgíu gæti komið íslenska karlalandsliðinu í fótbolta til góða í undan-keppni EM 2020. Þá sé það mikilvægt fyrir íslenska liðið að enda árið með sigri eftir óhagstæð úrslit á árinu.

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu leikur sína síðustu leiki á árinu þegar liðið mætir Belgíu í lokaleik sínum í Þjóðadeild UEFA og svo vináttulandsleik gegn Katar. Leikirnir fara báðir fram á belgískri grundun en íslenska liðið mætir Belgíu í Þjóðadeild UEFA fimmtudaginn 15. nóvember og Katar mánudaginn 19. nóvember. Emil Hallfreðsson, Jón Daði Bóðvarsson, Hólmur Örn Eyjólfsson, Rúnar Már Sigurjónsson og Björn Bergmann Sigurðarson geta ekki tekið þátt í þessum verkefnum vegna meiðsla. Þá tekur Ragnar Sigurðsson út leikbann í leiknum gegn Belgíu og verður ekki með í leiknum gegn Katar.

Aron Einar Gunnarsson, fyrirlíði íslenska liðsins, sem hefur verið fjarri góðu gamni síðan á heimsmeistarastöðum sumarið 2017 kemur inn í leikmannahópinn. Hann mun taka þátt í leiknum gegn Belgíu, en fær hvíld í leiknum gegn Katar. Þá koma Arnór Sigurðsson, Hjörtur Hermannsson, Eggert Gunnþór Jónsson og Guðmundur Þórarinnsson inn í hópinn frá síðustu leikjum.

Erik Hamrén, þjálfari íslenska liðsins, minnti á að sigur í leiknum gegn Belgíu gæti orðið til þess að liðið hafni á meðal tíu efstu þjóðanna í A-deild Þjóðadeildarinnar og það myndi þýða að liðið yrði í hærri styrkleikaflokki en ella þegar dregið verður í undankeppni EM 2020. Þar af leiðandi leggi liðið allt kapp á að fara með sigur af hólmi í þeim leik. Þá hafi liðið ekki náð í mörg hagstæð úrslit á þessu ári og af þeim sökum muni það leggja allt kapp á að vinna Katar þrátt fyrir að um vináttulandsleik sé að ræða.

„Mér fannst ég merkja mikla bættingu í síðustu tveimur leikjum liðsins og við stefnum á að byggja á því í komandi verkefnum. Mér fannst liðið mun þéttara í varnarleiknum og við vorum skarpari í sóknarleiknum. Við sköpuðum fjölmörg góð færi til þess að skora fleiri mörk en við skoruðum. Við bættum okkur í fóstum leikatriðum báðum megin á vellinum,“ sagði Hamrén í samtali við Fréttablaðið á blaðamannafundinum í gær.

„Hugarfarið var einnig allt annað



Erik Hamrén biður enn eftir sínum fyrsta sigri sem þjálfari íslenska karlalandsliðsins í fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landslíðshópurinn

Markverðir:

Hannes Þór Halldórsson
Rúnar Alex Rúnarsson
Ógmundur Kristinsson

Varnarmenn:

Birkir Már Sævarsson
Hjörtur Hermannsson
Sverrir Ingi Ingason
Kári Árnason
Eggert Gunnþór Jónsson
Jón Guðni Fjóluson
Hörður Björgvin Magnússon
Ari Freyr Skúlason
Guðmundur Þórarinnsson

Miðjumenn:

Rúrik Gíslason
Jóhann Berg Guðmundsson
Arnór Sigurðsson
Samúel Kári Friðjónsson
Guðlaugur Víctor Pálsson
Aron Einar Gunnarsson
Birkir Bjarnason
Arnór Ingi Traustason

Sóknarmenn:

Gylfi Þór Sigurðsson
Alfred Finnbogason
Kolbeinn Sigþórsson
Albert Guðmundsson
Jón Dagur Þorsteinsson

og það var gaman að sjá það. Við þurfum hins vegar að bæta okkur í varnarleiknum og bæta smáatriðin þar. Við erum að fá á okkur of mörg mörk og þurfum að laga það. Það er auðvitað slæmt að vera án jafn margra lykilleikmanna og raun ber vitni. Það er hins vegar

ekki í okkar höndum að koma í veg fyrir þau. Þetta er hluti af fótbolthanum og ég vorkenni mest þeim leikmönnum sem hafa orðið fyrir þessum meiðslum,“ sagði hann enn fremur.

„Það er hins vegar jákvætt að við fáum Aron [Einar Gunnarsson]

Hugarfarið var einnig allt annað og það var gaman að sjá það. Við þurfum hins vegar að bæta okkur í varnarleiknum og bæta smáatriðin þar.

Erik Hamrén

aftur inn í liðið. Ég mætti honum þegar ég stýrði sænska liðinu og hef rætt við hann mikið í síma. Ég hlakka mikið til þess að hitta hann og fara yfir málin með honum. Það verður gott að fá hann aftur inn í liðið,“ sagði Sviinn um mikilvægi þess að fá fyrirlíðann aftur í hópinn.

„Við förum í þessa leiki til þess að vinna þá og það getur skipt okkur miklu máli að ná hagstæðum úrslitum á móti Belgíu. Það munu einhverjir leikmenn fá tækifæri í leiknum gegn Katar, en þrátt fyrir að við munum breyta byrjunarliðinu á einhvern hátt ætlum við að fara með sigur af hólmi,“ segir hann um komandi verkefni. hjorvaro@frettabladid.is

Nýjast

Domino's-deild karla



Haukar - Skallagrímur 82-80

Haukar: Hilmar Smári Henningsson 23/7 stoðsendingar, Hjálmar Stefánsson 18, Marques Oliver 16, Haukur Óskarsson 8, Kristinn Marinósson 6, Matic Macek 6, Daði Lár Jónsson 3, Arnór Bjarki Ívarsson 2.
Skallagrímur: Aundre Jackson 23/12 fráköst, Björgvin Hafþór Rikharðsson 23, Matej Buovac 18/8 fráköst, Bjarni Guðmann Jónsson 8, Eyjólfur Ásbjörn Halldórsson 2/8 fráköst/7 stoðs., Davíð Ágústsson 2, Kristófer Gylfason 2, Kristján Örn Ómarsson 2.

Leik Njarðvíkur og KR var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.



Guðrún Brá er í góðri stöðu í Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINO

Guðrún Brá með forystu

GOLF Guðrún Brá Björgvinsdóttir er með forystu eftir fyrstu tvo hringina á lokamóti Evrópumótaraðarinnar. Mótið fer fram í Barcelona á Spáni.

Guðrún Brá er á tveimur höggum undir pari líkt og Anais Meyssonnier frá Frakklandi. Guðrún Brá lék á pari vallarins á öðrum hringum í gær. Fyrsta hringinn lék hún á tveimur höggum undir pari.

Guðrún Brá er í 71. sæti á stiga-lista Evrópumótaraðarinnar. Staða hennar verður væntanlega mun betri eftir mótið í Barcelona. – ips



Lovisa Thompson, einn af lykilmönnum Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Valur í Hollandi um helgina

HANDBOLTI Valur mætir hollenska liðinu H.V. Quintus í 3. umferð Áskorendabikars Evrópu um helgina. Báðir leikirnir fara fram ytra. Fyrri leikurinn, sem er heimaleikur Quintus, fer fram í kvöld og sá síðari, sem telst heimaleikur Vals, er á morgun. Sigurvegurinn úr einvínigum kemst í 16-liða úrslit Áskorendabikarsins.

Valskonur hafa verið á góðri siglingu að undanförmum og unnið fimm leiki í röð í deild og bikar. Valur er á toppi Olis-deildar kvenna með 13 stig eftir átta umferðir.

Quintus er í 2. sæti hollensku deildarinnar með tólf stig, tveimur stigum á eftir toppliði VOC Amsterdam. Quintus hefur unnið sex af fyrstu sjö deildarleikjum sínum á tímabilinu. – ips

Verður United fyrst liða til að vinna meistarana?

FÓTBOLTI Klukkan 16.30 á morgun flautar Anthony Taylor til leiks hjá Manchester-liðinum, City og United, á Etihad. Þetta er lokaleikur 12. umferðar ensku úrvalsdeildarinnar og sáðasti fyrir landsleikjahlé.

City hefur byrjað þetta tímabil eins og liðið endaði það síðasta; með því að vinna leiki og skora haug af mörkum. Strákarnir hans Peps Guardiola hafa unnið níu af fyrstu ellefu deildarleikjum sínum og gert tvö jafntefli. City hefur skorað 33 mörk og aðeins fengið á sig fjögur. City hefur unnið sex leiki í röð í öllum keppnum með marktölunni 23-1. Það er því yfir litlu að kvarta, inni á vellinum allavega.

Það hefur gustað hressilega um United, eða réttara sagt José Mourinho. En úrslitin í síðustu leikjum hafa verið góð. United hefur unnið þrjá leiki í röð í öllum keppnum. Stærsti sigurinn kom gegn Juventus á miðvikudaginn. Enska liðið lenti

undir en tryggði sér sigurinn með því að skora tvö mörk undir lokin. United hefur raunar lent undir í fimm af síðustu sex leikjum sínum en aðeins tapað einum þeirra.

United lenti einmitt undir í síðasta leik sínum á Etihad en kom til baka, vann og frestaði því að City fagnaði Englandsmeistaratitlinum. Það var einn af fáum hápunktum á frekar auðgleymanlegu tímabili hjá United sem endaði 19 stigum á eftir grönnum sínum.

Guardiola og Mourinho hafa marga hildina háð og oft hefur verið stírt á milli þeirra. Þeir hafa þó að mestu haldið sig á mottunni síðan þeir tóku við Manchester-liðinum sumarið 2016.

Lið undir stjórnm Guardiola og Mourinho hafa mæst 21 sinni. Spánverjinn hefur yfirhöndina í leikjum þeirra á milli. Hann hefur unnið tíu leiki, Mourinho fimm og sex sinnum hefur orðið jafntefli. – ips



Leikmenn Manchester City eru í góðri æfingu við að fagna mörkum enda skorað heilan helling af þeim á undanfarin misseri. NORDICPHOTOS/GETTY



CHRISTMAS jólatré með LED ljósi.
Gengur fyrir rafhlöðum. H32 cm. 3.995 kr.
H37 cm. 4.995 kr.



SIRIUS
SHINING MOMENTS

LIVA stjarna. Gengur fyrir rafhlöðum.
H30 cm. 40 LED ljós. 3.495 kr.
H70 cm. 80 LED ljós. 6.995 kr.

30%
AF ÖLLUM
JÓLALJÓSUM

TILBOÐ GILDIR TIL OG
MEÐ 12. NÓVEMBER




SIRIUS
SHINING MOMENTS

OLINA jólatré úr keramik með ljósi. 10 cm. 2.495 kr. 12,5 cm. 2.995 kr. 15,5 cm. 3.495 kr.



SIRIUS
SHINING MOMENTS

CLARA könglar. LED ljós. Ø8 x 10 cm. Gengur fyrir rafhlöðum. 2.995 kr.



SIRIUS
SHINING MOMENTS


OLINA stjarna. Ø8 cm. 2.995 kr.
Gengur fyrir rafhlöðum.



b
BRÖSTE
COPENHAGEN
NORDIC SINCE 1955

25%
AF NORDIC
MATARSTELLI

NORDIC matarstell. Coal, sandlitáð eða grátt.



SIRIUS
SHINING MOMENTS

AGNES stjarna. LED.
H10 cm. 2.995 kr. Gengur fyrir rafhlöðum.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



ALBERTA
Borðstofustóll,
grátt PVC áklæði.

6.743 kr. -8.990 kr.



YORK
Borðstofustóll.
Þrjú litir í PU-leðri; svartur,
koniaksbrúnn og kúrekagrár.

11.992 kr. -14.990 kr.



LAKE
Borðstofustóll. Svartir færur og
kúrekagrátt PU-leður.

19.992 kr. -24.990 kr.

Notalegur nóvember fyrir lifandi heimili

Ótrúlegt úrval borðstofuborða og -stóla



Stækkanlegt í 274 cm
með innbyggðri
stækkun.

NORDIC
Vandað borðstofuborð frá
Skovby. Olúborin eik allan
hringinn eða hvítuð olúborin
eik og svart nano yfirborð
Stærð: 100 x 183/274 x 74 cm.



Olúborin eik
185.069 kr. -198.999 kr.



Hvítuð, olúborin eik með svörtu nano
227.384 kr. -244.499 kr.



PHENO
Borðstofuborð, hringlaga úr spónlagðri
hnotu. Stærð: Ø 106 cm H: 75 cm

**39.593 kr.
-59.990 kr.**



IBIZA
Eldhúsborð, hvítt eða eik.
Stærð: Ø 110 cm H: 74 cm

**29.993 kr.
-39.990 kr.**



Hátíð í Höllinni

Þú finnur nýjustu bækling

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður 10 – 18 virka daga
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

86.243 kr. ~~114.990 kr.~~

IDdesign



JOHN

Hægindastóll. Slitsterkt áklæði, 4 litir; gulur, blár, ljós- og dökkgrár.

22.493 kr. ~~29.990 kr.~~

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF FALLEGUM GJAFAVÖRUM



1. Broste hnífapör Titanium gold 4x4 hlutir **22.900 kr.** • 2. Jimu Moscow Mule stálkönnur í svörtu eða brons, hömruð kannu **1.690 kr.**, slétt kannu **1.790 kr.**, stórt martini glas **1.990 kr.** • 3. Kay Bojesen Ruth söngfuglar, rauður/bleikur 15 cm **10.490 kr.**, víðarlitir 16 cm **14.490 kr.** • 4. Ralph Lauren Holiday ilmkerði sem færir þér jólin. Kertið kemur í fallegri gjafaöskju **7.990 kr. stk.** • 5. Sophia stytur í úrvali, m.a. Nike verð **5.790–29.990 kr. stk.**



LA Z BOY

ETHAN

LA-Z-BOY hægindastóll. Dökk- og ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 81 x 103 cm H: 109 cm

87.992 kr.
~~109.990 kr.~~

ETHAN er einnig fáanlegur í nokkrum litum í leðri og bæði 2ja og 3ja sæta sófi í áklæði eða leðri



EMBRACE

Hægindastóll. Svart eða grátt PU-leður og svart sléttfauel.

26.243 kr.
~~34.990 kr.~~



PASO DOBLE

U-sófi frá Furninova. Hægri eða vinstri tunga. Corrie Night grásprengrt áklæði. Stærð: 375 x 156/258 x 80 cm

374.993 kr. ~~499.990 kr.~~

furninova

Verð og vörupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

HÚSGAGNA HÖLLIN

ana okkar á husgagnahollin.is

Airwaves er líka fyrir börn

Í Norræna húsinu verður haldið off-venue fjölskyldufjör í dag. Börn og ungmenni fá að prófa að spila á hljóðfæri, spila á sviði með reyndu tónlistarfólki og dansa reif.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Það verður ekkert til sparað á fjölskyldu-Airwaves Norræna hússins í dag. Viðburðurinn stendur yfir frá ellefu til fjögur. Það er ókeypis aðgangur og börnin fá að prófa að spila á ymis hljóðfæri og standa á sviði. Opnaður verður tónlistarleikvöllur. Leiksvæði þar sem börn geta prufað hljóðfæri og hljóðforrit, leikið sér með hljóð og samið tónlist undir leiðsögn tónlistarfólks. Klukkan þrjú hefst svo fjölskyldureif sem Dj Yamaho, betur þekkt sem Natalie Gunnarsdóttir, stýrir. Fjölskyldur geta sameinast í danspartí og búningar, glimmer og sjálflyfsandi aukahlutir hjartanlega velkomnir. „Ég ætla að spila danstónlist frá niunda áratugnum í



Natalie og félagar taka á móti barnafjölskyldum og lofa stuði og stemningu á reifi í Norræna húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ÞAÐ VERÐUR MIKIÐ UM NEONLJÓS OG LEISERLJÓS

ÞANNIG AÐ ÞAÐ MYNDI EKKI SKEMMA AÐ MÆTA Í

EINHVERJU HRESSANDI.

bland við nýtt. Þetta snýst allt um stuð og það er akkúrat það sem verður á boðstólum,” segir Natalie um tónlistarvalið og lofar mjög góðri stuðstemningu. „Já þetta verður mega stemning. Það er búið að búa til alvöru reifstemningu í Norræna húsinu og ég virkilega hlakka til að fá krakkana og foreldrana með á dansgölfid,” segir hún.

Natalie á ekki börn sjálf en vinir hennar ætla að mæta með börnin sín. Hún gefur það heilræði að fólk mæti bara eins og það er stemmt og eins og það langar til. „Fólk mætir bara eins og því liður best. Það verður mikið um neonljós og leiserljós þannig að það myndi ekki skemma að mæta í einhverju hressandi,” segir hún.

Síðasti skiladagur á jólum í skókassa í dag

Jól í skókassa er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn jafnt sem fulloröna til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Gjafirnar eru settar í skókassa og til þess að tryggja að öll börnin fái svipada jólagjöf er mælt til þess að ákveðin hlutir séu í hverjum kassa. „Við mælum með því að setja leikföng, skóladót, snyrtidót, fót og




Grima Katrín.

sælgæti,” segir Grima Katrín Ólafsdóttir, einn aðstandenda verkefnisins. Síðasti skiladagur í ár er í dag, 10. nóvember. Það er hægt að skila kössum inn á Holtaveg 28 til klukkan fjögur. KFUM og K í Úkraínu dreifir þeim á munaðarleysingjahemili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra. Alltaf fara einhverjir frá Íslandi til að afhenda gáminn og fylgjast með útteilingunni eftir megni. Grima Katrín fór um síðustu jól



ÞAU GLÖDDUST SVO INNILEGA VIÐ ÞAÐ AÐ FÁ GJAFIR.

til að dreifa gjöfum. „Mér fannst virkilega erfitt að fara frá þeim. Þau glöddust svo innilega við það að fá gjafir og mig langaði ekki til að fara, heldur til þess að gera meira fyrir þessi börn,” segir hún frá. – kbg



Um helgina

Ögrandi og óvenjuleg

Ritsafn Dags Sigurðarsonar geymir verk hans frá árunum 1957-1994, öll ögrandi og óvenjuleg. Skemmtilegar myndir prýða bókina, bæði af málverkum listamannsins og honum sjálfum.



Bodyguard á Netflix

BBC spennuþáttaröðin The Body Guard hefur slegið í gegn á Netflix. Þættirnir voru teknir til sýninga 24. október. Aðalsöguhetjur eru lífvörðurinn David Budd (Richard Madden) og dómsmálaráðherrann Julia Montague (Keeley Hawes).



Hagavagninn

Hagavagninn er nýpnaður staður við Vesturbæjarlaug þar sem þeir félagar Emmsjé Gauti og Ólafur Örn Ólafsson matgæðingur framreiða hamburgara. Sérstaklega mælum við með kjúklingavængjunum.



Bohemian Rhapsody

Sama hvað þér kann að finnast um Queen þá er þessi bíómynd frábær skemmtun fyrir alla. Meira að segja miðaldra nöldurkarla, ruddalegar týpur með vonlausan tónlistarsmekk.

VIÐ SÝNUM VILJA Í VERKI



Jafnaunaúttekt
PwC
2018

Við hjá Landsneti tökum með stolti við gullmerki Jafnaunaúttektar PwC. Viðurkenningin hvetur okkur áfram til að gera enn betur í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna.

LANDSNET



„Ég er reyndar öll orðin hvít núna. Með hvítar augnabráunir og augnhár. Mér fannst þetta ómögulegt í fyrstu en þegar dr. Hamid sagði mér hvað hann væri glaður að sjá mig svona – það þýddi að meðferðin væri að virka vel – þá tók ég útlitið í sátt. Þetta eru sigurörin mín,“ segir Elisabet Ronaldsdóttir sem gekkst undir svokallaða ónæmismeðferð við krabbameini. MYND/MÁNI HRAFNSSON

Þetta eru sigurörin mín

Elisabet Ronaldsdóttir, færasti kvikmyndaklippari landsins, var greind með fjórða stigs krabbamein fyrir rúmu ári en er nú laus við meinið. Elisabet gekkst undir ónæmismeðferð í Los Angeles og segist óska sér að hér heima á Íslandi sé hægt að byggja upp viðlíka þjónustu.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Það er blámorgunn í Vancouver. Elisabet Ronaldsdóttir fær sér morgunbollann á meðan hún ræðir góðar fregnir af heilsu sinni við blaðamann í Reykjavík. Elisabet var greind með fjórða stigs krabbamein (melanóma) sem hafði dreift sér í bris. Hún er nú laus við meinið eftir að hafa gengist undir ónæmismeðferð hjá einum færasta sérfræðingi Bandaríkjanna í slíkri meðferð, dr. Omid Hamid.

„Ég er í skýjunum, það er erfitt að finna orð yfir það hversu hamingjusöm ég er að fá þessa niðurstöðu,“ segir Elisabet.

„Það eru svo margir þættir sem koma að bata mínum. Einn er að hafa réttar tryggingar, annar er að ég á vini sem fundu lækinn minn, dr. Hamid, og fengu hann til að taka við mér.“

Ég veiktist alvarlega í Vancouver í Kanada og var flutt þaðan til dr. Hamid á Cedars-Sinai-sjúkrahúsið í Los Angeles. Ég hef sem betur fer sjaldan farið á sjúkrahús. Helst til að eiga blessuð börnin mín en fór reyndar í litla aðgerð á Íslandi þar sem eitlar voru fjarlægðir, það var nokkrum mánuðum áður en ég veiktist fyrst. Það var einföld aðgerð og ekkert mál. En svo tók þetta sig

upp og ég varð svona hræðilega veik,“ segir Elisabet.

Eins og í visindaskáldsögu

Dr. Hamid er stórkostlegur sérfræðingur og virtur um allan heim fyrir það sem hann er að gera hjá The Angeles Clinic. Hann sérhæfir sig í melanómakrabbameini en vegna þess hve vel gengur í þessum ónæmifræðum er hann líka farinn að meðhöndla fólk með lungna-, brjóst- og heilakrabbamein, svo dæmi séu tekin,“ segir Elisabet.

„Hann er sérstök týpa. Ég vissi það um leið og ég hitti hann að ég gæti treyst honum. Stundum reynir maður að hafa einhver itök en ég hef ekki einu sinni yfirborðsþekkingu á þessum fræðum. Ég var því fegin og þakklát að gefa honum stjórnina,“ segir Elisabet.

Hún segist aldrei hafa komið inn á viðlíka sjúkrahús og Cedars-Sinai í Los Angeles. „Þetta var eins og geimstöð. Allt svo glæsilegt. Stundum fannst mér lækarnir vera eins og hólógrömm. Eins og ég væri í visindaskáldsögu. Dr. Hamid kynnti mig þar fyrir persneska hernum sínum eins og hann kallaði lækna-teymið.“

Á hverjum morgni hitti ég sex eða sjö lækna. Ég hitti til dæmis skurðlækni á hverjum morgni, þó að það stæði aldrei til að skera mig. Ég var



ÉG VEIKTIST ALVARLEGA

Í VANCOUVER Í KANADA

OG VAR FLUTT ÞAÐAN TIL

DR. HAMID Á CEDARS-

SINAI-SJÚKRAHÚSIÐ Í

LOS ANGELES. ÉG HEF SEM

BETUR FER SJALDAN FARID

Á SJÚKRAHÚS. HELST TIL

AÐ EIGA BLESSUÐ BÖRNIN

MÍN EN FÓR REYNDAR Í

LITLA AÐGERÐ Á ÍSLANDI

ÞAR SEM EITLAR VORU

FJARLÆGÐIR.

ekki með skurðtækt mein. Samt gáfu allir lækarnir sér tíma til að fylgjast með. Ég geri mér fulla grein fyrir því hvað það voru mikil forréttindi að hljóta þessa meðferð,“ segir hún.

„Þegar dr. Hamid sagði mér að ég þyrfti að fara í jáeindaskanna, þá var ég bara í huganum farin í ferðalag. Reynslan að heiman er kostuleg þar sem maður þarf að ferðast milli landa í slíkan skanna. En svo var ég bara komin í skannann eftir korter. Allar rannsóknir voru gerðar strax og án umstangs.“

Þróunin er stórkostleg

Það væri mikil gæfa ef við á Íslandi tækjum þá ákvörðun að forgangsraða pening inn í heilbrigðiskerfið og veita fjármagni í nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir. Það er ekki eins og okkur skorti snillingana og í krafti smáðar okkar og ríkiðæmis ættum við að geta haldið gangandi heilbrigðisþjónustu á heimsmeilivörða fyrir alla Íslendinga. Eitt-hvað sem við öll gætum verið stolt af. Ég er samt alfaríð á móti einkavæðingu í heilbrigðisgeiranum og alls ekki á leiðinni í framboð,“ segir Elisabet og skellihlær.

Meðferðin sem Elisabet hlaut hefur vakið heimsathygli. „Þróunin er stórkostleg, þeir eru að fá Nóbelsverðlaunin fyrir framlag sitt til læknavisinda. En á sama tíma ➔



BESTU LÚXUSJEPPARNIR ERU FRÁ VOLVO

VOLVO XC60 AWD HEIMSBÍLL ÁRSINS 2018

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti bíllinn hjá Euro NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi Íslenskra bílblaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna.

Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðafnum sem gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

XC60 AWD dísil verð frá: 7.290.000 kr.
XC60 AWD T8 tengivinn verð frá: 8.890.000 kr.

VOLVO XC90 AWD MARGVERÐLAUNADUR LÚXUSJEPPI

Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglast í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bíll ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti bíllinn og öruggasti stóri jeppinn af Euro NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandarísku umferðaröryggisstofnuninni (IIHS).

Volvo XC90 AWD er skandinavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengivinn verð frá: 10.190.000 kr.

VOLVO XC40 AWD BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2018

Það eru breyttir tímar. Meira er ekki lengur allt. Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft. Engu er ofaukið. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjörnur í árekstrarprófunum Euro NCAP. Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.

XC40 AWD dísil verð frá: 6.290.000 kr.
XC40 AWD bensin verð frá: 6.690.000 kr.



MADE BY SWEDEN

Komdu og skoðaðu þessa frábæru verðlaunajetta
í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bildshöfða 6



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bildshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

veit ég að það er mjög persónubundið hvernig fólk tekur meðferðinni og líka hvernig henni er beitt. Ég fór til dæmis í stóra genarannsókn áður en meðferð hófst þar sem dr. Hamid reyndi að greina hvaða lyf myndu henta mér best.

Eins og ég er himinlifandi, þá er ekkert sem segir að einhver sem fær sömu meðferð fái sömu niðurstöðu. Persneski læknaheirinn minn og dr. Hamid eru í skýjunum yfir þessu. Ég losnaði svo hratt við þetta. Nú er bara verið að trappa mig niður af sterunum. Ég hlakka til að sjá betur í andlituð á mér, ég er auðvitað svolítið bólgin ennþá. Eins og fullt tungl," segir hún og hlær.

Sprenging í tilfellum

Elisabet segir að þó að hún hafi verið greind með húðkrabbamein hafi aldrei fundist á henni blettur.

„Aldrei grunaði mig að ég myndi fá húðkrabbamein. Ég er aldrei í sól og það fannst aldrei illkynja blettur. En lækarnir sögðu mér frá því að það hefði orðið sprenging í tilfellum og það er vegna þess að ósonlagið er að þynnast," segir Elisabet og segir skaðlega geisla eiga greiðari leið að fólki. „Þú átt að vera með sólarvörn þó að það sé mið nótt. Þó að það sé rigning. Það er eitthvað sem við verðum að skoða líka. Við getum ekki bara meðhöndlað krabbamein, við verðum að verjast því líka. Auðvitað er besta leiðin að fylgjast með blettum. En þessu finnst mér vert að vara við. Ósonlagið er sérstaklega þunnt yfir Íslandi. Fyrst þegar ég veiktist þá hugsaði ég með mér að nú væri sólin í Hollywood að drepa mig. En líklega voru það geislarnir heima.“

Elisabet er einn færasti og farsælasti kvikmyndaklippari landsins og þegar hún veiktist stóð hún á hátindi ferils síns.

Í veikindunum klippti hún stórmyndina *Deadpool 2* og nú þegar hún er að ná fullri heilsu er hún tilbúin að taka aftur að sér stærri verkefni.

„Ég trúi því að það hafi á vissan hátt hjálpað mér að hafa fulla vinnu samhlíða meðferðinni. Því ég hafði um eitthvað annað að hugsa en krabbamein. Þegar ég útskrifaðist af sjúkrahúsinu í Los Angeles var mér boðið að koma aftur til vinnu á *Deadpool* sem ég gerði og kláraði verkefnið. Það fannst mér gott. Ég þurfti síðan að hafna fullt af spennandi verkefnum vegna þess að ég var bundin í meðferð í borginni. En ég hef verið nógu lukkaug til að fá smærri verkefni til að halda mér upptekinni í gegnum meðferðina. Ég er náttúrulega algjör vinnuálki," segir hún og hlær. „Það er alveg deginum ljósara. Mér finnst svo gaman í vinnunni. Allir sem hafa fengið krabbamein finna fyrir því hvað þetta er mikil árás á líkamann. Hvað maður missir mikla stjórn á lífi sínu. Ég held það sé engin ein leið til að takast á við það. Það er persónubundið hvað hentar fólki í þessum aðstæðum. Ég hef þá barnslegu trú að ég geti nært vissar aðstæður með því að hugsa of mikið og tala mikið um þær, og er því fegin að hafa haft annað að hugsa um en þessi veikindi," segir Elisabet.

Sátt við sigurörin

„Í ágúst ákvað ég að fara aftur til Vancouver í verkefni á veggum Netflix," segir Elisabet og segir það hafa verið góða tilfinningu að takast á við slæmar minningar sem hún átti frá borginni vegna veikinda sinna þar.

Elisabet segir stuðning ástvina sína mestu gæfu. Máni Hrafnsson, elsti sonur hennar, kom til hennar og hefur fylgt henni og aðstoðað í meðferðinni.

„Sonur minn og börnin mín öll hafa verið eins og klettur. Máni lagði allt til hliðar og kom til að vera hjá mér. Ég er tossi og aldrei dettur mér í hug að neitt slæmt komi fyrir. Bara það að hann hafi komið að sortera allt í sambandi við tryggingar og annað var svo



„Dauðinn er ekki eitthvað sem ég þarf að hræðast og þá veit ég það," segir Elisabet. MYND/MÁNI HRAFNSSON



ÞAD GENGUR EKKI AÐ LIFA

Í ÓTTA. EN ÞAD ER GOTT

AÐ VERA SKYNSAMUR.

VERA MEÐVITAÐUR UM

HÆTTURNAR. HUGSA

ÁGÆTLEGA UM HEILSUNA.

ótrúlega mikilvægt. Ég hefði aldrei getað gert þetta án hans. Svo var hann bara með mér í marga mánuði og hann er hér einmitt núna," segir Elisabet og kallar á son sinn sem gægist á tölvuskjáinn og heilsar blaðamanni. Það er óhætt að segja að mæðingin séu lík.

„Já, við hlajum oft að því hversu lík við erum," segir Elisabet. „Ég er reyndar öll orðin hvít núna. Með hvítar augnabrunir og augnhár. Mér fannst þetta ómögulegt í fyrstu en þegar dr. Hamid sagði mér hvað hann væri glaður að sjá mig svona – það þýddi að meðferðin væri að virka vel – þá tók ég útlitið í sátt. Þetta eru sigurörin mín.“

Enginn ótti

Hún segist hafa uppgötvað í veikindunum að hún væri ekki hrædd

við dauðann. „Lifið er fallvalt og allt getur gerst. Ég verð að segja eins og er að mér finnst ég ekki breytt manneskja eftir þetta allt saman. Ég upplifi ekki að ég hafi stærri tilgang í lífinu. Ég varð ekki fyrir trúarlegri upplifun. En dauðinn er ekki eitthvað sem ég þarf að hræðast og þá veit ég það. Ég fann ekki fyrir neinum ótta. Ég hafði auðvitað áhyggjur af börnunum. En nú er bara orðið bjart.“

Hún segir mikilvægt að lifa ekki í ótta við að fá krabbamein. „Nei, það gengur ekki að lifa í ótta. En það er gott að vera skynsamur. Vera meðvitaður um hætturnar. Hugsa ágætlega um heilsuna. Ég er ekkert líkamsræktarnörd en meðferðin gekk betur því ég var í góðu formi.“

Hlutir geta dumið yfir og það er ágætt að vera undir það búinn," segir Elisabet.



Í ónæmismeðferð eru náttúrulegar varnir einstaklingsins til að berjast gegn sjúkdómnum efldar.

Hvað er ónæmismeðferð?

Ónæmismeðferð í krabbameinslækningum felst í því að virkja ónæmiskerfi einstaklingsins í baráttunni við krabbamein. Meðferðin er tiltölulega ný, þó að lækna hafi allt frá því snemma á síðustu öld freistað þess að efla náttúrulegar varnir einstaklingsins til að berjast gegn sjúkdómnum.

EKKI er langt síðan ónæmismeðferð bættist í flokk meðferðarúrræða sem staðið hafa sjúklingum, og læknum þeirra, til boða. Hingað til hafa úrræðin verið skurðaðgerð, geislameðferð og lyfjameðferð.

Ónæmismeðferðin á uppruna sinn í tilraunum James P. Allison og Tasuku Honjo en þeir sýndu fram á það hvernig ákveðin prótein hamla virkni T-fruma ónæmiskerfisins (svokallaðra drápsfruma) í þeirri miklu orrustu sem geisar í líkamanum þegar krabbameinsfrumur brjótast fram. Með því að bæla þessi tilteknu prótein er hægt að virkja ónæmiskerfið frekar í viðureigninni við krabbamein. Allison og Honjo fengu á dögnum Nóbelsverðlaun í læknisfræði fyrir rannsóknir sínar.



Allison og Honjo.



ÓNÆMISMEÐFERÐ

VIÐ KRABBAMEINI ER STUNDUÐ HÉR Á LANDI OG HEFUR GEFIÐ GÓÐA RAUN.

Engin töfralausn er fölginn í ónæmismeðferð. Hún mun ekki virka fyrir alla krabbameinsjúklinga og sem stendur er hún fyrst og fremst notuð hjá einstaklingum sem eru langt leiddir í veikindum sínum, og þá yfirleitt samhlíða hefðbundinni lyfjameðferð.

Ónæmismeðferð við krabbameini er víða stunduð í dag, þar á meðal hér á landi, og hefur gefið góða raun.

NYTT!

- 1 1 K R .

- 0 9 K R .

- 0 7 K R .

Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.

Þú færð meiri afslátt eftir því sem þú mætir oftar.
-7, -9 eða -11 krónur af hverjum lítra í hvert skipti*

Kynntu þér afsláttarþrep Orkunnar á orkan.is.

* Gildir eingöngu með kortum og lyklum Orkunnar. Gildir ekki á X-stöðvum Orkunnar.


ORKAN

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Það var ekki auðvelt að segja frá en mér fannst það nauðsynlegt. Þetta er svo persónulegt að ég ætla ekki einu sinni að selja bókina úti í bóka-búð," segir Dagný Maggýjar sem gefur út bók um móður sína.

Móðir hennar ólst upp í hópi 13 systkina á Langanesi, lengst af í Heiðarhöfn sem nú er komin í eyði. Bók Dagnýjar kallast Á heimsenda, sem er bæði vísun í æskuslóðirnar og veikindi móðurinnar. Hún byggir frásögnina á viðtali sem hún tók við móður sína áður en hún lést og því fylgdi hún eftir með viðtölum við systkini hennar og æskuvini.

„Þetta er persónulegt verkefni og því gef ég bókina út sjálf og fólk verður að setja sig í samband við mig ef það vill kaupa bókina. Ég get líka komið í heimsókn til fólks sem vill ræða við mig um efni hennar," segir hún.

Dagný rifjar upp með blaðamanni ástæðu þess að hún settist niður til að skrifa sögu móður sinnar.

„Fyrir átta árum. Stuttu fyrir sextugsafmæli sitt fór móðir mín í einfalda lýtaaðgerð. Þegar hún vaknaði eftir aðgerðina var hún orðin geðveik. Aðeins fjórtán mánuðum síðar misstum við hana í sjálfsvígi. Þetta var ráðgáta sem ég vildi reyna að leysa. Þetta var áskorun. Þetta var ferðalag í leit að svörum," segir Dagný.

„Ég vildi gera tilraun til þess að setja andlit á þetta orð. Sjálfsvíg. Það er líf og manneskja á bak við tölfræðina. Eg er líka að takast á við mína eigin fordöma og skömmina sem fylgdi því að missa móður mína úr sjálfsvígi," segir hún.

Fagfólk hefur stundum stigið fram og varað við því að ræða þessi mál-efni?

„Þetta er viðkvæmt og það þarf að vanda sig. En það er miklu verra að þegja. Það verður að vera hægt að ræða þessi mál efni. Þannig miðar okkur miklu frekar áfram. Við erum ekki að standa okkur nægilega vel. Hvorki í meðferðarúræðum né forvörnum," segir Dagný.

Hún segist hafa upplifað að hafa brugðist móður sinni. „Ég var mikið með henni í þessum veikindum sem hófust strax eftir að hún fór í aðgerðina. Það gerðist eitthvað í þessari aðgerð. Ég týndi mömmu. Hún var orðin farveik eftir aðgerðina. Það fór einhver spirall af stað sem við náðum aldrei að stöðva. Hún gerði þrjár tilraunir til sjálfsvígs áður en hún lést," segir Dagný frá.

„Við fengum aldrei svör. Við vorum öll dofin og fengum engin svör. Hvað gerðist eiginlega? Mamma var glaðlynd og tilfinningarík kona. Dugleg, samviskusöm og metnaðarfull. Svo bara gerist þetta og svona ofsalega hratt," segir Dagný.

Tveimur árum eftir að hún lést fann Dagný upptöku með viðtali sem hún hafði sjálf tekið við móður sína. „Ég hafði gleymt því að ég tók þetta viðtal við hana. Ég hlustaði á viðtalið og fór að raða aftur saman myndinni af mömmu. Ekki sjálfsvíginnu, heldur henni. Hún var svo miklu meira en það hvernig hún fór," segir hún.

Dagný ræddi við systkini móður sinnar og vini og bókinn er skrifuð í sátt og samlyndi við ástvini hennar. „Ég þurfti að fá meiri upplýsingar um æsku hennar og uppvöxt. Þegar hún fékk fyrsta kvíðakastið eftir aðgerðina þá grét hún og spurði mig: Af hverju var mér kastað á milli veggja? Af hverju vildi pabbi þinn mig ekki?

Ég hugsaði með mér: Hvaðan kemur þetta? Ég vissi ekki betur en að hún hefði átt góða æsku. Það er auðvitað þannig að þegar svona mikil veikindi koma upp er eitthvað undirliggjandi. Fólk harkar af sér. Mamma hefur líklegast gert það. En svo eldist fólk og varnirnar bresta.

Hún talaði um í veikindum sínum að það lægi farg á sálinni," segir hún.

Myndin af mömmu

Magnea Guðný Stefánsdóttir fór í einfalda lýtaaðgerð stuttu fyrir sextugsafmælið sitt. Þegar hún vaknaði eftir aðgerðina hafði eitthvað brostið innra með henni. Fjórtán mánuðum síðar batt hún enda á líf sitt.



ÉG HAFDI GLEMYT

ÞVI AÐ ÉG TÓK ÞETTA

VIÐTAL VIÐ HANA.

ÉG HLUSTADI Á

VIÐTALIÐ OG FÓR AÐ

RÁÐA AFTUR SAMAN

MYNDINNI AF MÖMMU.

„Þetta er viðkvæmt og það þarf að vanda sig. En það er miklu verra að þegja," segir Dagný Maggýjar. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK



Innovation
that excites

NISSAN **I**NTELLIGENT **M**OBILITY



X-TRAIL

ACENTA+ 4WD, SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL
VERÐ FRÁ: 6.290.000 KR.
AFSLÁTTUR 500.000 KR.
TILBOÐ: 5.790.000 KR.

QASHQAI

ACENTA 2WD, SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL
VERÐ FRÁ: 4.490.000 KR.
AFSLÁTTUR 500.000 KR.
TILBOÐ: 3.990.000 KR.

TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN NISSAN Á GÓÐU VERÐI

VERIÐ VELKOMIN TIL OKKAR Í REYNSLUAKSTUR

Nánari upplýsingar á nissan.is

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





„Mörgum er bjargað með lyfjagjöf og meðferð. En hún virkar ekki alltaf og þá verðum við að reyna að gera eitthvað nýtt. Við verðum bara að gera betur,“ segir Dagný. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Brot út bókinni

Ég fylgdi henni inn á deild 32C þar sem hún fékk úthlutað rúm inni á tveggja manna herbergi, hún var eini sjúklingurinn þar. Starfsmaður geðdeildar kom og fór yfir innihaldið í töskunni hennar, tók lyf og annað sem hugsanlega mætti skaða sig með – henni yrðu skömmuð lyfin á deildinni. Við kvóddum hana og hurðin skall í lás á eftir okkur. Móðir okkar var komin inn á geðdeild. Hvað var að gerast?

Mamma vildi ekki fara á Klepp. En við gáfum henni ekki val. Það var systur minni mikil raun að sitja á móti henni í matsalnum á geðdeild þar sem hún grét ofan í grautinn sinn eins og barn. Daginn eftir færi hún á Klepp.

Mamma horfði á mig svörtum augum og sagði skyndilega ákafri röddu: „Ekki yfirgefa mig!“ Þetta var ákall. Ekki vissi ég þá að þegar nýr dagur risi myndi hún yfirgefa mig. Fyrir fullt og allt.

Ég kyssti hana á enníð og sagði henni að gefast ekki upp, ég myndi aldrei yfirgefa hana, bauð svo góða nótt og fór heim.

Að hverju komstu? Hvað var undirliggjandi sem varð til þess að heilsan brast?

„Mamma þurfti alltaf að berjast fyrir sínu. Það varð ljóst að faðir hennar, Stefán Magnússon, beitti hana andlegu ofbeldi. Það hefur örugglega haft áhrif að hún var tilfinningarík og viðkvæm. En sem betur fer var hún ákveðin og sterk og náði lengi vel að bjarga sér á dugnaðinum,“ segir Dagný og segir að aðstæður hennar hafi oft verið harðneskjulegar og að fjölskyldan hafi þurft að glíma við erfiðleika sem hún hafi tekið nærri sér.

„Föður hennar er lýst svona: Stefán var bæði gull og grjót. Hann gat verið sjarmerandi en réó öllu heima hjá sér. Hann tók til dæmis alltaf laun barnanna sinna. Fram á full-orðinsár eftir að þau fóru að vinna. Mamma reyndi alltaf að sanna sig fyrir föður sínum, gallinn var sá að hún var stelpa. Hún hætti aldrei að standa sig en undir lokin held ég að hún hafi verið orðin þreytt á því að þurfa alltaf að standa sig. En það var einstakt samband milli systkinanna, þéttur hópur, en þau kannast ekki öll við ofbeldi í æsku, enda gerði Stefán upp á milli barna sinna,“ segir hún.

Dagný vissi áður af ýmsum erfiðleikum. Móðir hennar gekk í gegnum mikla erfiðleika tengda fæðingu hennar. „Pabbi sleit trúlofunu hana þegar hún var orðin ófrísk. Þegar hún kom heim með mig af fæðingardeildinni henti afi henni út og sagði við hana: Hingað inn kemur þú ekki með þennan lausaleikskróga,“ segir Dagný og segir móður sína hafa verið í djúpri ástærsorg. Þá hafi hún upplifað mikla höfnun frá föður sínum. Því þrátt fyrir ofríkið dáði hún hann.

„Það er óendanlega sárt að hafa ekki getað hjálpað henni. Við vorum bjargarlaus. Það sem ég upp-götvaði í þessu ferli öllu saman er að við eigum ekki það heilbrigðiskerfi sem við höldum að við eigum. Heilbrigðiskerfið eins og það er skipulagt í dag nær ekki að halda utan um bráð veikindi eins og mömmu. Við þurfum að hugsa þetta upp á nýtt, gera hlutina öðruvísi,“ segir Dagný. „Mér finnst ákveðið vonleysi ríkja um geðsjúkdóma og hvernig við ætlum að takast á við þá. Ég held að allir séu að gera sitt besta. Fagfólk er allt á sínum stað að gera eins og það getur. En ef til vill er það ekki að



Maggý gengin fjóra mánuði með Dagnýju. Faðir hennar var ósáttur við hana vegna meðgöngunnar. Með henni á myndinni er Páll vinnufélagi hennar.



Dagný á góðri stundu með móður sinni sem þótti glaðlynd og dugleg.



Hluti systkinanna á Langanesi. Maggý situr í fangi systur sinnar Hafðisar (t.h.).



ALLIR VORU FAGLEGIR Í SÍNU EN TÖLUÐU EKKI SAMAN. ÞAÐ VANTADI MANNLEGA ÞÁTTINN.

vinna í því kerfi sem það óskar sér. Eða við góðar aðstæður. Það þarf þá að horfast í augu við það og gera betur. Svo finnst mér að það þurfi að koma til viðhorfsbreytingu. Bæði í kerfinu og samfélaginu öllu. Það er svo mikil harka sem einkennir samfélag okkar. Það er grundvallaratriði að vera góð hvert við annað, bæta lífsgæðin í okkar samfélagi og horfa betur á geðheilsuna,“ segir Dagný.

„Ég upplifði allan tímann með mömmu að það átti enginn hana eða hennar sjúkdóm. Það bar enginn ábyrgð, það talaði enginn við okkur. Þetta var vonlaust. Við

vissum ekkert hvernig við áttum að takast á við þetta. Allir voru faglegir í sínu en töluðu ekki saman. Það vantaði mannlega þáttinn,“ segir Dagný og segir að það megi ekki taka það af fólki að ræða upplifun sína af þjónustu í geðheilbrigðis-kerfinu.

Af hverri seldri bók renna 500 krónur til Hugrúnar, félags háskólanna sem sinna fræðslu um geðheilbrigði í framhaldsskólum og koma að fjölda forvarnarverkefna fyrir ungt fólk.

„Félagið er að gera það sem er til fyrirmyndar. Fræða ungt fólk um



UNDIR LOKIN HELD ÉG AÐ HÚN HAFI VERIÐ ORÐIN ÞREYTT Á ÞVI AÐ ÞURFA ALLTAF AÐ STANDA SIG.

» Af hverri seldri bók renna kr. 500 til Hugrúnar, félags háskólanna sem sinna fræðslu um geðheilbrigði í framhaldsskólum og koma að fjölda forvarnarverkefna fyrir ungt fólk.

» Bókin kemur út um miðjan nóvember og verður til sölu á Facebook síðu bókarinnar. <https://www.facebook.com/aheimsenda/>

geðheilbrigði. Ég vil styrkja þeirra starf því við erum alls ekki að gera nóg með börnum og unglingum. Við verðum að gæta þess að það verði aldrei til þetta farg á sálinni, eða gefa ungu fólki bjargráð til að ráða við erfiðleikana,“ segir hún.

Dagný missti einnig stjúp föður sinn, Þorstein Ívar Sæmundsson, í sjálfsvigi. „Hann hélt út í fimm ár eftir að mamma dó. En hann vildi strax deyja. Það var áfall að fara aftur í gegnum geðheilbrigðiskerfið eftir fráfall mömmu. Mörgum er bjargað með lyfjagjöf og meðferð. En hún virkar ekki alltaf og þá verðum við að reyna að gera eitthvað nýtt. Við verðum bara að gera betur,“ leggur Dagný áherslu á.

„Ég vil deila minni reynslu á því að mér finnst óþarfi að fólk standi eitt í þessu. Ég trúi því að það sé von. Það sé hægt að lifa svona bráð veikindi af. Ég trúi því líka að aðstandendur geðsjúkra hafi gott af umræðu um þessi málefni. Það þarf ekki að harka af sér hlutina í þögn. Ég veit að ef mamma hefði haft raunverulegt val þá hefði hún valið lífið. Allir gera það.“

ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ

MÚRBÚÐARVERÐ



BoZZ sturtuhorn
rúnað 6mm hert gler
80x80x195 **34.990**
90x90x195 37.990



BoZZ sturtuhorn
ferkantað 6mm hert gler
80x80x195 **34.990**



BoZZ glerþil
8mm hert gler
95x220 **23.990**
120x220 27.990



BoZZ baðþil
6mm hert gler
80x140 **12.990**



Gólf- og veggflísar frá 950 kr. m²



CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara
38.890

BoZZ sturtuklefi
ferkantaður m/stöng,
blöndunartækjum og
brúsu
80x80x200 **54.990**
90x90x200 59.990



BoZZ sturtuklefi
rúnaður m/stöng,
blöndunartækjum
og brúsu
80x80x200 **54.990**
90x90x200 59.990

Ríga salerni með setu,
gólf- eða veggstútur
21.990



CeraVID Hand-
laugarsett 45cm
með blöndunartæki
14.990



Sturtubarki
verð frá kr.
790

BOZZ- LH2205-1
Hitastýrð sturtutæki með upp eða niðurstút.
8.890 (rósettur fylgja)



Sturtuset
verð frá
2.890

Tower Nano sturtuset
11.990

GUOREN

Guoren Sturtuset
með hitastýrðum blönd-
unartækjum
34.990

Guoren 1L Hitastýrt
baðtæki standard
16.990



Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Netgíró
Betri leið til að versla

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Hver ertu þegar þú ert ekki þú sjálfur? Þessari spurningu reynir ljóðaslammskáldið Jón Magnús Arnarsson að svara í nýju verki sem var frumsýnt í gærkvöldi. Tvískinnungi. Verkið er að hluta til byggt á reynslu hans sjálfs af neyslu og stormasömu ástarsambandi.

Jón Magnús hefur verið edru í ett og hálf ár. Er þetta hans upprissasaga?

„Það að ég hafi skrifað verkið. Og að það sé verið að setja það á svið. Það er mín upprissasaga. En verkið sjálft, sagan, hún er að hluta til byggð á lífi mínu og reynslu áður en ég komst á þann stað að geta nýtt reynsluna til að skrifa leikritið,“ segir hann. „Þetta eru sumpart minningar og tilfinningar úr minni fortíð. Ég leyfi skáldskapnum að flæða yfir það sem raunverulega gerðist. Í leikritinu eru atburðir sem raunverulega gerðust. Samtöl sem áttu sér stað. En mestmegnis skáldskapur,“ útskýrir hann.

Verkið fjallar um atök í lífi leikarapars. Þau eru ástfangin í hlutverkum sínum á sviði og eiga einnig í brothættu sambandi utan sviðs.

Í forgrunni eru samskipti fólks í samböndum, hvernig það er sjaldnast einn algildur sannleikur þegar tveir deila lífi. Leikritið er í bundnu máli og með aðalhlutverk fara Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Haraldur Ari Stefánsson. Leikstjóri er Ólafur Egilsson.

Þó að Jón Magnús þreyti frumraun sína í leikhúsinu með sínu fyrsta handriti er hann ekki ókunnugur skáldskap. Hann er Íslandsmeistari í ljóðaslampi.

„Ég er á leiðinni á Evrópumeistarabót til Búlgaríu í lok nóvember. Svo fer ég seinna á heimsmeistarabót í Nottingham 2019. Ég hef verið að reyna að starta þessari senu með Ólöfu Rún Benediktsdóttir myndlistakonu.“

Þetta form tvinnar saman leik- og ljóðlist. Það er mikið um bundið mál þó stillinn sé frjálstur og virðist höfða bæði til yngri og eldri kynslóða.“

Jón Magnús greinir heiðarlega frá fortíð sinni.

„Ég var í stormasömu sambandi þar sem var mikið djamm. Við vorum bæði tvö svamlandi um í brestasúpu. Ég byggi svolitíð á því þótt ég vixli oft hlutverkum okkar. Sambandið var markað af lífern okkar. Maður var sjálfur rosalega týndur og brotinn.“

Hann segir tímanna líða á ógnarhraða í sinnuleysi neyslunnar. „Áður en maður veit af er maður orðinn tvítugur. Svo er maður allt í einu orðinn þrítugur. Svo þrjátú og fimmi! Og alltaf að spóla í svara farinu. Þegar neyslan hefst svona snemma. Á þessum móttunarárum, þá staðnar maður á ýmsum sviðum. Það vindur upp á sig því þegar maður er dofinn í neyslu þá verða verkfærin bitlaus. Maður nær ekki að vinna úr lífinu. Hvort sem það eru bara ósköp hversdagslegir hlutir, samskipti við fólk eða áföll. Maður er bara fastur í því að vera ekki maður sjálfur,“ segir Jón Magnús hreinskilnislega.

Hvernig náðir þú því að komast hingað?

„Ég varð loksins edru fyrir einu og hálfu ári síðan. Endanlega. Ég var tuttugu og fimmi ára gamall þegar ég fór að þrjátú og ein og reyna að losna. Ég náði að klára stúdentsþróf í fjar-námi og að gera einstaka hluti sem gerðu mér gott. Ég fór til dæmis út til Kaupmannahafnar í diplómanám í leiklist. Eins konar trúöskóla. En var samt útírdjammaður allan tímann. En ég var þó að gera aðra hluti en sömu gömlu tugguna í Reykjavík. En svo kom ég heim aftur úr námi og datt beint í sama farið og aftur í sambandið,“ segir hann frá.

Hvað með hana? Sem þú skrifa um, gerir þú það í sátt við hana?



Jón Magnús skrifaði leikverkið Tvískinnungur sem var frumsýnt í gærkvöldi í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON.

Maður verður dofinn í neyslu

Verkið Tvískinnungur, sem var frumsýnt í gær, byggir Jón Magnús Arnarsson á árum sínum í neyslu og af stormasömu ástarsambandi. „Leikritið var uppgjör mitt við óheiðarleikann,“ segir Jón Magnús.



Í KRINGUM HELGARNAR

SELDI ÉG LÍKA SMÁ-

SKAMMTA AF SPÍTTI OG

KÓKI. ÉG GERDI ÞETTA

ADALLEGA TIL AÐ FJÁR-

MAGNA EIGIN NEYSLU.

„Ég greindist henni frá því að ég hefði skrifað þetta. Hún var bara sátt við það. Þetta er heldur ekki realistísk heimildarverk. Þó að rauði þráðurinn sé úr mínu lífi og byggji á reynslu minni og tilfinningum,“ segir Jón Magnús.

„Leikritið var uppgjör mitt við óheiðarleikann. Svona lífern kallar á að ljúga að sjálfum sér. Fegra hlutina þótt allt sé komið í óefni. Sem dæmi var ég líka að selja á þessum tíma. Fyrst var það aðallega gras en í kringum helgarnar seldi ég líka smáskammta af spíttri og kóki. Ég gerði þetta aðallega til að fjármagna eigin neyslu. Ég var enginn gangster. Þetta

var bara ákveðin lausn. Mér fannst rökrétt að gera þetta í staðinn fyrir að vinna eins og brjálaðingur fyrir neyslunni,“ segir Jón Magnús og segist oft hafa verið tekinn af lögreglu.

„Það hafði bara þær afleiðingar að ég var lengur í skuld og þurfti að selja meira. Ég var hins vegar aldrei handrúkkadur þó að ég hafi upplifað alls kyns ofbeldi,“ segir Jón Magnús frá.

Hann segir verst við neysluna að vera ekki maður sjálfur og vera sinnulaus um tilveru sína.

„Það að vera fastur í sinnuleysinu, það er skelfilegt. Það eru svo margir sem halda að þeir séu bara að djamma svolitíð um helgar. En eru á



SVO ÞEGAR ÉG FÆRDIST

Á UNGLINGSALDUR ÞÁ

FANNST MÉR SJÁLFS-

MYNDIN EKKI HEIL. ÉG

UPPLIFDI SJÁLFSMYNDAR-

LEYSI. ÉG VAR BEKKJAR-

TRÚÐURINN EN VAR SAMT

LOKAÐUR.

þessum vonda stað. Ég held að við Íslendingar höldum flesta AA-fundi í heimi. Það er ótrúlegt hvað það eru margir fundir á dag víða um land. Þetta er þéttiríðið net og það er ekki vanþörf á og segir mikið um umfang vandans,“ segir hann.

Þú sagðist áðan hafa staðnað. Nærðu töpuðum þroska til baka?

„Nei, þú nærð því ekki til baka. Þroskast bara á annan hátt. Ég upplifi það þannig að ég hafi skilið hluta af mér eftir. Ég var sérstakur krakki. Mjög úr tengslum við raunveruleikann. Var mikið inni í höfðinu á mér og ekki jarðtengdur. Svo þegar ég færðist á unglingsaldur þá fannst mér sjálfmyndin ekki heil. Ég upplifði sjálfsmýndarleysi. Ég var bekkjartrúðurinn en var samt lokaður. Þegar ég byrjaði að djamma þá var mamma mjög hissa. Hún hváði bara og spurði: Ha? Þú? Og svo áður en ég vissi var ég orðinn fastur.“

Jón Magnús er úr mikilli leikara-fjölskyldu. Foreldrar hans eru Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri og Arnar Jónsson leikari. Tvö systkina hans hafa gert það gott í heimi leiklistar, Þorleifur Örn sem á dögnum var valinn leikstjóri ársins í Þýskalandi og Sólveig sem hefur átt farsælan feril í leikhúsi og sjónvarpi á Íslandi og í Þýskalandi.

„Flestir karlmenn í fjölskyldunni eru alkóhólistar. Meira að segja tengdasyrnir,“ segir hann glettinn. „Konumar, þær standa sterkar. Fá sér bara eitt rauðvínsglas og ekkert mál. Hvað er það?“ segir hann og hlær.

„Þegar bróðir minn varð edru tók ég við og byrjaði í neyslu. Ég hef fengið mikla hjálp frá fjölskyldunni en gaf lengi lítið fyrir það.“

Leiklistin, það er baktería? „Stóra bakterían í fjölskyldunni þótt ekki allir tilheyrir þessum heimi. Oddný systir min er til dæmis þrælmenntuð og að gera flotta hluti á öðrum sviðum. Mikil baráttukona fyrir betra samfélagi. Sumir eru hissa á því hvað ég virðist vita lítið um leikhúsið miðað við aðra í fjölskyldunni. Ég spurði hvað ég fengi borgað fyrir handritið og fólk var hissa. Það hugsaði kannski: Spurðu bara bróður þinn! En ég fékk kurteislegt svar og mér bent á að kíkja á heimasíðu Rit-höfundasambandsins,“ segir hann og brosir.


„Ég er svakalega stoltur af bróður mínum Þorleifi. Við erum að plana að ég fari út, verði í ferli með honum, sitji í salnum og skrifi.“

„Ég get stundum verið fullur af sjálfsvorkunum yfir glötuðum tíma. En það gengur ekki. Ég er tvífoldur og það má búast við meiru frá mér. Það að týna sér svona, það er áfall. Þegar maður rankar loksins við sér þá nýtir maður hvern dag til hins ýtrasta og reynir að finna sátt. Mikið af tíma hefur farið í rugl. Það verður ekki aftur tekið. En núna er það að baki. Lengi vel henti ég öllu á haugana en nú vinn ég úr hlutunum. Nú ætla ég að lífa, anda, njóta og skrifa.“

Netsölundagurinn

LAUGARDAGUR 10. NÓVEMBER 2018

Kynningar: Hóþkaup



Á morgun, sunnudaginn 11.11, er Singles' Day og þá ætla Heimkaup að lækka verðið svo um munar á 1111 vörum og gefa 11% afslátt af öllum öðrum vörum.

Singles' Day

– 11.11 er netútsölundagurinn

Kínverjar héldu fyrst upp á Singles' Day árið 1993 en í seinni tíð hefur dagurinn orðið stærsti netverslunardagurinn í Kína. Þessi hefð hefur svo náð fótfestu í hinum vestræna heimi undanfarin ár.



Singles' day
1111 vörur á risa afslætti
Allar aðrar vörur 11% afsætti



HEIMKAUP.IS



Heimkaup.is, stærsta íslenska vefverslunin, fyllir á hillurnar fyrir lætin sem hefjast á miðnætti á laugardag og standa í 24 tíma. MYNDIR/HEIMKAUP



11.11.
光棍节

Singles' day er á morgun!

1111 vörur á rísa afslætti

Allar aðrar vörur 11% afsætti

AÐEINS Í
24
TÍMA



33%
AFSLÆTTI

44.990
29.990

Práðlaus ryksuga
Gtech



44%
AFSLÆTTI

4.990
2.790

Real Techniques burstasett



55%
AFSLÆTTI

6.990
3.140

Oral-B rafmagnstannbursti



66%
AFSLÆTTI

11.990
4.050

Under Armour Hustle bakpoki



77%
AFSLÆTTI

8.890
2.045

Tré skurðarbretti 46x36
Jamie Oliver



88%
AFSLÆTTI

4.390
527

Bókin Lágkolvetalífsstíllinn

Frí heimsending samdægurs af öllum pöntunum yfir 4.900

HEIMKAUP.IS

H

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími: 550-2700

Undanfarnar vikur hafa starfsmenn Heimkaup.is verið í óðaönn að fylla á lagerinn í 2.000 fermetra vöruhúsi fyrirtækisins. „Það stendur mikið til því sunnudagurinn 11.11 rennur senn upp og við ætlum að lækka verðið svo um munar á 1111 vörum og gefa 11% afslátt af öllum öðrum vörum,“ segir Guðmundur Magnason, forstjóri Heimkaup.is. „Það eina sem við gefum ekki afslátt af er heimsendingin, hún er alltaf frí!

Singles' Day dregur nafn sitt af því að tölustafurinn „1“ líkast í dagsetningunni 11.11. eru bara „einstæðingar“. En þrátt fyrir að upprunalega hafi dagurinn hafi verið nokkurs konar hátið einhleptra breyttist hefðin fljótlega og nú er svo komið að dagurinn er stærsti netverslunardagur í heimi. Nú versla allir á Singles' Day, bæði einhlepptir og vel giftir,“ segir Guðmundur og hlær.

Fjórðöldun milli ára

„Singles' Day í fyrra kom okkur algerlega í opna skjöldu. Þá rúmlega fjórfaldaðist salan milli ára og við fundum að margir nýttu tækifærið til að kaupa jólagjafir á góðu verði. Við vissum að það yrði aukning milli ára en að fá rúmlega fjórðöldun var eitthvað sem okkur óraði ekki fyrir. En Singles' Day er greinilega kominn til að vera,“ segir Guðmundur. „Í fyrra seldist margt upp en við erum tilbúnir fyrir meiri hasar í ár, því við verðum með allt að 88% afslátt.“

„Það eina sem við gefum ekki afslátt af er heimsendingin, hún er alltaf frí.“

Nú í ár taka margir framleiðendur þátt í Singles' Day með því að lækka verðið til okkar, sem gerir okkur kleift að lækka verðið enn meira til neytenda,“ segir Guðmundur. „Tilboðin gilda aðeins í 24 tíma og þar



Guðmundur Magnason segir Singles' Day vera orðinn næst stærsta dag ársins hjá Heimkaup.is.

„Í fyrra seldist margt upp, en við erum tilbúnir fyrir meiri hasar í ár.“

sem tíminn er knappur eru framleiðendur oft tilbúnir að gefa okkur enn meiri afslátt.

Við erum að vonum spennit, því í ár gerum við ráð fyrir að Singles' Day marki upphaf jólaværslunarinnar,“ segir Guðmundur.

Hvað er vinsælast hjá Heimkaup.is?

„Það er ótrúleg breidd í því sem er vinsælast hjá okkur,“ segir Guðmundur. „Við sjáum samt að raftækin og leikföngin eru mjög vinsæl og svo líka útvistarfötin og snyrtivörurnar.“


Hverjir versla á Heimkaup.is?

„Margir myndu halda að landsbyggðin verslaði meira á vefnum en þeir sem búa í nágrenni við verslanir á höfuðborgarsvæðinu en svo er alls ekki,“ segir Guðmundur. „Við sjáum það að fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu er alveg jafn líklegt til að panta hjá okkur og þeir sem búa á landbyggðinni.“

NETSPRENGJA 11.11

KLÁRAÐU JÓLAGJAFIRNAR Á NETINU

22-40% AFSLÁTTUR



HEFST
Á MIÐNÆTTI
Í KVÖLD


AFSLÁTTUR Á

- SKOR.IS •
- AIR.IS •
- ELLINGSEN.IS •

ELLINGSEN.IS

Skór.is
netverslun

AIR.is



Á tímabilinu 23. júlí til 5. september, sem stundum er kallað „back to school“ tímabilið, eða aftur í skólann tímabilið, seldist varningur fyrir 58,1 milljarð Bandaríkjadala í Bandaríkjunum. Mest var keypt í gegnum borðtölvur (fyrir 38,5 milljarða dollara), 25% voru keypt með farsímum en afgangurinn í gegnum spjaldtölvur. NORDIC- PHOTOS/GETTY

Staðreyndir um vefverslun

SINGLES DAY
20-50% AFSLÁTTUR

AÐEINS Í NETVERSLUN CURVY.IS
HEFST Á MIÐNÆTTI SUNNUDAGS
11.11 OG AÐEINS Í 24 TÍMA



Curvy.is

Fákafeni 9, 108 Reykjavík | Sími 581-1552 | www.curvy.is

Vefverslun er enn hlutfallslega lítil miðað við smávöruverslun í heild en eykst þó sífellt. Vefsíðan CMO.com, sem sérhæfir sig í markaðsupplýsingum, tók saman nokkrar staðreyndir um vefverslun í Bandaríkjunum.

Sólveig
Gísladóttir
solvieg@frettabladid.is



Þrátt fyrir að hluti vefverslunar af heildarkökunni sé sístæklandi er hann þó enn fremur lítill, eða minni en 15 prósent af smávöruverslun á alþjóðavísu.

- Áætlað er að bandarísk vefverslun aukist um nærri 16% fyrir lok þessa árs og verði þá yfir 526 milljarðar Bandaríkjadala og þar með um 10% af smásölu markaðnum.
- Amazon er langvinsælasta vefverslunin í Bandaríkjunum en nærri helmingur allrar netverslunar fer fram í gegnum síðuna.
- Á tímabilinu 23. júlí til 5. september, sem stundum er kallað „back to school“ tímabilið, eða aftur í skólann tímabilið, seldist varningur fyrir 58,1 milljarð Bandaríkjadala í Bandaríkjunum. Mest var keypt í gegnum borðtölvur (38,5 milljarðar dollara), 25% voru keypt með farsímum (14,5 milljarðar dollara) en afgangurinn í gegnum spjaldtölvur (5,1 milljarður dollara).
- Áætlað er að bandarískir neytendur muni kaupa fyrir 124,1 milljarð á netinu í kringum júlín en það er um einn sjötti (kringum 16%) af heildarinnkaupum fólks í nóvember og desember.
- 57% af heimsóknum í vefverslanir eru í gegnum snjalltæki, það er síma og spjaldtölvur.
- Fólk vill vita hvað aðrir hugsa áður en tekin er ákvörðun um

kaup. Helst leitar það upplýsinga á samfélagsmiðlum.

- 63% neytenda höfðu áhuga á því að fá persónuleg meðmæli og meirihlutinn var til í að deila upplýsingum um sig í skiptum fyrir inneign, tilboð og ýmsa afslætti.
- Tölvupóstur er virkasta leiðin til að fá fólk sem skilið hefur eftir ókeyptar körfur í vefverslunum til að endurskoða. Ein könnun sýndi að 38% fólks sem hætti við kaup sneru aftur á síðuna til að ljúka kaupum sínum eftir að hafa fengið tölvupóst með afsláttarkjörum á hlutumum í körfunni.
- Í sömu könnun kom í ljós að 55% svarenda sögðust vera líkleg til að smella á auglýsingar sem birtast á vefverslunum sem bjóða sömu vöru og þeir eru að leita að á öðrum stað á lægra verði. 80% þeirra sem enduðu á að kaupa vöruna á betra verðinu voru líklegri til að kaupa aftur á síðunni sem lokaði þá til sín með auglýsingunni.
- 64% bandarískra netnotenda töldu mikilvægt að smásalar byðu upp á að fólk gæti keypt á netinu en sótt í verslun.
- Aðeins 2% eigenda Amazon Alexa hafa notað búnaðinn til að kaupa á netinu.
- Um 20% notenda sögðust myndu hugleiða kaup á hlutum eða þjónustu í gegnum svokallaðan chatbot.
- Meirihluti neytenda (56%) sagðist hafa notað eða vera spenntur fyrir að nota þrívíddar tækni þegar verslað væri á netinu.

HELGIN

LAUGARDAGUR 10. NOVEMBER 2018

Helgin



Sigmundur V. Kjartansson hefur fundið hugarró og slökun í bílskúrnum heima. Þar smíðar hann ýmislegt sem gleður augað, t.d. fallegar tréslaufur.

helgin →6

ENZYMEDICA.

Pizza í matinn?



Draumahelgin mætti vara lengur

Salvör Thorlacius, starfsmaður í Systrasamlaginu og annar eigandi fjölskyldukaffihússins Smástundar, sem stefnt er að því að opna á næsta ári, ætlar að eyða helginni í faðmlögum við dóttur sína Elsu Árnadóttur. Hún leggur mikið upp úr fjölskyldusamveru um helgar og vinnur að því að koma á fót fjölskylduvænu kaffihúsi í félagi við Kolbrúnu Töru Friðriksdóttur.



Salvör upplifði draumahelgi um síðustu helgi með kærastanum í bústað á Þingvöllum. MYND/ANTON BRINK

Vera
Einarsdóttir
vera@frettabladid.is



Salvör Thorlacius ætlar að verja helginni með dóttur sinni sem er tveggja og hálfis árs og er búin að vera hjá pabba sínum í viku. „Við ætlum að baka pitsu og hafa það huggulegt; lita, perla, fara í sund og á rólo.“

Hvernig er dæmigerð helgi?

Ég, Elsa og kærastinn minn Magnús Arnason reynum að baka pitsur á föstudagskvöldum. Ef ég er ekki að vinna í Systrasamlaginu á laugardeginum förum við á rólo og í sund og stundum í Húsdýragarðinn. Stundum fáum við Maggi foreldra mína til að hafa Elsu yfir nótt og förum aðeins út á lífið, en annars erum við frekar róleg og eyðum helginni í notalegheit.

Hvernig er draumhelgin?

Ég upplifði hana um síðustu helgi. Í ullarsokkum við arineld í bústað á Þingvöllum með kærastanum mínum og hundinum hans. Ég væri til í aðra svoleiðis draumhelgi nema með Elsu dóttur minni líka. Hún mætti líka endast lengur og mín vegna vara í fjóra og jafnvel fimm daga.

Hvað færðu þér í morgunmat um helgar?

Það er mjög misjafnt. Stundum er ég rosalega öflug mamma og baka amerískar pönnukökur, sker niður ávexti og steiki beikon. Mér finnst líka æðislegt að búa til bygggraut með kanil, rúsinum og eplum. Þá bý ég til stóran skammt sem dugar í nokkra daga. Ég er líka með algjört æði fyrir vegan ost-sneiðunum, sem fást meðal annars í Krónunni en osturinn er fullkominn með tómötum á maiskökur. Ég er þínútið að missa mig yfir þeirri samsetningu núna.

Sefur þú út?

Já, en aðeins ef Elsa er hjá pabba sínum. Annars erum við vaknaðar upp úr átt.

Vakir þú lengi fram eftir?

Nei, ég reyni að gera það ekki. Finnst ég vera orðin of fullorðin í svoleiðis kæruleysi. Ég er hægt og rólega að reyna að breyta mér í A-manneskju en það gengur misvel og ég tek það í skorpum.

Salvör vinnur í Systrasamlaginu sem hún segir faldra þerlu á Óðinsgötu. „Þetta er lífrænt kaffihús og verslun með öllu mögulegu tengdu heilsu, jóga og sjálfsrækt.“ Hún er sömuleiðis annar eigandi Smástundar, fjölskyldukaffihúss sem hún og vinkona hennar Kolbrún Tara Friðriksdóttir eru með á teikniborðinu. „Hugmyndin kviknaði þegar við vorum báðar í fæðingarorlofi en þá fannst okkur vanta fjölskylduvænt kaffihús í sivaðandi kaffihúsaflöru borgarinnar. Markmiðið er að opna kaffihús sem er hugsað fyrir jafnt



Á fjölskyldukaffihúsinu sem Salvör og vinkona hennar Kolbrún Tara eru með á teikniborðinu verða kubbar með mismunandi lögum og tengingum frá „Imagination playground“ en þá er hægt að setja saman að vild og gefa börnum frá tveggja ára aldri tækifæri á að sleppa imyndunaraffinu lausu. NORDICPHOTOS/GETTY

fullorðna og börn á öllum aldri, þannig að allir fái tækifæri til að njóta sín.“ segir Salvör. Hún segir kaffihús yfirleitt aðeins taka mið af þörfum fullorðinna. „Stund á slíku kaffihúsi er ekki alltaf jafn ánægjuleg fyrir börn og hún er fyrir foreldrana. Við vitum líka að flestir foreldrar hafa mörgum hnöppum að hneppa og með því að bjóða upp á aukna þjónustu fyrir litil börn á kaffihúsi fá þeir svigrúm til að sinna sínum verkefnum á meðan börnin þeirra leika sér.“

En hvernig standa þessi áform?

Við erum að leita að húsnæði sem hentar undir starfseminna. Við erum með allskyns forkröfur og viljum bjóða upp á vel hannað rými með hentugri setuástöðu fyrir fólk með litil börn. Við viljum hafa praktíska og vel búna skiptiástöðu, spennandi og snyrtilega leikaðstöðu og nóg af barnastólum. Þá viljum við að hægt sé að leggja ung börn frá sér á



Salvör leggur mikið upp úr góðri fjölskyldusamveru um helgar. Hér er hún með dóttur sinni Elsu Árna-dóttur.

„Við erum að leita að húsnæði sem hentar undir starfseminna. Við erum með allskyns forkröfur viljum m.a. bjóða upp á vel hannað rými með hentugri setuástöðu fyrir fólk með litil börn.“

Salvör Thorlacius

auðveldan og öruggan hátt, að auðvelt sé að fylgjast með börnum og að gott aðgengi sé fyrir kerrur svo eitthvað sé nefnt. Við viljum síður vera í miðbænum og erum heldur að horfa á Laugardalinn eða annað álíka fjölskylduvænt hverfi og tökum fegnar á móti ábendingum

og vangaveltum. Meðal þess sem þær Salvör og Kolbrún Tara hyggjast bjóða upp á er leikvöllur frá bandaríska fyrirtækinu Imagination Playground en hann samanstendur af hreyfanlegum kubbum með mismunandi lögum ásamt tengingum, tannhjólmum, bugðum, kúlum og sivalningum. Kubbarinn, sem eru ætlaðir börnum frá tveggja ára aldri, eru búnir til úr umhverfisvænum og eitrefnalausum svampi sem þolir vatn, sól og hita og myglar ekki. „Þeir eru flíslétrir og því auðvelt að stafna þeim upp og hreyfa þá til. Börnin fá því tækifæri til að sleppa imyndunaraffinu lausu og skapa sína eigin veröld sem getur verið allt frá sjóræningjaskipi yfir í vélmanni hús eða höll.“ Að sögn Salvarar er von á kubbunum til landsins í febrúar á næsta ári. „Við erum með endaláusar hugmyndir í tengslum við þá og hlökkum til að kynna þá fyrir fólk.“

Það eru ekki allir mjólkursyrugerlar eins

Probi Mage LP299V[®] inniheldur *Lactobacillus plantarum* 299V (LP299V[®])

Borbjörg Hafsteinsdóttir næringarperapisti gefur **Probi Mage LP299V[®]** mjólkursyrugerlun sína allra bestu einkunn.

Professor **Bengt Jeppsson** hefur starfað hjá Probi AB í Svíþjóð í yfir 25 ár, eða frá því að hann og kollegar hans uppgöfðu mjólkursyrugerlinn *Lactobacillus plantarum* 299V (LP299V[®]).

Fæst í apótekum og heilsuverslunum, Hagkaup, Melabúðinni Frænu, Fjarðarkaupum auk valdra útsöslustaða um land allt.

abel heilsuvörur

Prinsessukaka í Langholtskirkju

Árlegur og sívinsæll haustbasar Kvenfélags Langholtsóknar verður haldinn á morgun, sunnudaginn 11. nóvember, í Langholtskirkju.

„Af mörgu verður að taka, líkt og endranær, og verða glæsilegir munir á boðstólum sem kvenfélaginu hafa hlotnast frá fyrirtækjum í hverfinu, bæði nytjavörur, jóladót og ýmislegt fleira. Þá er ótalin hlutaveltan vinsæla en á henni er fjöldi góðra vinninga og engin núll!“ segir Anna Birgis, formaður kvenfélagsins.

Freistandi kökuhlaðborð kvenfélagsins lokkar og laðar en gómsætt bakkeiði baka kvenfélagskonurnar ásamt fleiri konum í hverfinu.

„Við höfum fengið þjóðþekkt einstaklinga til liðs við okkur í baksturinn og gefa þeir kökurnar sínar á basarinn. Hver veit svo nema prinsessukakan og Pavlova



Anna Birgis er formaður Kvenfélags Langholtskirkju. MYND: STEFÁN

verði á kökusöluinni, og hægt verður að kaupa kaffi og meðlæti á basarnum enda þykir mörgum notalegt að tylla sér með vini yfir göðum kaffibolla og tertusneid.“ segir Anna sem á heiðrinum af viðfrægi prinsessukökunni.

Allir sem koma að haustbasarum gefa vinnu sína og fer ágóðinn að hluta til í að klára að yfirdekkja sæti kirkjunnar en

einnig til líknarmála. „Við hvetjum hverfisbúa ásamt gestum og gangandi til að koma og gera góð kaup í aðdraganda jóla og styrkja um leið gott málefni.“ segir Anna, full tilhlökkunar.

Haustbasarinn verður haldinn í safnaðarheimili Langholtskirkju, strax eftir messu, frá kl. 11.50 til 16.



Fegurðin kemur innan frá

Hyalúrónsýra styður við uppbyggingu húðar, viðheldur þéttleika hennar og eykur styrkleika. Hyaluron Shot inniheldur einnig kollagen, fitusýrur, jurtir og andoxunarefni sem næra húðina.

Allt sem við innbyrdum fer gegnum meltingarveginn og frásogast þar út í líkamann en hlutverk næringarefnanna er margvíslegt og hefur áhrif á mismunandi líkamsparta eða líffæri. Þegar við hugum ekki að því að næra okkur rétt hefur það áhrif á heilsufar okkar á svo marga og mismunandi vegu og flest matvæli sem við þolum illa ásamt ruslfæðu kemur ólagi á meltinguna og oftar en ekki á húðina líka. Húðin, sem er okkar stærsta líffæri, þarfnast góðrar umhirðu og er það fyrst og fremst það sem við látum ofan í okkur sem hefur áhrif á heilbrigði hennar og útlit," segir Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálf.

Mælt með af húðlæknum
Hyalúrónsýra er sennilega best

þekkt sem innihaldsefni í „anti-aging“ andlitskremum en hana er einnig oft að finna í líöbættiefnum, frunsumeðferðum, augndropum og varasalva. Hyalúrónsýra er líka eitt af því sem margir húðlæknar hafa mælt með vegna eiginleika hennar til að bæta áferð húðar, gefa henni fyllingu og raka. Að auki getur hún haft góð áhrif á liði sem eru farnir að stírdra sem og önnur einkenni sem fylgja oft hækkandi aldri.

Náttúrulegt bótoxi

Hyalúrónsýra er eitt helsta vatnsbindiefni líkamans og getur hún viðhaldið hátt í 1.000-faldri þyngd sinni af vatni í húðfrumum. Það virkar eins og smurning fyrir liðina og er afar mikilvægt fyrir húðina. Þetta efni finnst í nánast hverri einustu frumu líkamans en með hækk-



Besta leiðin til að viðhalda heilbrigði er að næra líkamann innan frá og eru hyalúrónskotin frábær viðbót við góða næringu.

andi aldri dregur úr framleiðslu þess sem sést best í minni teygjanleika húðarinnar og hrukku myndun. Það tengist einnig augum og ýmsum vefjum þar sem það hjálpar til við að varðveita kollagen og auka mjókt og teygjanleika eins og til dæmis í liðum en stírdri liðir lagast við að fá auknið magn af hyalúrónsýru.

50% hyalúrónsýru eru í húð

Um 50% af hyalúrónsýru í líkamnum er að finna í húðvef. „Á yngri árum er húðin bæði mjúk og teygjanleg og líkaminn endurnýjar þetta efni stöðugt. Þegar við eldumst missir húðin raka og fyllingu og er því afar hollt fyrir líkamann að fá aðstoð við endurnýjun með inn-töku. Það getur stuðlað að hækkuðu rakastigi húðarinnar og bætt ásýnd hennar verulega,“ segir Hrönn.

Hyalúrónskot – eitt á dag!

Skin Care Hyaluron Shot eru litil skammtaglös sem drukkjó er úr og þannig er efni tekin upp gegnum meltingarveginn og skila þau sér

Hyalúrónsýra er eitt af því sem margir húðlæknar hafa mælt með vegna eiginleika hennar til að bæta áferð húðar, gefa henni fyllingu og raka.

Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálf



þangað sem þeirra er þörf. Ásamt hyalúrónsýrunni inniheldur Skin Care Hyaluron Shot™ hafþyrni sem inniheldur næringarefni sem ýta undir heilbrigði húðar, C-vítamin sem hjálpar okkur að framleiða eigið kollagen, plöntuna Tagates Erecta (klæðisblóm) sem inniheldur öflug andoxunarefni sem næra húðina og kollagen sem er uppbyggingarprótein húðarinnar.

Skin Care Hyaluron Shot er gott fyrir margar sakir:

- Gefur húðinni fyllingu
- Húðin fær fallegri áferð
- Dregur úr finum línunum og hrukku myndun
- Vörn gegn óæskilegum efnunum í andrúmslofti
- Hentar öllum húðgerðum

„Eins og áður kom fram er alltaf besta leiðin til að viðhalda heilbrigði að næra líkamann innan frá og eru hyalúrónskotin frábær viðbót við góða næringu. Mælt er með að í upphafi inntöku sé drukkjó eitt skot daglega í minnst 30 daga til að sjá og finna marktækan mun á húðinni.“

Hægt er að taka Skin Care Hyaluron Shot™ eitt og sér eða taka það með Skin Care Collagen Filler™ sem hluta af daglegri umönnun húðarinnar.

Sólustaðir: Aptótek

Betri svefn

Melissa Dream er vísindalega samsett náttúruylf, hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni

Þessi blanda inniheldur ekki efni sem hafa sljúgvandi áhrif.



„Ég bæði sef fastar og sofa fyrr. Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvíld. Ég sef alla nóttina og er ekki sífellt að vakna upp eins og áður. Ég mæli hiklaust með Melissa Dream fyrir alla“

Elsa M. Víðis



Valið besta bætiefni við streitu hjá National Nutrition í Kanada



Ensk jólakaka Pauls Newton

Enska jólakakan er órjúfanlegur hluti af jólahaldi margra. Undirbúningur hennar tekur dágóðan tíma en hana þarf að vökva vikum saman með áfengi áður en hinu fullkomna bragði er náð.

Brynhildur
Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Þó sumum finnist jólin vera langt undan er ekki seinna vænna að fara að sinna ýmsum jólaverkum. Meðal þeirra má nefna bakstur hinnar sigildu og einstöku ensku jólaköku sem þarf að vökva með áfengi vikum saman til að ná hinu eina sanna djúpa ávaxtabragði sem fyrir sumum er órjúfanlegur hluti af jólunum. Paul Newton rak lengi verslunina Pipar og salt á Klapparstíg þar sem hann kynnti meðal annars breska jólasíði og jólagóðgæti fyrir Íslendingum. Hann gaf Fréttablaðinu uppskrift að enskri jólaköku árið 2010 sem á engan sinn líka svo við fengum góðfúslegt leyfi til að birta hana aftur.

Ensk jólakaka

350 g ósaltað smjör
350 g púðursykur
450 g hveiti
6 egg
Salt á hnífsoðdi
½ tsk. kanill
½ tsk. múskat
½ tsk. negull
300 g sykraðir blandaðir ávextir
450 g ljósar rúsinur
450 g kúrenur
125 g rúsinur
125 g mündluflögur
30 ml siróp
1 bolli kóniak
1 krukka hreint apríkósumauk
450 g mündlumarsipan

Leggið rúsinur og kúrenur í kóniakbleyti nóttina fyrir bakstur. Takið springform, annaðhvort eitt 23 cm í þvermál, eða tvö 18 cm. Setjið þrjú lög af smjörpappír á botninn og smyrjið með smjöri. Þetta er gert svo kakan brenni ekki. Setjið einnig þrjú lög af pappír í hliðar formsins. Brúnum maskinupappír er vafið utan um formið og bundið með bómullargarni. Á bókunarploðuna eru sett tvö lög af brúnum maskinupappír. Deigið blandið saman í skál kúrenum, rúsinum, ávöxtum, mündluflögum og kryddi. Þeytið í annari skál smjör og púðursykur uns létt og ljóst og bætið svo einu og einu eggi í. Sigtíð hveitið og blandið í eggjahraeruna. Blandið henni svo saman við ávextina. Að lokum er afgangi af kóniak bætt saman við og sirópinu. Deigið



Eitt aðalsmerki ensku jólakökkunnar er hvað hún er oft fallega skreytt.

er tilbúið ef það dettur af sleif. Deigið er sett í form. Sumir geyma formið í ísskáp fram á næsta dag en einnig má baka kókuna strax. Úðið yfir kókuna með vatni og hyljið svo með tveimur lögum af smjörpappír

sem hefur verið smurður með smjöri og klippið á loftgát. Kakan er bökud við 140 gráðu hita í 6 klukkustundir (en 3 klukkutíma ef formin eru tvö). Þegar kakan er bökud þarf að pakka henni í tvöfalt

lag af smjörpappír og pappírinn er festur vel með gúmmiteygjum. Svo er álpappír pakkað utan um hana og hún sett í loftþétt kókubox. Þar fær kakan að standa óhreyfð í nokkra daga. Vikulega er kakan tekin fram, gerðar litlar holur í botn og topp með grillprjóni og tveimur, þremur matskeiðum af kóniak helli yfir. Hálfum mánuði fyrir jól er kakan pensluð með hreinu apríkósumarmelaði sem er hitað fyrst. Það er gert svo marspaníð festist betur við kókuna. Marspaníð má kaupa tilbúið í stórmörkuðum eða hjá bakara. Það er rúllað út og lagt yfir kókuna. Viku fyrir jól er kakan skreytt með flórskursbráð. Sumir láta nægja að lita marspaníð hvítt því bráðina getur verið vandasamt að gera.

Flórskursbráð

675 g flórskukur
4 eggjahvítur
1 msk. sitrónusafi
2 tsk. glýserin
Flórskurinn sigtaður, eggjaraður



Í þessum þverskurði má glóggst sjá hvernig sykurbraðin og marspaníð spila saman. Og hvað ensk jólakaka er einstaklega falleg og hátíðleg.



Sumir kjósa að taka innihaldsefnin til áður en bakstur hefst.

þeyttar vel. Bætið við einni msk. af flórskuri í einu ofurhægt og þeytið vel á milli. Sitrónusafa og glýserini bætt út í og þeytt uns blandan er orðin eins og marengs. Skálin er hulin með rökum klút og geymd í einn til tvo tíma. Bráðina má lita með matarlit. Flórskursbráðin er borin á marspaníð kókunnar. Fyrst er boríð á topp kókunnar og þegar það hefur þornað er bráðin sett á hliðar hennar. Kókuna má síðan skreyta með marspaniskrauti.

ÞÚ FÆRÐ EKKI BETRA FYRIR ANDLITIÐ!

Vinnur á öldrun húðarinnar, hrukkum og fínunum línunum.



TILVALIÐ Í
JÓLAPAKKANN



Söluastaðir: Flest apótek, heilsubúðir, www.lyfja.is og www.heilsanheim.is

Ótrúleg
verð!



Stórsýning á húsbílum í Reykjanesbæ um helgina

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight T 58:

Árgerðir 2016-2017. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hlíðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling ofl. ofl.

Ótrúlegt verð, frá: 6.490.000.

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight T 64

Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hlíðar, álfelgur, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling ofl. ofl.

Ótrúlegt verð, frá: 7.590.000.

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight T 67

Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl.

Ótrúlegt verð: 7.790.000.

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight T 68

Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl.

Ótrúlegt verð: 7.990.000.

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight T 69 L

Árgerð 2016. Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarlúga báðum megin, hjónarúm aðgengilegt beggja vegna, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl.

Ótrúlegt verð: 8.190.000.

SÝNINGARTILBOÐ



Sunlight Cliff 640

Árgerð 2018. FIAT Maxi grindin, 16", markísa, gott geymslupláss aftur í, LED lýsing, 12V pressuisskápur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, bakkskyrnjarar o.fl. ofl.

Ótrúlegt verð: 9.350.000.

SÝNINGARTILBOÐ



LMC Breezer H 737 G

Árgerð 2017. Markísa, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, bakkmýndavél o.fl. o.fl.

Ótrúlegt verð: 9.980.000.

SÝNINGARTILBOÐ



Dethleffs Trend T 7057 DBM

Árgerð 2018. Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, breið inngangshurð með samlæsingu, rafmagnsdrífið fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl.

Ótrúlegt verð: 10.890.000.

Frábært úrval
stórglæsilegra tækja
á ótrúlegum verðum,
frá **5.990.000**
Árgerðir 2014-2018

Sunlight

Dethleffs

McRent

LMC

Opnunartímar
Laugardaginn 10. nóvember frá kl. 12-16
Sunnudaginn 11. nóvember frá kl. 12-16

Opíð virka daga frá 10 - 17

Helgaropnanir auglýstar nánar á heimasíðu P. Karlsson.

P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ | 517 5200 | www.pkarlsson.is



Þitt með fyrirvara um innséttarvillur

Gleymir stund og stað

Í annasömu starfi sem húsmíðameistari hefur Sigmundur V. Kjartansson fundið hugarró og slökun í bílskúrnum heima. Þar smíðar hann ýmislegt sem gleður augað, t.d. fallegar tréslaufur.

Starri Freyr
Jónsson

starri@frettabladid.is



Handavinnan hefur alltaf legið vel fyrir Sigmundi V. Kjartanssyni húsmíðameistara sem segist snemma hafa byrjað að skera út og skapa ýmislegt með höndunum. „Ég var nokkuð uppátækjasamur sem barn á Flateyri en þaðan flutti ég í Kópavoginn tíu ára gamall. Þá urðu eðlilega miklar breytingar á lífi mínu og útiveran minnkaði mjög. Það var á þessum tíma sem ég datt í útskurog og ýmsa handavinnu.“

Tréslaufurnar vekja athygli

Starf húsmíðameistara er oft annasamt og því getur verið gott að gleyma stund og stað með góðu áhugamáli. Undanfarin ár hefur hann sinnt áhugamáli sínu í skúrnum heima á Álftanesi og á verkstæði sínu, en þar smíðar hann ýmsa fallega muni á borð við skálar, sleifar, kolla, trékúlur, gluggaskraut og svo tréslaufur sem hafa vakið athygli enda ekki á hverjum degi sem slaufur úr ólíkum viðartegundum eru seldar hér á landi. „Sonur minn vildi eignast tréslaufu og það mig um að



„Hugmyndirnar koma bara þegar ég byrja en þó er yfirleitt eitthvað sem blundar í kollinum á mér,“ segir Sigmundur V. Kjartansson.
MYND/EYÞÓR



HOLLVÍNIR
GRENSÁSS

Í dag
kl 13:00 - 17:00

Jóla- og
kökubasar
Hollvina
Grensáss

Safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg

Heitt kakó - vöffur m/rjóma
(fritt fyrir börnin)

Tertur - Jólaskraut - þrjónavörur


Happdrætti - Stórkostlegir vinningar -
Söngur á sviði

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líoandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu
Fréttablaðinu á Facebook



Slaufurnar eru í ýmsum litum og smíðaðar úr ólíkum viðartegundum. MYNDIR/EYÞÓR OG ÓLÍNA RÖGNÚDÓTTIR

hjalpa sér við að smíða hana. Hann var ekki nógu sáttur við útkomuna í fyrstu þannig að við þróuðum hana saman. Því má segja þessar tréslaufur sem ég er að smíða í dag séu byggðar á hugmynd frá honum.“

Góðar viðtökur

Hann segist öðlast mikla hugarró og slökun á verkstæðinu við sköpun sína auk þess sem honum finnst einfaldlega gaman að búa til eitthvað sem gleður augað. Auk sonarins hafa önnur börn hans og barnabörn fengið tréslaufur að gjöf og vinir og aðrir ættingjar hafa fengið nokkur stykki. „Viðtökurnar hafa verið mjög góðar hjá vinum og ættingjum en hingað til hef ég lítið verið að kynna þær og selja utan þeirra. Það er þó að breytast og nú langar mig að leyfa öðum að

Viðtökurnar hafa verið mjög góðar hjá vinum og ættingjum en hingað til hef ég lítið verið að kynna þær.



Nýtir afganga

Efniviðurinn kemur úr öllum áttum að hans sögn, frá fjöru til fjalla. „Oft nýti ég afganga úr verkefnum sem ég er að vinna í og

einnig nýti ég afganga sem annars hefðu farið í eldivið. Hugmyndirnar koma bara þegar ég byrja en þó er yfirleitt eitthvað sem blundar í kollinum á mér áður.“

Seinna í þessum mánuði tekur hann þátt í sýningunni Handverk og hönnun sem haldin er árlega í Ráðhúsi Reykjavíkur. „Einnig verð ég á jólamarkaði í Norræna húsinu í upphafi desember og svo er að sjá hvernig gengur. Nýjasta hugmyndin er að smíða borðlampa úr maðkétnum rekaviði en hugmyndirnar eru í raun endalausar. Mestu skiptir þó að hafa eitthvað fyrir stafni á efri árum og hafa gaman af því.“
Hægt er að skoða úrvalið á Facebook-síðunni (svkehf) og Instagram (svk.ehf). Áhugasamir geta nálgast slaufurnar og aðrar vörur hans gegnum sömu samfélagsmiðla.



Sumarstörf

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vill ráða starfsfólk í sumar-afleysingar fyrir sumarið 2019 til að sinna sjúkraflutningum. Við erum að leita að einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða og hafa áhuga á að tilheyra öflugum liði sem hefur það hlutverk að sinna útkallsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Við viljum gjarnan sjá fleiri konur í liðinu og hvetjum þær til að sækja um. Um er að ræða vaktavinnu, 8-12 tíma vaktir á öllum tímum sólarhrings.

Til að starfa við sjúkraflutninga þarf að hafa starfsréttindi sem sjúkraflutningamaður. Hægt er að sækja um án þess að hafa réttindin, en þá er gert ráð fyrir að þeir sem verða ráðnir hafi tíma til að ná sér í réttindin áður en þeir hefja störf.

Umsóknarfrestur er til **21. nóvember**. nk. Nánari upplýsingar um umsóknarferlið, hæfniskröfur og inntökuferlið er að finna á heimasíðu SHS.



Slökkvilið
höfuðborgarsvæðisins

www.shs.is

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins – Skógarhlíð 14 – S: 528 3000 – www.shs.is

INNKAUPAFULLTRÚI

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi til að slást í hópinn í innkaupadeild ferskvörusviðs (ávextir og grænmeti) Innnes. Um er að ræða 100% framtíðarstarf. Deildin sér um öll innkaup og innflutning fyrir vörumerki Innnes. Óskað er eftir því að starfsmaður geti hafid störf sem fyrst.

INNNES ehf. er ein af stærstu matvöruheildverslunum landsins og eru mörg vörumerki fyrirtækisins landsmönnum að góðu kunn. Fyrirtækið hefur á að skipa samhentum hópi starfsmanna sem tilbúinn er að þjóna viðskiptavinum eins og kostur er.

STARFSSVIÐ

- Ákvörðun um innkaupaþörf
- Vinnsla og eftirfylgni pantana
- Innkaupaáætlanir
- Samskipti við birgja
- Samskipti við flutningsaðila
- Þjónusta/upplýsingagjöf við innri viðskiptavini
- Eftirfylgni árangursmælinga
- Birgðagreiningar
- Önnur tilfallandi verkefni

MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi t.d viðskiptafræði, vörustjórnun eða rekstrarverkfræði.
- 3-5 ára starfsreynsla úr innkaupum er skilyrði
- Frammúrskarandi samskiptahæfileikar
- Mjög góð tölvukunnátta - reynsla af AGR Innkaup og upplýsingakerfi Axapta/Navision
- Góð greiningarhæfni og hákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta



Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Helgason innkaupastjóri í síma 6642516 eða í tölvupósti she@innnes.is
Sækja skal um og senda starfsferilsskrá á:
<https://storf.innnes.is>

Innnes er traust, leiðandi og framsækið fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu á matvörumarkaði. Aðalstarfsstöðvar Innnes eru við Fossaleyni og Bæjarflöt í Reykjavík.

Hjá Innnes starfar öflug liðsheilid sem er lykillinn að farsælum árangri fyrirtækisins. Innnes leitast við að ráða og hafa í sínum röðum starfsfólk sem býr yfir metnaði til að ná árangri.



Viltu bæta opinberan rekstur?

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að öflugum liðsmönnum til að taka þátt í spennandi og krefjandi verkefnum á skrifstofu stjórnunar og umbóta.

Leitað er að lausnamiðuðum einstaklingum sem hafa góða skipulagshæfni og sýna sjálfstæði og frumkvæði í starfi. Þeir þurfa að vera afburða góðir í samskiptum og að mynda tengsl þvert á skipulagsheildir.

LEIÐANDI SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI UMBÓTAMÁLA

Markmið starfsins er að stuðla að umbótum, auknum árangri og hagkvæmni í ríkisrekstri.

Starfið felur í sér að vera leiðandi í umbótateymi og gegna forystu á sviði umbóta í starfi og þjónustu ríkisins, hagræðingar í ríkisrekstri og þróun stjórnunaraðferða.

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/10592

Starfssvið:

- Umbætur og nýsköpun í rekstri og stofnanakerfi ríkisins.
- Stefnumótun og árangursstjórnun.
- Þróun stafrænnar þjónustu.
- Opinber innkaup.
- Stefnumörkun á sviði launa- og mannauðsmála.
- Samskipti við ráðuneyti, stofnanir og ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistaragráða sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af stefnumótun, þróunar- og breytingaverkefnum.
- Þekking og reynsla af umbótum og hagræðingu í rekstri.
- Stjórnunarreynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er skilyrði.

SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI FRAMKVÆMDA- OG FASTEIGNAMÁLA

Markmið starfsins er að stuðla að markvissri umsýslu eigna ríkisins og skilvirkum framkvæmdum.

Starfið felur í sér virka þátttöku í breytingum sem eru framundan á eignaumsýslu ríkisins auk vaxandi umfangs framkvæmda ríkisins.

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/10593

Starfssvið:

- Þróun umgjörðar opinberra framkvæmda og þátttaka í undirbúningi og eftirfylgni framkvæmdaverkefna.
- Þátttaka í áætlanagerð og hagkvæmnimati á sviði framkvæmda-, fjárfestinga- og fasteignamála.
- Umsýsla og hagnýting lands og auðlinda í eigu ríkisins.
- Samningagerð varðandi ýmsa þætti eignamála.
- Samskipti við ráðuneyti, stofnanir og ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistaragráða sem nýtist í starfi.
- Þekking á framkvæmdum er skilyrði.
- Þekking á fjárfestingum og eignaumsýslu er æskileg.
- Þekking og reynsla af stefnumótun, þróunar- og breytingaverkefnum, sérstaklega á sviði fasteignapróunar.
- Kunnátta til að greina og miðla tölulegum upplýsingum með greinargóðum og skýrum hætti.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er skilyrði.

Skrifstofa stjórnunar og umbóta sinnir meðal annars umbótastarfi, eigna- og framkvæmdamálum og stefnumörkun í mannauðs- og kjaramálum. Á skrifstofu stjórnunar og umbóta eru 17 starfsmenn.

Helstu verkefni fjármála- og efnahagsráðuneytisins snúa að því að tryggja stöðugleika og efnahagslega hagsæld í íslensku samfélagi. Ráðuneytið fer með yfirstjórn ríkisfjármála og efnahagsmála og markar stefnu og gerir áætlunir á þessum sviðum. Ráðuneytið fer með mannauðsmál ríkisins, vinnur að umbótum í ríkisrekstri og fer með eignamál þess.

Í fjármála- og efnahagsráðuneytinu eru sex fagskrifstofur og eitt stöðsvið sem saman mynda sterka heild. Um 90 sérfræðingar skipa starfslið ráðuneytisins, flestir háskólamenntaðir.

Umsóknarfrestur

28. nóvember

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir viðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

Skrifstofustjóri

Mýrdalshreppur óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf skrifstofustjóra. Starfið er mjög margþætt og krefst því góðrar færni á ýmsum sviðum. Húsnæðishlunnindi fylgja starfinu.

Umsóknarfrestur
26. nóvember

Helstu verkefni:

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum á skrifstofu.
- Umsjón með daglegri umsýslu fjármála og bókhalds.
- Yfirumsjón með bókhaldi, afstemmingum og greiðslu reikninga.
- Aðstoð við fjárhagsáætlanagerð, frávikagreiningu og kostnaðareftirlit.
- Ábyrgð á staðgreiðsluskilum og virðisaukappgjöri.
- Almenn skrifstofustörf.

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/10589

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af reikningshaldi, áætlanagerð og fjármálastjórnun nauðsynleg.
- Þekking og reynsla af opinberu rekstrarumhverfi æskileg.
- Góð tölvukunnátta skilyrði, þekking á Microsoft NAV bókhaldskerfi æskileg.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum nauðsynlegt.



Mýrdalshreppur er ört stækkandi sveitarfélag með tæplega 700 íbúa. Í sveitarfélaginu er að finna einstakar náttúruperlur, ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein og mörg spennandi verkefni í gangi. Vik er þéttbýliskjarni sveitarfélagsins og þar er stjórnýsflan ásamt grunnskóla, leikskóla, heilsugæslu, sundlaug, íþróttahúsi, verslun, banka og fjölda veitingastaða.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Framkvæmdastjóri

Starfsgreinasamband Íslands óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf framkvæmdastjóra. Um er að ræða afar fjölbreytt og krefjandi starf.

Umsóknarfrestur
15. nóvember

Starfssvið

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Stefnumótun og framkvæmd ákvarðana
- Umsjón með gerð og túlkun kjarasamninga
- Umsjón með kynningarstarfi, útgáfu og samskiptum við fjölmörg
- Skipulagning samráðs og samstarfs aðildarfélaga
- Samskipti við innlend og erlend aðildarfélög

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/10496

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla og þekking á málefnum stéttarféлага og kjarasamningum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og leiðtogaþæfileikar
- Hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu norðurlandamáli



Starfsgreinasamband Íslands er stærsta landssamband innan ASÍ og samanstendur af 19 stéttarfélögum verkafólks með um 57 þúsund félagsmenn. Hlutverk sambandsins er að styðja og styrkja aðildarfélögin í þeirra starfi og hagsmunabaráttu félagsmanna þeirra. Skrifstofa sambandsins er í Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Starfsmenn og verkstjóri í fiskeldi

Matorka óskar eftir að ráða almenna starfsmenn og verkstjóra í fiskeldi. Viðkomandi aðilar þurfa að hafa þekkingu og/eða mikinn áhuga á fiskeldi og löngun til að starfa á því sviði. Staðsetning Matorku er í Grindavík. Búseta á svæðinu er æskileg.

Umsóknarfrestur
18. nóvember

Helstu verkefni:

Vinnan felst í fjölbreyttum fiskeldisstörfum, svo sem fóðrun, flutningi á lífandi fiski á milli kerja, skráningum, eftirliti og almennum viðhalds störfum. Skemmtileg vinna sem hentar bæði körlum sem konum. Hreinlæti og góð umgengni mikilvæg.

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/10555

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla sem tengist starfinu mikill kostur
- Kunnátta í meðferð fiskeldis og tækjábúnaðar mikill kostur
- Skipulagshæfileikar og metnaður í starfi



Matorka er fiskeldisfyrirtæki með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Fyrirtækið notast við nýjustu eldistækni í framleiðslu sinni, og öll starfsemi fyrirtækisins er umhverfisvæn.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Skrifstofa efnahagsmála hefur umsjón með undirbúningi og eftirfylgni með efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, samhæfingu opinberrar hagstjórnar og kynningu á efnahags- og hagstjórnarmálum innanlands og utan. Í því skyni annast skrifstofan mat á þróun og horfum í efnahagsmálum og samskipti við Hagstofu Íslands um gerð þjóðhagsspar. Skrifstofan annast gerð hagfræðilegra athugana, sviðsmynda- og frávikagreiningar, vöktun hagstærða og samskipti við erlend matsfyrirtæki og ýmsar alþjóðlegar stofnanir á sviði efnahagsmála, þ.m.t. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD). Skrifstofan starfar náið með öðrum skrifstofum ráðuneytisins varðandi framgang stefnu ríkisstjórnarinnar í opinberum fjármálum.



HAGFRÆÐINGUR

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að metnaðarfullum og framsæknum hagfræðingi til að sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði efnahagsmála. Starfið felur í sér stefnumörkun, ráðgjöf og greiningar. Um er að ræða nýtt starf á skrifstofu efnahagsmála.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Stefnumörkun og ráðgjöf í hagstjórn
- Samþætting heildarstefnu í efnahagsmálum
- Greiningar á stöðu og horfum í efnahagsmálum
- Kynningar á stöðu og þróun efnahagsmála í ræðu og riti
- Þátttaka í alþjóðastarfi og samskipti við erlendar stofnanir og aðila á fjármálamarkaði

Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustaði. Á skrifstofu efnahagsmála starfa nú 4 starfsmenn en í ráðuneytinu eru alls um 90 starfsmenn.



Nánari upplýsingar veita:

Aldís Stefánsdóttir í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, aldís@fjr.is
Inga S. Arnardóttir hjá Hagvangi, inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember 2018.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Menntunar- og hæfniskröfur

- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Meistaránám í hagfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfinu
- Þekking á efnahagsmálum í þjóðhagslegu samhengi og opinberri hagstjórn
- Reynsla af greiningarvinnu sem nýtist í starfi
- Greinandi, gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði og góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Reynsla af notkun hagranssóknaforrita á borð við Eviews kostur
- Góð samskipta- og skipulagshæfni auk hæfileika til að leiða teymisvinnu

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Viltu greina fortíðina og hafa áhrif á framtíðina?

Við leitum að sérfræðingi á fjármálasviði sem hefur umsjón með og þróar áætlanakerfi fyrirtækisins, framsetningu stjórnendaupplýsinga, frávikagreiningu og aðstoðar stjórnendur við rekstur eininga og verkefna.

Viðkomandi sér um upplýsingagjöf til stjórnenda, kynningar og hefur umsjón með ýmsum fjárhagsgreiningum í starfsemi fyrirtækisins.

Starfið felur í sér náið samstarf við starfsmenn og stjórnendur Landsvirkjunar. Í því felst virk þátttaka í þróun viðskiptagreindarkerfa, skýrslna og mælaborða. Starfið krefst samstarfs við aðra sérfræðinga Landsvirkjunar í leit að framsæknum lausnum.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun, áætlanagerð, frávikagreiningum, kostnaðareftirliti og almennri gagnauðræmningu.
- Góðir samstarfshæfileikar og frumkvæði, góð íslensku- og enskukunnátta.

Sótt er um starfið á vef Hagvangs, www.hagvangur.is. Nánari upplýsingar: Inga Steinunn Arnardóttir (inga@hagvangur.is). Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember 2018.



Jafnlauna-úttekt PwC 2017

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlauna-úttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

www.landsvirkjun.is

Við erum til taks!



Sérfræðingur á rekstrarsviði

Landhelgisgæsla Íslands leitar að áhugasömum einstaklingi til að slást í samhent teymi Gæslunnar.

Viðkomandi þarf að vera traustur, með ríka þjónustulund og geta tekist á við krefjandi verkefni.

Helstu verkefni:

- Dagleg stýring á bókhaldi
- Umsjón með mánaðarlegum uppgjörum og greiningum
- Ársreikningagerð
- Aðstoð við rekstrarspá og áætlanagerð
- Samantekt og framsetning tölræðiupplýsinga
- Ýmis umbóta og þróunarverkefni
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskipta, áhersla á reikningshald kostur
- Góð þekking á reikningsskilastöðlum og lögum um bókhald og ársreikninga
- Góð færni í Excel áskilin ásamt þekkingu á helstu Office forritum
- Þekking á Oracle bókhaldskerfi og/eða Cognos áætlanagerfi kostur
- Reynsla af bókhaldi og afstemmingum æskileg
- Hæfni til að koma frá sér upplýsingum á skýran og hnitmiðaðan hátt í ræðu og riti
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg og góð færni í ensku æskileg
- Góð samskiptafærni og sjálfstæði í starfi

Starfsstöð er í Reykjavík. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á www.hagvangur.is. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember nk.

Landhelgisgæsla Íslands er borgaraleg öryggis-, eftirlits- og löggæslustofnun sem sinnir öryggisgæslu og björgun á hafi úti og fer með löggæslu á hafinu. Samkvæmt lögum nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands er henni falið að gæta ytri landamæra og standa vörð um fullveldisrétt Íslands á hafsveðinu í kringum landið.

Hjá Landhelgisgæslunni starfar tæplega 200 manna samhentur hópur sem hefur að leiðar ljósi slagarðið: **Við erum til taks!**

Gildin okkar eru:

Öryggi – Þjónusta – Fagmennska

Höfuðstöðvar eru í Skógarhlíð 14 í Reykjavík en starfsstöðvar eru einnig á Keflavíkur og Reykjavíkurlflugvelli, í varðskipum og á ratsjárstöðvum.



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD

VIÐHALDS- OG REKSTRARSTJÓRI BÚNAÐAR Í VÖRUHÚSI

Innes leitar að metnaðarfullum starfsmanni í starf viðhalds- og rekstrarstjóra búnaðar í vöruhúsi. Um er að ræða 100% framtíðarstarf.

INNES ehf. er ein af stærstu matvöruheildverslunum landsins og eru mörg vöruerki fyrirtækisins landsmönnum að góðu kunn. Fyrirtækið hefur á að skipa samhentum hópi starfsmanna sem tilbúinn er að þjóna viðskiptavinum eins og kostur er. Fyrirtækið er um þessar mundir að byggja nýjar starfsstöðvar við Korngarða í Reykjavík. Í þurrvöru- og frystihluta vöruhússins verður tekin í notkun sjálfvirkur búnaður þ.e. færribönd, kranar, skutlur o.fl sem er fyrsti búnaður sinnar tegundar á Íslandi.

STARFSSVIÐ

- Daglegur rekstur búnaðar í vöruhúsi. Viðhald og eftirlit með sjálfvirkum búnaði í vöruhúsi
- Viðhald og eftirlit með hurðum og lyftum ásamt kælitækjum og kælivélum
- Viðhald og eftirlit með frystitækjum og frystivélum og með varaafstöð
- Umsjón með varahlutalager, verkstæði og rekkakerfi

MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR

- Vélfræði eða véliðnfræði
- Reynsla af rekstri vélbúnaðar og iðnstýringu
- Reynsla af viðhaldsstjórnun og lagervörslu er kostur
- Haldgóð þekking á:
- Kæli og frystikerfum
- Iðnstýringu og sjálfvirkni
- Rafmagnsfræði, rafdreifingum og varaafsvélum
- Öðrum vélrænum búnaði, t.d færriböndum, hurðum, vökvlyftum o.fl.
- Frum-kvæði og sjálf-stæði í vinnu-brögðum
- Umbótamiðuð hugsun og drifkraftur
- Jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mann-legum samskiptum
- Gott vald á ensku
- Góð almenn tölvuþekking




INNES

Við leitum á duglegum og metnaðarfullum aðila sem hefur áhuga á að taka þátt í þessu spennandi verkefni með okkur. Sækja skal um og senda starfsferilsskrá á: <https://storf.innes.is>

Innes er traust, leiðandi og framsækið fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu á matvörumarkaði. Aðalstarfsstöðvar Innes eru við Fossaleyni og Bæjarflöt í Reykjavík.

Hjá Innes starfar öflug liðsheild sem er lykillinn að farsælum árangri fyrirtækisins. Innes leitast við að ráða og hafa í sínum röðum starfsfólk sem býr yfir metnaði til að ná árangri.



Vélamenn Hafnarfirði



FAGMENN
ÖRYGGI
FRAMSYNI

Störf tveggja vélamanna hjá þjónustustöð Vegagerðarinnar í Hafnarfirði eru laus til umsóknar. Um 100% störf er að ræða.

Starfssvið

- Viðhald, þjónusta og nýbyggingar vega á starfssvæði Vegagerðarinnar í Hafnarfirði
- Ýmis vinna í þjónustustöðinni í Hafnarfirði

Menntun- og hæfniskröfur

- Almenn grunnnáám.
- Almenn ökuréttindi og meirapróf bifreiðastjóra.
- Vinnuvélaréttindi.
- Reynsla af ámóta störfum æskileg.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp.
- Góðir samstarfshæfileikar.
- Gott vald á íslenski tungu.



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélag. Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember 2018. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er. Tekið skal fram að umsóknir geta giilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann B. Skúlason yfirverkstjóri í síma 522-1462. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Álheimar ehf óskar eftir að ráða vélvirkja eða vanan mann í málmsmíði / vélavinnu.

Fjölbreytt framtíðarstarf, góð vinnuástaða. Uppl. í s. 869 1122, efnir@efnir.is www.alheimar.is



StofnFiskur

Framtíðarstarf

StofnFiskur hf. óskar eftir að ráða starfsmann í framtíðarstarf í hrognkelsældi fyrirtækisins í Höfnum, Reykjanesi

Menntun og hæfniskröfur:

- Fiskeldismenntun æskileg en ekki skilyrði
- Áhugi og reynsla af fiskeldi er mikill kostur

Starfssvið og ábyrgð:

- Almenn eldisstörf við eldi í hrognkelsum:
 - Föðrun og umhirða á fiski, seiðum og hrognum
 - Þríf á eldiskerum og ýmskonar viðhald
- Ýmis ábyrgðarverkefni samkvæmt fyrirætlunum stöðvarstjóra/ aðstoðar stöðvarstjóra

Skrifleg umsókn ásamt ferilskrá skulu berast á netfangið vidar@stofnfiskur.is fyrir **26. nóvember** næstkomandi. Frekari upplýsingar um StofnFisk hf. má nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.stofnfiskur.is. Frekari upplýsingar um starfið má nálgast á vidar@stofnfiskur.is

Í boði er spennandi starf hjá framsæknu fyrirtæki í örur vexti sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhenttu starfsfólki



Skjalastjóri

Háskólinn í Reykjavík óskar eftir að ráða skjalastjóra í 50% stöðu. Skjalastjóri leiðir áframhaldandi þróun og umsjón með skjalavörslu háskólans. Í boði er áhugavert starf sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku.

STARFSSVIÐ

- Ábyrgð og umsjón með þróun skjalastefnu og verklags við skjalastjórnun
- Umsjón með móttöku erinda og skjölun
- Umsjón með frágangi skjalasafns og eftirfylgni með skjalaskráningu
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn
- Skipulagning og framkvæmd fræðslu um skjalamál
- Ábyrgð á þróun rafræns skjalastjórnunarkerfis

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, m.a. í bókasafns- og upplýsingafræði
- Þekking og reynsla af skjalastjórnun nauðsynleg
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði
- Reynsla af innleiðingu skjalastýringarkerfis er kostur
- Góð samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður og nákvæmni í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Elin Guðlaugsdóttir (sigridureg@ru.is) framkvæmdastjóri mannaúts og gæða. Eingöngu þær umsóknir sem berast í gegnum umsóknarvef eru teknar til greina. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til og með **24. nóvember 2018**.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akadémískar deildir háskólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfaglega, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3700 í fjórum deildum og starfa um 250 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

Starfsmaður á lager



Jötunn leitar eftir áreiðanlegum lagermanni í framtíðarstarf á Selfossi. Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um starfið. Um framtíðarstarf er að ræða.

Helstu verkefni:

- Umsjón vörumóttöku
- Skráning á vörumóttöku
- Tiltekt og skráning vörusendinga
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Reynsla af lagerstörfum nauðsynleg.
- Þekking á birgðabókahaldi nauðsynleg.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Lyftarpróf kostur.
- Ábyrgur einstaklingur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Hreint sakavottorð
- Aldurstakmark er 20 ára

Umsóknarfrestur er til og með **20. nóvember nk**. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið johannes@jotunn.is. Nánari upplýsingar veitir Jóhannes í síma 773 1504.



Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Jötunn sérhæfir sig í sölu á vélum og búnaði tengdum landbúnaði og jarðvinnuverktökum. Fyrirtækið leggur áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu og hefur það markmið að vera leiðandi í þjónustu og sölu. Jötunn er með starfsstöðvar á Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum. Hjá fyrirtækinu starfa um 45 manns.

Er um við að leita að þér?



Framkvæmdastjóri þjónustusviðs

Samgöngustofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu framkvæmdastjóra þjónustusviðs frá 1. janúar 2019. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á starfsemi síns sviðs gagnvart forstjóra og starfar í framkvæmdastjórn Samgöngustofu. Hlutverk þjónustusviðs er að sjá til þess að þjónusta Samgöngustofu gangi faglega og vel fyrir sig, ásamt því að vinna að stefnumótun og árangursstjórnun stofnunarinnar í samstarfi við aðra stjórnendur. Framkvæmdastjóri þjónustusviðs hefur að auki yfirumsjón með húsnæðismálum stofnunarinnar, ber ábyrgð á rekstri mötuneytis sem og innkaupum stofnunarinnar á skrifffærum og húsgögnum. Starfshlutfall er 100%.

Menntun- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi. Gerð er krafa um BS eða BA gráðu.
- Mikil reynsla úr atvinnulífinu og/eða opinberri stjórnábyrgð.
- Góð þekking og reynsla af samgöngumálefnum.
- Reynsla af þjónustustjórnun.
- Leiðtogaþæfni og haldgöð stjórnunarreynsla.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti, þekking á norðurlandamáli er kostur.
- Vilji og áhugi á samvinnu, samþættingu og þjónustu.
- Frumkvæði, skipulögð og nákvæm vinnubrögð og sjálfstæði í starfi.

Eftirlitsmaður í flugleiðsögudeild

Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann í flugleiðsögudeild á mannvirkja- og leiðsögusvið stofnunarinnar. Starfið snýr að eftirliti með fyrirtækjum með starfsleyfi til flugleiðsögubjónustu: en til flugleiðsögu telst flugumferðar-, fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónusta, veðurþjónusta fyrir flug og upplýsingaþjónusta flugmála. Í starfinu felst framkvæmd úttekta og skoðana, einkum að því er varðar fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónustu. Starfshlutfall er 100%.

Menntun- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða viðeigandi tæknimenntun sem nýttist í starfi.
- Menntun og/eða reynsla af flugtengdri starfsemi er æskileg, svo sem af flugleiðsögu, flugrekstri eða flugkerfum.
- Þekking á gæða- og öryggisstjórnunarkerfum og reynsla á því sviði er kostur.
- Þekking á íslenskum og alþjóðlegum kröfum í flugmálum, s.s. flugleiðsögu, er æskileg.
- Mjög góð tök á ensku er skilyrði sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagmennska í starfi ásamt skipulagi og ögun í verkum sínum.

Lögfræðingur

Samgöngustofa óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa í lögfræðideild stofnunarinnar. Helstu verkefni eru samning lagafrumvarpa og reglugerða, ásamt þátttöku í vinnu við innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins á sviði samgöngumála í samvinnu við samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneytið. Ráðgjöf til annarra starfsmanna í úrvinnslu á erindum sem berast stofnuninni þar sem lögfræðilegar þekkingar er þörf. Skrif álitserða og framsetning lögfræðilegs efnis í riti og á vef. Svar almennra lagalegra fyrirspurna á starfssviði Samgöngustofu, samskipti við innlend stjórnvöld og hagsmunaaðila og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi. Starfshlutfall er 100%.

Menntun- og hæfniskröfur

- Grunn- og meistaranám í lögfræði.
- Haldgöð reynsla eða þekking á sviði opinberrar stjórnábyrgð er nauðsynleg.
- Reynsla eða þekking á Evrópurétti og EES-samningnum er nauðsynleg.
- Reynsla eða þekking á samgöngumálum er æskileg.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, í rituðu og töluðu máli er nauðsynlegt.
- Góð færni í einu Norðurlandamáli er æskileg.
- Frumkvæði, skipulögð og nákvæm vinnubrögð og sjálfstæði í starfi.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.
- Góð samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Eftirlitsmaður í flugleiðsögudeild

Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann í flugleiðsögudeild á mannvirkja- og leiðsögusvið stofnunarinnar. Í starfinu felst almennt eftirlit með fyrirtækjum með starfsleyfi til flugleiðsögubjónustu, framkvæmd úttekta og skoðana. Einnig sérfræðivinnu varðandi gjaldkerfi og frammistöðuáætlanir tengdar afköstum og kostnaðarhagkvæmni í rekstrarstjórnun flugumferðar. Starfshlutfall er 100%.

Menntun- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða viðeigandi tæknimenntun sem nýttist í starfi, t.d. verkfræði, svo sem rekstrarverkfræði eða tæknifræði.
- Þekking á gæða- og öryggisstjórnunarkerfum og reynsla á því sviði er kostur.
- Þekking á íslenskum og alþjóðlegum kröfum í flugmálum, s.s. flugleiðsögu, er æskileg.
- Mjög góð tök á ensku er skilyrði sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagmennska í starfi ásamt skipulagi og ögun í verkum sínum.



Umsóknarfrestur er til 26. nóvember 2018.

Hægt er að sækja um störfin rafrænt á samgongustofa.is/storf

Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á samgongustofa.is

Í boði er spennandi störf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?



GAGNASÉRFRÆÐINGUR

Isavia óskar eftir ábyrgum aðila sem sýnir frumkvæði og á auðvelt með að aðlaga sig að breytingum og þróun. Helstu verkefni eru að hafa umsjón með þróun á gagnaferlum og gæðum flug- og fjármálagagna, greining gagna og þátttaka í sjálfvirknivæðingu skýrslugerðar og mælaborða.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af SQL fyrirspurnum
- Reynsla af vinnslu og framsetningu á gögnum
- Reynsla af exMon er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir Guðfinnur Jóhannsson, deildarstjóri hagdeildar, guðfinnur.johannsson@isavia.is.

Starfsstöð: Reykjavík eða Keflavík

SÉRFRÆÐINGUR FJÁRFESTINGA FERLA

Isavia óskar eftir að ráða sérfræðing sem mun hafa umsjón og eftirlit með ferlum fjárfestingaáætlana og fjárfestingaheimilda ásamt þróun á gagnahögun fjárfestinga og framsetningu fjárhagslegra upplýsinga fjárfestinga í fjárfestingamælaborði.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi: viðskiptafræði, verkfræði eða tengdar greinar.
- Reynsla af fjárhagslegu utanumhaldi fjárfestinga er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta og færni í gagnavinnu
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir Guðfinnur Jóhannsson, deildarstjóri hagdeildar, guðfinnur.johannsson@isavia.is.

Starfsstöð: Reykjavík eða Keflavík

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

UMSÖKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

UMSÖKNARFRESTUR:
25. NÓVEMBER

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!



www.hagvangur.is

 HAGVANGUR



UMSJÓNARMANNAÐUR RÆSTINGA

Isavia óskar eftir að ráða umsjónarmann ræstinga á Keflavíkurflugvelli. Helstu verkefni eru daglegt eftirlit með ræstingu og samskipti við verktaka. Úrvinnsla, skýrslugerð og eftirfylgni við verktaka á reglubundnum samningsstjórnunarfundum. Eftirlit með framkvæmdaþrifum og öðrum verkefnum. Gæðauúttektir og önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla tengd gæða- og eftirlitskerfum
- Reynsla eða þekking á ræstingum fasteigna
- Góð tölvukunnátta er skilyrði
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði

Nánari upplýsingar veitir Sævar Garðarsson, deildarstjóri eignaumsýslu, saevar.gardarsson@isavia.is.

Starfsstöð: Keflavík

VERKEFNASTJÓRI EIGNAUMSÝSLU

Isavia óskar eftir að ráða verkefnastjóra eignaumsýslu á Keflavíkurflugvelli. Helstu verkefni eru utanumhald á bygginga- tengdum fjárfestingum, gerð kostnaðar og verkáætlana, úttektir, uppfærsla og utanumhald á BIM líkani í rekstri. Verkefnastjóri er tengiliður eignaumsýslu inn í framkvæmdir vegna BIM og í samskiptum við yfirvöld og hönnuði.

Hæfniskröfur

- Verk-, tæknifræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Góð kunnátta á Revit er skilyrði
- Þekking á BIM aðferðafræðinni er skilyrði
- Þekking á stafrænum ferlum við framkvæmdir er kostur

Nánari upplýsingar veitir Sævar Garðarsson, deildarstjóri eignaumsýslu, saevar.gardarsson@isavia.is.

Starfsstöð: Keflavík

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.



ISAVIA

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR



Vélstjóri á tæknisviði

Ölgerðin óskar að ráða öflugan vélstjóra á tæknisvið

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:

- Viðhald á framleiðslulínunum.
- Viðgerðir og eftirlit á tækjum.
- Uppsetning á nýjum framleiðslutækjum.
- Ýmis tilfallandi verk tengd véla- og tækjabúnaði Ölgerðarinnar.

Við leitum að áhugasömum duglegum einstaklingi með brennandi áhuga á vélbúnaði og sjálfvirkni framleiðslulína. Einstaklingi sem sýnir frumkvæði og getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Viðkomandi þarf að getað talað og skrifað á íslensku.

ÖLGERÐIN er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði.

ÖLGERÐIN framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

Vinnutími er 7:30-15:30 en fjórðu/fimmtu hverja viku er kvöldvaktavika.

Umsóknnum er svarað jafn óðum og því gott að sækja um sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk.

Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: umsokn.olgerdin.is

olgerdin.is

Álheimar ehf óskar eftir að ráða vélvirkja eða vanan mann í málmsmíði / vélavinnu.

Fjölbreytt framtíðarstarf, góð vinnuástaða.
Uppl. í s. 869 1122, efnir@efnir.is www.alheimar.is

FJÖLBREYTT OG GEFANDI STARF



Hjúkrunarheimli Markar óska eftir duglegu og metnaðarfullu starfsfólki til starfa við umönnun aldraðra.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- ✓ Íslenskunnáttá
- ✓ Góðir samskiptahæfileikar og jákvæðni
- ✓ Starfsmaður þarf að hafa náð 18 ára aldri

Greitt er eftir kjarasamningi Eflingar og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Íris Benediktsdóttir á: mannaudur@grund.is eða í síma 530-6100.



Við hlökkum til að heyra frá þér.



Flugmenn óskast til starfa

Air Iceland Connect leitar að lífsglöðum einstaklingum, konum og körlum, til að sinna starfi flugmanns.

Við leggjum áherslu á fagmennsku, öryggi og gleði í starfi. Umsækjendur þurfa að hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvél og hafa lokið námskeiði í áhafnasamstarfi.

Nánari upplýsingar um starfið, hæfniskröfur og gögn sem þurfa að fylgja umsókn er að finna á www.airicelandconnect.is/umsokn
Við hlökkum til að heyra frá þér.



Félagsráðgjafi

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir stöðu félagsráðgjafa lausa til umsóknar. Um er að ræða 100% starf.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSS) annast félags- og skólaþjónustu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, Snæfellsbæjar, Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Í sveitarfélögunum búa tæplega 3.900 íbúar.

Hjá FSS starfa auk forstöðumanns, skólasálfræðingur, tveir félagsráðgjafar, tveir þroskabjálfar, náms- og starfsráðgjafi, talmeinafræðingur auk starfsfólks dagþjónustu- og hæfingarstöðva og stuðningsþjónustu sveitarfélaganna.

Umsækjandi hafi starfsréttindi félagsráðgjafa.

Verkefni félagsráðgjafa taka til almennrar félags- og skólaþjónustu, barnaverndar og stuðningsþjónustu sveitarfélaga.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Skrifleg umsókn er tilgreini menntun, starfsferil, 1-2 umsagnaraðila ásamt prófskírteinum, starfsleyfi og sakavottorði berist Sveini Þór Elinbergssyni, forstöðumanni sem jafnframt veitir frekari upplýsingar um starfið í síma 430-7800, 861-7802 og tölvupósti sveinn@fssf.is. Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ

Umsóknarfrestur er til 15. desember

Fasteignasala - sölumaður.

Rótgróin fasteignasala á Höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala til sölustarfa. Árangurstengd laun og góð vinnuaðstaða í boði. Skilyrði er að viðkomandi hafi reynslu af sölumennsku á fasteignamarkaði.

Umsóknir sendist á atvinna@frettabladid.is fyrir 15. nóv. merkt „fasteignasali“



SECURITY AND DETECTION GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Security and Detection Guard lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember 2018.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security and Detection Guard. The closing date for this position is **November 18, 2018**.

Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

Please send your application and resumé to: reykjavikvacancy@state.gov

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Kópavogsbær auglýsir eftirtalin störf laus til umsóknar:

Grunnskólar

Forfallakennari í Hörðuvallaskóla
Forfallakennari í Smáraskóla
Matráður í Kársnesskóla
Skólaliðar í Kópavogsskóla
Skólaliðar í Smáraskóla
Stærðfræði- og náttúrufræðikennari í Kársnesskóla
Umsjónarkennari í Salaskóla

Leikskólar

Deildarstjóri í Austurkór
Deildarstjóri í Álfatún
Deildarstjóri í Kópahvol
Deildarstjóri í Núp
Leikskólakennarar í Austurkór
Leikskólakennari í Furugrund
Leikskólakennari í Grænatún
Leikskólakennari í Kópahvol
Leikskólakennari í Urðarhól
Leikskólasérkennari í Kópahvol

Velferðarsvið

Teymsstjóri á heimili fyrir fatlaða
Proskapjálfi á áfangaheimili

Umsóknir ásamt upplýsingum um störf eru á vef Kópavogsbæjar, kopavogur.is.



Kópavogsbær

kopavogur.is

VERKSTJÓRI Á MANNVIRKJASVIÐI

OKKUR VANTAR ÖFLUGAN EINSTAKLING TIL STARFA Á MANNVIRKJASVIÐ FYRIRTÆKISINS Í HAFNARFIRÐI.

Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu í verkstjórn á byggingastað, vera með góða hæfni í mannlegum samskiptum, vera öflugur í úthlutun verkefna, hafa góða skipulagshæfni og vera sjálfstæður í vinnubrögðum. Lönmenntun er kostur.

UMSÓKNARFRESTUR ERTIL OG MEÐ 25. NÓV
Móttaka umsókna er á: umsoknir@vhe.is

Við hvetjum konur og karla til að sækja um öll störf hjá fyrirtækinu. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar með trúnaði.

Frekari upplýsingar um starfið gefa:
Karl Elí - kalli@vhe.is og Páll Gauti - pallgauti@vhe.is



VHE er fjölskyldufyrirtæki, stofnað 1971 og hefur starfsstöðvar í Hafnarfirði, á Egilsstöðum og á Reyðarfirði. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns við hin ýmsu störf og erum við mjög stolt af þekkingu og reynslu starfsmanna okkar.

VHE ehf

Melabraut 27 • 220 Hafnarfjörður
Sími 575 9700 • www.vhe.is

Ný og spennandi störf á góðum vinnustað

Ríkisskattstjóri er í fararbroddi innleiðingar rafrænnar stjórnsýslu. Helstu verkefni embættisins eru álagning opinberra gjalda, skatteftirlit sem og að halda lögbundnar skrár en að auki er embættinu falið að sinna ýmsum sérverkefnum til lengri eða skemmri tíma.

Meginstefna ríkisskattstjóra í mannaúsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli. Vinnustaðurinn er fjölmennur og dreifist starfsemi á átta starfsstöðvar um landið allt. Gildi ríkisskattstjóra eru fagmennska, jákvæðni og samvinna. Frekari upplýsingar um embættið má finna á vefsíðunni rsk.is.

Hópstjóri í eftirliti með peningabætti

Öflugum og jákvæðum einstaklingi gefst nú tækifæri til að verða hluti af nýju verkefni hjá ríkisskattstjóra sem snýst um eftirlit með peningabætti. Verkefnið felur m.a. í sér reglusetningu af ýmsu tagi, skráningu skráningarskyldra aðila og eftirlit með þeim. Hópstjóri í peningabætti mun stýra fjögurra manna teymi þar sem aðaláherslan er að koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Hópstjóri ber einnig ábyrgð á uppbyggingu þekkingar í málaflokknum sem og útdælingu verkefna til starfsmanna teymisins.

Hæfnikröfur

- Viðeigandi háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, lögfræði, fjármálaverkfræði eða hagfræði.
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla í fjármálatengdum störfum er æskileg.
- Reynsla af stjórnun og teymisvinnu er æskileg.
- Fágúð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Frekari upplýsingar

Umsóknir skulu fylltar út á rsk.is/starf eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaradila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá ríkisskattstjóra kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, inn í heildstætt mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember 2018 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar. Upplýsingar um störfin veitir Unnur Ýr Kristjánsdóttir, mannaússtjóri, í síma 442-1000.

Sérfræðingur í eftirliti með peningabætti

Öflugum og jákvæðum einstaklingum gefst nú tækifæri til að verða hluti af teymi til að sinna nýju verkefni hjá ríkisskattstjóra sem snýst um eftirlit með peningabætti og ýmsa tengda verkþætti í því skyni að koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Um þrjú störf er að ræða á starfsstöð embættisins í Reykjavík.

Hæfnikröfur

- Viðeigandi háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, lögfræði, fjármálaverkfræði eða hagfræði.
- Starfsreynsla í fjármálatengdum störfum er æskileg.
- Fágúð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI



rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00



» Ráðningarþjónusta

Móttökuritari 50-60% starf

Heilbrigðisþjónusta á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða jákvæðan og drífandi einstakling í starf móttökuritara.

Um er að ræða tímabundið starf til a.m.k. þriggja mánaða með möguleika á áframhaldandi starfi. Starfshlutfall er 50 – 60% og er vinnutími umsemanlegur milli kl. 09:00 og 15:00.

» Starfssvið

- Símsvörun og afgreiðsla viðskiptavina í móttöku
- Bókanir á tímapöntunum og vinna í sjúkrakerfinu Sögu
- Úthringingar og afgreiðsla vöru

» Hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og vönduð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir bednir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Embætti forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra

Auglýst er laust til umsóknar embætti forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is.

Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember 2018.

Tanntæknir

– aðstoðarmanneskja tannlæknis

Tannlæknastofa í Ármúla auglýsir eftir tanntækni/ aðstoðarmanneskju til starfa.

Óskað er eftir starfsmanni í fullt starf (100%).

- Starfið felur í sér aðstoð við tannlæknastól, sóttþreinsun, þrif, símsvörun, tímabókanir o.fl.
- Rösk vinnubrögð nauðsynleg og menntun kostur en þó ekki nauðsyn.
- Viðkomandi þarf að vera stundvís, þjónustulundaður og geta unnið undir álagi.
- Gott er að viðkomandi hafi almenna tölvukunnátta.

Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á gkae6569@gmail.com

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2018.

Vilt þú taka þátt í baráttunni gegn krabbameinum?

Krabbameinsfélagið leitar að metnaðarfullum geislafræðingi sem hefur brennandi áhuga á að vinna að markmiðum Krabbameinsfélags Íslands:

- fækka þeim sem greinast með krabbamein
- draga úr dauðsföllum af völdum krabbameins
- bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda þeirra

Við leitum að geislafræðingi í 80% starf á dagvinnutíma á Leitarstöð félagsins í eitt ár frá 2. janúar 2019, eða eftir samkomulagi.

Viðkomandi skal:

- Hafa löggilt starfsleyfi sem geislafræðingur á Íslandi
- Hafa reynslu af starfi sem geislafræðingur
- Hafa góða samskiptafærni og faglegan metnað
- Vera jákvæður og eiga gott með að vinna í hópi

Umsóknir ásamt náms- og starfsferilskrá og afritum af starfsleyfi sendist til Magnúsar Baldvinssonar, yfirlæknis röntgendeildar, magnus@krabb.is, eigi síðar en 18. nóvember næstkomandi.

Vegna frekari upplýsinga skal hafa samband við yfirgeislafræðing, Guðrúnu Birgisdóttur, guðrunb@krabb.is, eða Halldóru Hálfðánardóttur, deildarstjóra á Leitarstöð, halldora@krabb.is.



Krabbameinsfélagið



Bifvélavirki óskast

Launafl ehf óskar að ráða bifvélavirkjameistara eða bifvélavirkja til að veita forstöðu Bifreiðaverkstæði Launafls ehf á Reyðarfirði.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf með góða vinnuástandi. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Endilega kaktu inn á www.austurland.is og þar sérdú þá fjölbreyttni sem Austurland hefur upp á að bjóða.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Magnús Helgason framkvæmdastjóri í síma 840-7211. Vinsamlega sendið umsókn á starfsmannastjóra LA adda@launafl.is



sími 414 9400 • www.launafl.is

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna. Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.



Talmeinafræðingur

Laus er til umsóknar staða talmeinafræðings og er starfs-hlutfall samkomulagsatriði.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu. Óskað er eftir einstaklingum með færni í samskiptum og sveigjanleika, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Fræðagarðs og fjármála-ráðherra auk stofnanasamnings Fræðagarðs og Reykjalundar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórunn Hanna Halldórs-dóttir yfirtalmeinafræðingur, thorunnh@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 25. nóvember 2018

Umsóknareyðublað og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is



SÝSLUMAÐURINN

Sérfræðingur í málefnum barna

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsir laust til umsóknar 50% hlutastarf sérfræðings í málefnum barna. Markmið með sérfræðiráðgjöf í málefnum barna og sáttameðferð á vegum sýslumanns er að aðstoða foreldra við að leysa úr ágreiningsmálum er varða m.a. forsjá eða umgengni með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Starfsstöð er hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu en fjögurra manna sérfræðiteymi sér um þjónustu við öll sýslumannsembætti og sinnir verkefnum á landsvísi.

Verkefni sérfræðinga lúta að málum sem eru til meðferðar hjá sýslumönnum þar sem foreldrar deila um forsjá, lögheimili, umgengni eða umgengnistálmanir. Starfið felst í ráðgjöf við foreldra, sáttameðferð, umsögn um tiltekin álitaefni og/eða liðsinni.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf til starfsréttinda í sálfræði, félagsráðgjöf eða sambærilegum greinum.
- Að hafa unnið að lágmarki í tvö ár við meðferð mála þar sem reynir beint á hagsmuni barna og/eða foreldra.
- Að hafa haldgóða þekkingu á ákvæðum barnalaga og þeim helstu álitaefnum sem reynir á við túlkun þeirra.
- Menntun á sviði sáttameðferðar eða sáttamiðlunar eða umtalsverð starfsreynsla á því sviði eða fjölskyldumeðferðar.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna undir álagi.
- Færni til að geta unnið sjálfstætt sem og í hópi með skipulögðum og öguðum vinnubrögðum.
- Færni í mæltu og rituðu máli á íslensku og ensku.

Nánari upplýsingar um starfið og umsóknaferlið er að finna á syslumenn.is/storf

Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember 2018.

Nánari upplýsingar um starfið veita Eyrún Guðmundsdóttir sviðsstjóri (eyrun@syslumenn.is) og Vigdís Edda Jónsdóttir mannaússtjóri (vigdisj@syslumenn.is).

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmára 1, 201 Kópavogur
s. 458 2000
www.syslumenn.is



Fagstjóri lækninga - Heilsugæslan Hvammi

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf fagstjóra lækninga Heilsugæslunnar Hvammi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika.

Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember 2018

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðisþjónustunni þar sem öllum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur gert breytingu á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlinustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur starfsfólk auk sjálfstæði til að móta starfsemi og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipulag, verkstjórn og samhæfing innan fagsviðs með svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Hefur umsjón með sérnámslæknum stöðvar, veitir fræðslu til nema, nýliða og starfsmanna fagsviðs í samvinnu við aðra starfsmenn stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starf samhlíða

Hæfnikröfur

- Sérfræðingur í heimilislækningum
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogaþæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Íslenskukunnátta nauðsynleg

Nánari upplýsingar

- Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. janúar 2019 eða eftir nánara samkomulagi.
- Upplýsingar veitir Rut Gunnarsdóttir, svæðisstjóri, s. 5135850 rut.gunnarsdottir@heilsugaeslan.is

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert. Stéttarfélag er Læknafélag Íslands. Allar umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjá Landlækniseimbættinu.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkeldsdóttur, framkvæmdastjóra mannaúts og nýliðunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Jafnframt skal fylla út eyðublaði „Umsókn um læknisstöðu“ og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) undir útfelld efni. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfa. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins www.heilsugaeslan.is undir laus störf eða á Starfartorgi www.starfartorg.is.

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun

STRÁ



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhæfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

www.stra.is



Svæðisstjóri - Heilsugæslan Hamraborg

um bestu bílastæðin og ekki þarf að borga í stöðumæli. Það er hvorki röð né troðingur við afgreiðslukassann heldur eru öð alltaf fremst í röðinni. Hægt er að skrifa strax umsögn um þjónustuna og koma þannig ánægju eða gremju á framfæri. Svo er hægt að leita uppi bestu tilboðin og gera virkilega góð kaup með aðeins einum smelli.



SENDUM FRÍTT
Á NÆSTA PÓSTHÚS



30%
AF ÖLLUM VÖRUM
11.11.2018
www.lindesign.is

KÓÐI Í VEFVERSLUN "1111"

Lin
DESIGN

LINDESIGN.IS



ÖRVAÐU GÓÐU
BAKTERÍURNAR*

STYRKTU NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

MEÐ NÁTTÚRULEGUM ENSÍMUM OG PRÓTÍNUM

FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA
MÆLIR MEÐ ZENDIUM TANNKREMI



*Verulegar breytingar á bakteríufloðu sem stuðlar að heilbrigðara tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.

Sterkar formæður

Ásdís Halla Bragadóttir skoðaði sögu formæðra sinna í nýrri bók sinni, Hornauga. Hún leitaði fanga í skjalasöfnum heima og erlendis, gróf upp áður óbirt einkabréf og umdeildar játningar. Fréttablaðið birtir brot úr öðrum kafla bókarinnar.

Úr 2. kafla
SÍÐDEGI
GRETTISGATA 46
SUNNUDAGUR,
18. JANÚAR 1959

Fingerðar hendur Hjartar titruðu þegar hann rétti henni kamelbrúnu vetrarkápuna sem hafði hangið í forstofunni. Hún þóttist ekki taka eftir neinu og lést vera upptekin af því að leita að sjalinu sem hún vissi að lægi samanbrotið innan í hattinum sem enn lá uppi á hillunni fyrir ofan fatahengið.

Ingibjörg áttaði sig á að skjálftinn í höndum hans stafaði ekki einungis af spennu vegna kvóldsins heldur var áfengisþorstinna farinn að segja til sín, en hann hafði haldið aftur af sér í drykkjunni í návist hennar síðustu vikur. Löngunin til að segja eitthvað, gráðbiðja hann enn og aftur um að snúa við blaðinu, kraumaði innra með henni, en staðföst beit hún á jaxlinn.

Af eigin raun þekkti hún tilfinninguna óþægilega vel. Tilhlökkunin sem magnast upp þegar hellt er í glasið, þetta dásamlega hljóð þegar vökvinn rennur úr flöskunni og stundin þegar sopinn fyllir vitin. Nautnin þegar áhrifin streyma út í blóðið, flæða um æðarnar og allar áhyggjur hverfa á braut. En hann átti að vita betur og á þessari stundu lét hún sem ekkert væri. Nú þegar sonur hennar stóð á þessum miklu krossgötum, var hvorki staður né stund til að predika yfir honum.

Itrekað hafði hún sagt allt sem segja þurfti.

Í þrjátíu ár hafði hún skrifað honum frá Ameríku, stungið þykku um bréfunum í umslögin og farið með þau á pósthúsið sem stóð rétt fyrir neðan gistiheimilið hennar á 2643 Broadway í New York.

Þörfin fyrir að hvetja hann, styðja og leiðbeina hafði aldrei vikið frá henni.

Í fyrstu voru bréfin hlý og hvetjandi, einlæggar kveðjur frá móður til sonar sem hún hafði verið neydd til að yfirgefa í æsku þegar hún fluttist – eða öllu heldur flúði land og fór eins langt í burtu og hún mögulega komst frá illum tungum í Reykjavík. Hún lýsti því hvernig líf hennar og bróður hans var í nýja landinu, og sagði að hún saknaði hans. Vonandi kæmi hann sem fyrst.

Þótt aldrei bærust svör skrifaði hún áfram í þeirri von að þrautseigjan sannaði fyrir honum að hún elskaði hann. Að hann væri það fyrsta sem hún hugsaði um þegar hún vaknaði upp í ys og þys stórborgarinnar í 5000 kílómetra fjarlægð og það síðasta þegar hún færi þreytt og safa snemma á kvöldin – en þá þegar var kominn nött hjá honum langt norður í Atlantshafi.

Hún varð að sanna fyrir honum að það hefði ekki verið ætlun hennar að svipta hann áhyggjulausri æskunni og hvað þá að skilja hann eftir þegar skipið sigldi burt með hana og litla bróður. Hann varð að trúna því að hún hefði veifað honum ef hún hefði

treyst sér til þess – ef það hefði ekki verið of sárt að kveðja. Auðvitað ætlaði hún alltaf að koma aftur, en hún gat það ekki. Hann hlaut að vita að hún ætlaði sér þetta aldrei. Ekkert af þessu.

Einstaka sinnum fékk hún fréttir af honum, fallega drengnum með bláu augun og ljósu lokkana sem alls staðar vakti athygli fyrir fjölpætta greind og mælsku. Strax í æsku lék hann sér að tungumálum og stærðfræði, að ógleymdum tónlistarháfeileikum sem nutu sín hvort sem var við fjölmörgu eða píanoíð.

Og í órafjarlægð breyttist hann smám saman í ungan mann, fjölmög leikara, píanoleikara, rithöfund, eiginmann, föður og menntaskólakennara.

Þá fyrst hætti hún að skrifa honum bréf um allt og ekkert en fór að láta eftir sér að lauma til hans góðum ráðum um hvernig hann gæti losnað úr fjótrum ástríðunanna – sama hverjar þær væru. Hvernig hann gæti orðið öllu óháður og óbundinn af hinu jarðneska tilríði. Verið frjálst.

Árum saman svaraði hann í engu hvatningu hennar en bréfin sendi hún áfram, eitt fyrir hverja árstíð.

Vetur.
Sumar.
Vor.
Haust.

Á vetur, skömmu fyrir jól, fylgdi þeim kassi með óvæntum glaðningi frá Ameríku. Góðgætið valdi hún vandlega. Hún imyndaði sér að eiginkona Hjartar yrði þakklát fyrir þurrkaða ávexti fyrir hátíðarnar og alveg var hún viss um að litlu synir hans þrjú kynnu að meta Hershey-súkkulaði, sleikibrjóstykur og kulutýggjó sem ekki fékkst á Íslandi. Fyrir hann sjálfan sendi hún nýjustu tímaritin. Árlega fékk hún skilaboð með þakklæti fyrir kassann en aldrei var minnst á bréfin.

Astandið á syninum, þegar hún kom loks til landsins eftir 30 ára útleög, var verra en hún hafði óttast og svo vanhirtur var hann að ekki var að undra að sálargróður hans hefði visnað.

Þarna stóð hann, fötur og fár, í þröngri en langri forstofunni og otaði að henni yfirhöfnum líkt og hann væri að yta á hana að drífa sig út. Þau höfðu varla lokið við að drekka síðdegisteið þegar hann sagðist sjálfur ætla að ganga frá bollunum sem þau höfðu nýlökkið úr. Þeir stóðu enn á eldhúsbörðinu ásamt sykurkrarinu, en hún vissi að hann hafði einungis sagt þetta til að hún hefði ekki við frágang í eldhúsinu. Hann vildi að hún færi sem fyrst.

Áður en Unnur, eiginkona hans, kæmi heim.

Áhyggjur hans voru óþarfar, hún þræði sjálf að komast út úr litlu risibúðinni sem var um 65 fermetrar en virkaði enn smærri en gólfhlöturinn sýndi því megnið af henni var undir súð. Ef hún kunni enn að umreikna metra yfir í fet voru það um 700 ferfet auk þvottahússins. Rúmgóða stofuna innst á ganginum hafði hún fengið út af fyrir sig meðan



Ásdís Halla Bragadóttir vildi vita meira um föðurfjölskyldu sína eftir að hafa fundið blóðföður sinn. MYND/ÁSDÍS



AF EIGIN

RAUN

ÞEKKTI HÚN

TILFINN

INGUNA

ÓÞÆGILEGA

VEL

Ingibjörg Lindal í nóvember 1919, komin rúmlega sex mánuði á leið með yngri son sinn. MYND/SIGRÍÐUR ZOĞGA

á dvölinni stóð og ekki gat hún kvartað yfir divaninum sem Unnur hafði búið vandlega um áður en hún kom.

Úr stofunni var opið inn í svefnherbergið þar sem fjölskyldan svaf, hjónin í tvíbreiðu rúmi, yngri drengirnir tveir í koju og sá elsti á litlum bedda. Herbergin voru svipuð á það um 700 ferfet auk þvottahússins. Rúmgóða stofuna innst á ganginum hafði hún fengið út af fyrir sig meðan

nær ekkert í svefnherberginu þegar búið var að koma þar fyrir rúmum fyrir fimm manna fjölskyldu, einum skáp og litilli kommóðu.

Á svefnherbergishurðinni, sem sneri út að forstofunni, hékk jakki Hjartar, í stíl við stifpressuðu buxurnar sem hann var kominn í. Hún vissi að hann yrði glæsilegur í honum þegar stóra stundin rynnir upp. Dökkgrár liturinn og rifflað

efnið myndi njóta sín við hvítu skyrturna og ljósgráa bindið sem hann var búinn að hnýta um hálsinn. Vissulega var hann grannholda og þreytulegur, með dökka bauga undir augunum, en hann var áberandi snyrtilegur og friður, húðin slétt og ljóst snöggekklippt hárið vatnsgreitt til hliðar.

„Fannstu sjalið?“

Með uppgerðarbrossi svaraði hún játandi, dró sjalið upp úr dökkbrúna hattinum sem hún hafði teygst sig eftir, tvívafoi um hálsinn og hnýtti laust. Hún flytti sér hægt í skóna og lét ekki á því bera að hún nýtti augnablikið til að dást að honum. Stundirnar þegar þau voru bara tvö ein höfuð ekki verið margar eftir að hún kom til landsins.

Helst hefði hún viljað fylgja honum gangandi niður í Sjálfstæðishúsið þar sem útvarpsupptakan fór fram, en hann sagðist vilja fara einn. Hann þyrfti næði fyrir upptökuna, að hvíla hugann og ná einbeitingu.

Til mikils var að vinna og til að gefa honum svigrúm hafði Ingibjörg gert sér upp erindi, sagst ætla að útréttu. Hún tók við káppunni, klæddi sig í hana og setti upp hattinn sem náði vel yfir hárið sem var tekið upp í hnút á hnakkunum.

„Við sjáumst í kvöld þegar ég er búinn.“

Hinn samsinnnti því og sagðist treysta því að hann gerði sitt besta. Í þann mund sem hann lokaði dyrnum á eftir henni horfði hún ákveðið í augun á honum og kvaddi hann með sínum hætti:

„Hjörtur minn ... láttu mig ekki verða fyrir vonbrigðum.“

KOLAPORTIÐ

Einstök stemning í 29 ár



**Kolaportið er umkringgt
bílastæðahúsum**

**Það er lítið mál að þanta
bás á kolaportid.is**



Lærðu ýmislegt af kosningunum

Vilji Demókratar hámarka sigurlíkur sínar fyrir forsetakosningarnar 2020 geta þeir dregið lærdóm af nýfyrstöðnum miðkjörtímabilskosningum. Fréttablaðið litur yfir helstu lexiurnar, líklega forsetaframbjóðendur Demókrata árið 2020 og söguleg atvik þriðjudagsins.

Dórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Nú þegar miðkjörtímabilskosningarnar í Bandaríkjunum eru loks að baki er loksins hægt að fara að hugsa alvarlega um forsetakosningarnar 2020. Það er ekkert leyndarmál að Demókratar þrjá að kippa forsetastólnum undan Donald Trump. Sjálfur hefur forsetinn tilkynnt að hann ætli að sækjast eftir endurkjöri og kemur það lítið á óvart.

Þar sem Demókratar unnu fulltrúadeildina á þriðjudaginn og munu hafa meirihluta þar fram að næstu kosningum geta þeir rannsakað meint brot Trumps í embætti. Hvort sem um er að ræða meint samráð framboðs hans við Rússa, sem sérstakur saksóknari rannsakar einnig, meinta nýtingu embættisins í hagnaðarskygni eða meinta hindrun framgangs réttvinnar vegna orðræðu og gjörða í tengslum við Rússarannsóknina.

Og vilji Demókratar hámarka sigurlíkur sínar 2020 geta þeir horft til ýmissa þátta kosninga þriðjudagsins og dregið af þeim lærdóm.

Eins og Fréttablaðið fjallaði um í vikunni eru Demókratar í miklu sóknarfæri í úthverfum Bandaríkjanna. Þau hafa í gegnum tíðina verið heldur á bandi Repúblíkana



Demókratar stefna að því að koma Donald Trump úr forsetastólnum í forsetakosningum árið 2020. NORDICPHOTOS/AFP

Sögulegir sigrar fjölbreyttra frambjóðenda í miðkjörtímabilskosningunum

- Rashida Tlaib og Ilhan Omar eru fyrstu múslimakonurnar til að ná kjöri á þing.
- Sharice Davids verður fyrsti samkynhneigði þingmaður Kansas.
- Chris Pappas verður fyrsti samkynhneigði þingmaður New Hampshire.
- Marsha Blackburn er fyrsta konan til að ná kjöri í öldungadeild í Tennessee.
- Sharice Davids og Deb Haaland eru fyrstu frumbyggjakonurnar til að ná kjöri á þing.
- Alexandria Ocasio-Cortez verður yngsta konan til að setjast á þing.
- Abby Finkenauer og Cindy Axne verða fyrstu konur Iowa á þingi.
- Ayanna Pressley er fyrsta svartá konan sem Massachusetts kys á þing.
- Janet Mills verður fyrsti kvenkyns ríkisstjóri Suður-Dakóta.

en meira að segja í úthverfum borga eins og Houston og Oklahoma City unnu frambjóðendur Demókrata til fulltrúadeildar sígra á þriðjudaginn.

Þótt Repúblíkanar vilji ekki aukna ríkisvæðingu heilbrigðiskerfisins vilja flestir kjósendur sjá slíka þróun. Þannig samþykktu kjósendur í Repúblíkanaríkjunum Idaho, Nebraska og Utah frumvörp sem auka opinbera þjónustu við fátækari einstaklinga.

Einnig boðar gott fyrir Demókrata að þeir náðu að vinna stóra sigra í miðvesturríkjunum. Til dæmis í Michigan, Illinois, Minnesota og Wisconsin. Trump náði Michigan og Wisconsin á sitt band 2020 eftir að fyrri frambjóðendur Demókrata höfðu sigrað ríkin án mikillar fyrirhafnar. Típi hann þeim árið 2020 færast forsetinn nær ósigri.

Í aðdraganda kosning ræddu skýr- endur mikili um að í ljós kæmi hvort betra væri fyrir Demókrata að stilla upp framsæknum frambjóðanda og hámarka þannig kjósrókn eða miðjumanni til þess að höfða til fleiri kjósenda og freista þess að vinna fleiri ríki þannig. Ekki fékkst skýrt svar við spurningunni enda töpuðu stór nöfn beggia fylkinga.

Hins vegar er ljóst að Demókrataflokkurinn hefur verið að fjarlægjast rótrógnar hugmyndir helstu áhrifamanna og færast nær grasróttinni. Þannig má búast við því að framsæknir frambjóðendur verði áberandi í forkosningunum.

Líklegir frambjóðendur Demókrata gegn Trump

Öldungadeild

Cory Booker
New Jersey



Booker gengur í takt við grasróttina og hefur greitt atkvæði með framsæknum frumvörpum á þingi. Þá hefur hann einnig lag á því að komast í fréttirnar og þykir tala eins og hann sé nú þegar í frambóði. Hefur ferðast um mikilvægustu forkosningaríki Demókrata.

Kirsten Gillibrand
New York



Gillibrand er vinsæl í heima- ríkinu New York. Í fortíðinni þótti hún meiri mið- maður en nú hefur hún tekið sér stöðu með grasróttinni og telst til framsækinnna Demókrata. Hefur ferðast um mikilvægustu forkosningaríki Demókrata.

Amy Klobuchar
Minnesota



Öllu meiri miðjumaður en flestir frambjóð- endur Demókrata. Hefur verið á flakki í Iowa, fyrsta forkosningaríkinu, og situr á þingi fyrir ríki sem Trump komst afar nálægt því að vinna.

Sherrod Brown
Ohio



Heldur sífelld áfram að vinna kosningar í Ohio, mikilvægu barátturíki allra undanfarna forsetakosninga. Talar eins og hann sé í frambóði til forseta.

Kamala Harris
Kalifornia



Nafn Harris hefur verið mikið í umræðu- unni og hún er vinsæl öldunga- deildarþingmaður. Líkt og Booker þykir hún tala eins og hún sé komin í frambóði. Hefur ferðast um mikilvægustu forkosningaríki Demókrata.

Bernie Sanders
Vermont



Afi hins nýja vinstri- sem kom öllum á óvart og veitti Hill- ary Clinton raunveru- lega samkeppni í forkosningum Demókrata 2020. Sagður ihuga að bjóða sig aftur fram og hefur ferðast um mikilvægustu forkosningaríki Demókrata. Verður hins vegar 79 ára á kjördag.

Elizabeth Warren
Massachusetts



Hinn jötnunninn, ásamt Sanders, á meðal framsækinnna Demókrata. Er vinsæl á meðal Demókrata og hefur ferðast um mikilvægustu forkosningaríki flokksins. Á í basli með orðræðu forsetans um hvort hún sé komin af frumbyggjum. Birtu umdeilt myndband sem átti að svara spurningunni og fékk dræmar viðtökur.

Fulltrúadeild

Beto O'Rourke
Texas



Þrátt fyrir að hafa tapað fyrir Ted Cruz í öldungadeildar-

kosningum í Texas er O'Rourke enn talinn líklegur í forsetaframbóði. Hann hreif Demókrata viðs vegar um Bandaríkin með sér með sinum gríðarlega sjarma.

Tulsi Gabbard
Hawaii



Hluti af Sanders og Warren-væng flokksins. Hefur ferðast um mikilvægustu forkosningaríki Demókrata og er sögð vera að kanna grundvöll fyrir frambóði.

Ríkisstjórar

Steve Bullock
Montana



Er ríkisstjóri Montana, sem kys venjulega Repúblíkana, og þykir hafa sýnt fram á hvernig Demókratar geta unnið rauðustu ríkin. Hefur ferðast um mikilvægustu forkosningaríki Demókrata.

John Hickenlooper
Colorado



Miðjumaður sem hefur verið leiðandi í baráttunni fyrir hertri skot- vopnalöggjöf. Er opinberlega að undirbúa frambóði. Hefur ferðast um mikilvægustu forkosningaríki Demókrata.

Martin O'Malley
Maryland



Bauð sig fram 2016 án árangurs. Hefur ferðast um mikilvægu ríkin.

Borgarstjórar

Michael Bloomberg



Milljarða- mæringur og fyrrverandi borgarstjóri New York. Bloomberg hefur áður rætt um áhuga sinn á forsetaframbóði og var orðaður við frambóð sem óháður 2016. Hann hefur skráð sig aftur í Demókrataflokkinn og styrkti frambjóðendur um háar upphæðir í ár.

Eric Garcetti



Borgarstjóri Los Angeles, Garcetti, virðist vera í frambóði og hefur flakkað um fyrstu forkosningaríkin á undanförmum mánuðum. Fáir þekkingu hann utan heimaborgarinnar en með þessu hefur hann styrkt stöðu sína.

Menn Obama

Joe Biden
Delaware



Varaforseti Obama sem ihugaði alvarlega forsetaframbóði 2016 og segist sjá eftir því að taka ekki slaginn. Hefur ferðast um mikilvægustu forkosningaríki Demókrata og mælist iðulega vinsælastur í könnunum.

Eric Holder
Washington DC



Dömsmálaráð- herra Obama sem hefur verið áberandi í kosningabaráttu Demókrata undanfarna mánuði.

Hefur ferðast um mikilvægustu forkosningaríki Demókrata.

John Kerry
Massachusetts



Utánríkisráð- herra Obama. Tapaði naumlega í forsetakosningum gegn George W. Bush árið 2004. Hefur ekki verið áberandi í kosningabaráttu en þó sést í Nevada og Iowa.

Næsti Trump

Michael Avenatti
Kalifornia



Avenatti er lög- maður klám- stjórnum Stormy Daniels sem átti í mála- ferlum gegn Trump forseta. Hann er án nokkurs vafa að undirbúa forsetaframbóði og hefur, þrátt fyrir skort á pólitískri reynslu, flakkað um Bandaríkin og kynnt stefnumál sín. Er vinsæl talsmaður hörðustu andstæðinga Trumps og gæti raun orðið eiginlegur Trump þeirra Demókrata. Þykir hafa skotið sig í fótinn á dögnum þegar hann sagði að Demókratar þyrftu að stilla upp hvítum karlmanni árið 2020 þar sem orð þeirra hefðu meiri vigt.

Mark Cuban
Pennsylvania



Cuban er mikill andstæðingur forsetans en hlíðstæða hans á sama tíma. Cuban er þekktur fyrir að vera eigandi körfu- knattleikslíðsins Dallas Mavericks og fyrir að vera raunveruleikasjón- varpsstjarna í sjónvarpsþáttunum Shark Tank. Hann er milljarðamæ- ringur og hefur lengi verið orðaður við frambóði.



**TYGGÐU EXTRA
TIL GÓÐRA VERKA**

**MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA
STYÐUR ÞÚ SOS BARNAPORPIN TIL BÆTTRAR
TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA**



Í SAMSTARFI VIÐ



Í OKTÓBER OG NÓVEMBER 2018

LED
PERUR

LÍFTÍMI
25.000
KLUKKUSTUNDIR

200
LUMENS

E27



LJÓASERÍUR
samtengjanlegar

3.598
kr. stk.

LED Ljósasería
10 hvítar LED perur
6,3 m, E27, samtengjanleg



5.998
kr. stk.

LED Ljósasería
20 rauðar eða hvítar LED perur
9,3 m, E27, samtengjanleg



198
kr. stk.

LED Ljósaperur
2,5W, E27, 5 litir

259
kr. stk.

LED Ljósaperur
5W, E27, 5 litir



295
kr. 400 g

KW Pipardropar
400 g

SKREYTUM
piparkökur



895
kr. pk.

Glassúr - 5 litir
5 x 120 g



295
kr. 400 g

Bónus Piparkökur
400 g

**SAMA VERÐ
UM LAND ALLT**

NÝ UPPSKERA
frá Frakklandi



279
kr. kg

Gul, rauð eða græn Epli
Frakkland



198
kr. 200 g

Kókostoppar
200 g



FLJÓTLEGT OG GOTT



1.298
kr. pk.

Bónus Réttir
6 tegundir



1kg

1.598
kr. 1 kg

Ungversk Gúlassúpa
1 kg



1.598
kr. 1 kg

Mexíkósk Kjúklingasúpa
1 kg



Matarmiklar súpur
FULLELDAÐAR
Aðeins að hita

1.598
kr. 1 kg

Íslensk Kjötsúpa
1 kg



8stk.

498
kr. pk.

Diana Kerti
24 cm, 8 stk., rauð eða hvít



ILMUR
af jólum

998
kr. stk.

Ilmkerti 3ja þráða
368 g, 7 tegundir



198
kr. stk.

Diana Kubbakerti
12x6 cm, rautt eða hvítt.

259
kr. stk.

Diana Kubbakerti
12x7 cm, rautt eða hvítt.

BONUS EKKERT BRUÐL

Granna ber að garði

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um eftirminnilega heimsókn.

Á árunum milli fyrri og síðari heimsstyrjaldanna var Alþjóðadómstóllinn starfræktur í hollensku borginni Haag. Dómstóllinn, sem að mörgu leyti var fyrirrennari Alþjóðamannréttinda-

dómstólsins sem nú starfar í sömu borg, var stofnaður árið 1920 og rekin í tengslum við þjóðabandalagið. Gríðarlegar væntingar voru bundnar við dómstól þennan, enda höfðu stjórnmalaspekingar í margan aldri látið sig dreyma um stofnun sem gæti skorðið á sanngjarnan hátt úr deilumálum ríkja og afstýrt þannig blóðugum styrjöldum.

Þegar ófriðarskýin tóku að hrannast upp í Evrópu um miðjan fjórða áratuginn fjaráði undan Alþjóðadómstólum og færri mál rötuðu á borð hans. Á árunum í kringum 1930 hafði dómstóllinn hins vegar veigamiklu hlutverki að gegna og leysti úr fjölda mála. Þar á meðal deilunni um Land Eiriks rauða eða Eirik Raudes Land, eins og það nefndist á norsku.

Deilan snerist um landsvæði á Grænlandi. Danir gerðu tilkall til fullra yfirráða á Grænlandi, en höfðu þó litt amast við umsvifum norskra hvalveiðimanna norðar-

lega á Austur-Grænlandi, á slóðum sem höfðu verið að mestu óbygðar að öðru leyti. Árið 1921 freistaðu dönsk stjórnvöld að nanna öll umsvif útlandinga á Grænlandi, sem olli árekstrum milli þeirra og Norðmanna, uns samkomulag náðist á árinu 1924 um að þeim siðarnefndu væri heimilt að koma sér upp veiði- og rannsóknaraðstöðu norðan tiltekinnar breiddargráðu.

En karpið um aðstöðuna á austurströndinni í byrjun þriðja áratugarins varð til þess að þjóðernispolitísk hjúp í málið. Metnaðarfullir Norðmenn tóku að rífa upp söguna og komust að þeirri niðurstöðu að ef til vill hefði Grænland átt að fylgja með þegar Norðmenn klufu sig frá Dönum. Svipuð sjónarmið tóku að láta á sér kræla á Íslandi, þar sem litill hópur manna talaði fyrir landakröfum á Grænlandi.

Norsk stjórnvöld tóku dræmt í allar hugmyndir um landnám á Grænlandi og vildu síður efna til fjandskapar við Dani. Sumarið 1931 ákvað því hópur norskra ævintýramanna að taka málið í sínar eigin hendur og þann 27. júní drógu þeir norska fánann að húni og lýstu yfir stofnun Lands Eiriks rauða, sem lúta skyldi norski stjórn. Tilkyrning þessa efnis var samstundis send á alla helstu fjölmiðla. Yfirlýsingin vakti hrifningu almennings og þorði ríkisstjórnin í Ósló ekki öðru en að gera kröfurnar að sínum fæinum dögum síðar. Skipti þar vafalítið máli að þótt ráðherrar stjórnarinnar hefðu sumir hverjir litla trú á þessu ævintýri, var Hákon konungur sannfærður um að málstaður Noregs væri sterkur. Sem fyrr segir lauk þessu Grænlandsævintýri Norðmanna þó fyrir dómstólum í Haag tveimur árum síðar.

Nýtt landnám

Helsta röksemd Norðmanna í deilunni um Austur-Grænland var sú að Danir hefðu fyrirgert rétti sínum til stórs hluta austurstrandarinnar með því að nýta hana ekki að neinu marki. Í því ljósi bæri að lita á landsvæðið sem ónumið og að Noregur væri raunar með hálfgerðan hefðarrett á því nú þegar. Þótt Alþjóðadómstóllinn hafnaði að endingu þessum rökum, höfðu þau valdið Dönum nokkrum áhyggjum um talsvert skeið. Það var einmitt í tengslum við tilraunir þeirra til að styrkja yfirráðaréttinn á austurströndinni sem Ísfróðingur fengu merkilega heimsókn sumarið 1925.

Það ár réðst danska nýlendu-stjórnin í að flytja tólf fjölskyldur, alls 89 manns – þar af um helmingurinn börn – frá Tasilaq á Suður-Grænlandi til Scoresbysunds, sem í dag nefnist Ittoqqortoormiit. Svæðið var óbyggt, þótt finna mætti minjar um búsetu inntá þar fyrr á öldum. Það var jafnframt auðugt að veiðidrygum og reyndist því auðvelt að finna sjálfbodaliða til að flytjast þangað, en hagar íbúanna í Tasilaq fór um þessar mundir versnandi vegna offjölgunar og þróngra landkosta.

Grænlandsfarið Gustav Holm flutti fjölskyldurnar til sinna nýju heimkynna, en á leiðinni hafði það viðkomu á Ísafirði. Önnur ástæða heimsóknarinnar var hversdagleg, þar sem taka þurfti vistir og vetrarförða fyrir hina fyrirhuguðu byggð. Hin var óvenjulegri: til að koma á laggirnar nýju samfélagi þurfti kirkju og prest. Prestinn þurfti að vigja og það skyldi gert í Ísafjarðarkirkju.



Góðar gjafir

Ísfróðingur voru kátir eftir sveitaferðina, en þó fannst mörgum miður að ekki hefðu allir gestirnir tekið þátt í henni. Komst sá kvittur á kreik að danskir skipverjar Gustav Holm hafi ekki viljað hleypa þeim sem fátæklegast voru búnir frá borði. Hvað svo sem sannleiksgildi þeirrar sögu liður voru Íslendingar til í að trúa öllu illu upp á dönsk yfirvöld og tóku Ísfróðingur nú að streyma niður á höfn með hvers kyns gjafir til grænslensku fjölskyldnanna – staðráðnir í að sýna fram á íslenska gestrisni en gera í leiðinni gömlu herraþjóðinni skemmt til.

Á fimmtudeginum var sjálf prestvígslan í Ísafjarðarkirkju. Danskur prófatur, sem var með í för, sá um að vigja prestsefnið Seier Abelsen að nafni. Til viðbótar voru sjö íslenskir prestar viðstaddir í fullum skróða, þar á meðal sóknarprestur Ísfróinga, sára Sigurgeir Sigurðsson, síðar biskup. Með þessu storkuðu gömmennirnir óvart eða viljandi gamalli spásögn þess efnis að Gleiðarhjalli myndi steypast yfir Ísafjarðarbæ og kirkjuna ef sjö prestar stæðu þar fyrir altari.

Ekkí fórst Ísafjarðarbær á meðan á messunni stóð og í kjölfarið var slegið upp nýrri veislu, að þessu sinni í bióhúsi bæjarins – með kvikmynd, fimleikasýningu, kaffipambi og vindla-reykningum sem fyrr.

Í þakklætisskyni við hinn góða viðurgjörning ákvaðu Grænland-ingarnir að efna til sýningar á kajakróðri og skotfimi á Pollinum. Reru þeir bátum sínum fram og aftur með ógnarhraða, öfrolfðu þeim og réttu við á víxl. Jafnframt beittu þeir skulnum sínum af mikilli snilli. Engan sel var raunar að finna á Pollinum, en þess í stað tókst veiðimónumnum að hitta fugla á flugi og uppskaru lof áhorfenda.

Grænslenski hópurinn yfirgaf Ísafjörð að morgni 29. ágúst. Skipið hreppið mikið óveður, en að lokum komst það til Scoresbysunds eftir viku útivist.

Ekkí bærast Ísfróðingum frekari fregnir af aðfridum gesta sinna, enda Grænland í raun lokað land þaðan sem sáralitlar fregnir bærast. Snemma árs 1928 flutti þó Bjarni, blað Kristinboðssambandsins stutta fregn af samfélaginu við Scoresbysund. Blaðið hafði fjallað ítarlega um vigsu Seiers Abelsen og farið fögrum orðum um trúarækni Grænlandinga, sem ritstjórnarinn þótti augljóslega að væri mun meiri og hreinni en Íslendinga.

Birti blaðið frásögn þri ríti danska trúboðsfélags þar sem fram kom að margir íbúanna hafi átt við sjúkdóma að stríða og þar af hafi fjórir fullorðnir lást, að sögn sára Abelsens. Hefði þar slæmum húsakosti verið um að kenna. Veikindin hefðu leitt til mikilla þrenginga og hafi hluti fólksins neyðst til að leggja sér gömul tjaldskinn til munns og einn veiðimaðurinn orðið að slátra tveimur hunda sinna til að seðja hungur barna sinna. Lét presturinn þess getið að samfélagið hefði orðið enn verr úti ef ekki hefðu komið til veglegar fatagjafir Ísfróðinga sumarið 1925. Tók hann þó fram að hópurinn væri kominn yfir erfiðasta hjallann, enda átti byggðin við Scoresbysund eftir að eflast og dafna næstu áratugina, þótt kveikjan að henni – landþrætur við Norðmenn – væri löngu fyrir bi.

KOMIN Í BIÓ

Sýnd með íslensku, ensku og pólsku tali

ILLUMINATION VYNNIR

GRINCH

E EIMSKIP FANTA PRINCE POLO

LAUGARÁS BIÓ SMÁRÁ BIÓ ALFABAKKI BIÓ

HÁSHÓLA BIÓ BORGAR BIÓ



Við bætum
við bætum

Heima +  = 10×GB

Heima færir þér **tífalt gagnamagn** þegar þú skráir þig í farsímaáskrift hjá Vodafone. Fáðu allt í einum pakka fyrir heimilið og bættu við þig bætum í leiðinni!

Nánari upplýsingar veitir **Vodafone.is**

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

 **vodafone**



Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna andláts elsku móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Haldóru Guðmundsdóttur
frá Raufarhöfn,
Lyngholti 6, Akureyri.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á Reynihlið fyrir góða umönnun.

Guðmundur Bárðarson **Steingerður Steinarsdóttir**
Jóhanna Bárðardóttir **Guðni Þórðsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,
Guðrún Frances Ágústsdóttir

verður jarðsöngin frá Garðakirkju nk. þriðjudag 13. nóvember kl. 13.00.

Katrín Þ. Magnúsdóttir **Magnús Kristinsson**
Guðjón H. Magnússon
Ágústa S. Magnúsdóttir **Hafsteinn K. Halldórsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Athöfn
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Vönduð og persónuleg þjónusta
Inger Steinsson

ATHÖFN ÚTFARARÞJÓNUSTA - s. 551 7080 & 691 0919
athofn@athofn.is - www.athofn.is

Nægðin, hlýja og virðing *Við undlæt ástvinar*

ÚTFARARSTOFA
REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 **Þjónusta allan sólarhringinn**

Víð erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Emília Jónsdóttir, félagsráðgjafi

Útfararþjónusta
& lögræðipjónusta

Víð önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Víð þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Mín faglega fjölskylda

Ása Richardsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri alþjóðlegu sviðslistasamtakanna IETM sem yfir 500 leik- og danshús, hópar og hátíðir í fimm heimsálfum eiga aðild að.

Ég er mjög glöð og tilbúin að takast á við þetta starf," segir Ása Richardsdóttir, stödd í München í Þýskalandi, á stórum fundi sviðslistasamtakanna IETM þar sem tilkynnt var um ráðningu hennar sem framkvæmdastjóra þeirra frá 1. febrúar næstkomandi. Hún segir að rúmlega 50 manns hafa sótt um embættið. „Fyrst voru valdir átta og svo fjórir, þannig að ég er búin að fara í tvö viðtöl og veit að rétt var víð margt fólk sem hefur haft af mér kynni. Þetta hefur verið tveggja mánaða ferli," segir hún.

Samtökin IETM eru með aðsetur í Brussel svo þar kemur Ása til með að búa næstu árin, eftir að hún tekur við stöðunni. Þau eru ein þau stærstu sinnar tegundar í heiminum. Voru stofnuð árið 1981 og eru með yfir 500 leik- og danshús, hátíðir, hópa, stofnanir og samtök innanborðs, auk listráða og menningar-ráðuneyta margra landa.

Ása er fædd og uppalin í Kópavogi. Þar hefur hún líka búið og blandað sér í bæjarpólitíkina á seinni árum en fyrstu afskipti hennar af sviðslistum var stofnun Kaffileikhússins árið 1994 sem hafði aðsetur í Hlaðvarpanum, neðst við Vesturgötuna í Reykjavík. Síðar var hún framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins í átta ár og forseti Leiklistarsambands Íslands í fjögur. Nú er hún formaður stjórnar Tjarnarbiós og síðustu átta ár hefur hún unnið sjálfstætt í ýmsum norrænum, evrópskum og alþjóðlegum verkefnum. „Ég hef verið félagi í IETM fyrir hönd mismunandi stofnana, hópa og leikhúsa í sextán ár. Samtökin hafa verið mín faglega fjölskylda," segir hún.

Ása segir Ísland hafa gengið í IETM með því að skipuleggja stóran fund á vegum samtakanna í október árið 2002. „Sjálfstæði leikhúsin stöðu að fundinum, þá voru átta slík á höfuðborgarsvæðinu. Við brydduðum upp á ýmsum nýjungum, buðum til dæmis upp á ferðalag daginn áður en fundurinn hófst. Fólk fékk meðal annars að fara í sund í Hveragerði, hlýða á sölótónleika Tatu Kantoma harmóníkuleikara við 200 kertaljós inni í helli og gista í kújum í skíðaskála undir dansandi norðurljósum. Þannig stimpluðum við Íslendingar okkur inn og forferðir hafa verið fastur liður fyrir stóra fundi samtakanna síðan."



Ása kveðst tilbúin að flytja út þó henni þyki ákaflega vænt um Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlutverk IETM

Samtökin IETM standa fyrir tveimur stórum listþingum á hverju ári í einhverri af borgum Evrópu, auk fjölda annarra viðburða víðs vegar um heim. Einnig reka þau útgáfu um málefni sviðslista, stöðu þeirra,

þróun og nýbreytni. Þau eru einn helsti tengiliður Evrópusambandsins þegar kemur að sviðslistum og gegna hlutverki í stefnumótun fyrir slíkar listir á alþjóðavísu. <https://www.ietm.org>

Ása segir næsta stóra fund IETM verða í Hull í lok mars, helgina sem Bretar ganga úr Evrópusambandinu. „Við ætlum að vera Bretunum, vinum okkar, til halds og trausts," segir Ása. Þeir hafa á síðustu vikum orðið fjölmennasta þjóðin innan samtakanna. Það er ákveðin sögn í því að ganga í samtökin og efla sitt evrópska og alþjóðlega samstarf."

Áður en Ása tekur við nýja embættinu ætlar hún að stýra norræna dans-

tvíæringnum Ísheit Reykjavík sem fer fram víða á höfuðborgarsvæðinu 12. til 16. desember. Svo eru flutningar handan víð hornið. „Ég er algerlega tilbúin að flytja út, þó mér þyki ákaflega vænt um Ísland," segir hún og upplýsir að eiginmaðurinn, Hjálmar H. Ragnarsson, muni örugglega verða með annan fótinn á Íslandi og hinn í Brussel. „Krakkarnir okkar eru uppkomnir, þeir koma og fara eftir því sem þeim sýnist." gun@frettabladid.is

Hundrað ára sjálfstæði Póllands fagnað

Pólskir Reykjanesbæingar fá tækifæri til að rækta og kynna sína menningu í dag. Þá fagna þeir 100 ára sjálfstæði Póllands með hátíð í ráðhúsi Reykjanesbæjar milli klukkan 13 og 16.

„Ég á alveg von á fjölda fólks. Hvar sem ég kem og ræði hátíðina mætir mér gleði og eftirvænting, hvort sem viðmælendur mínir eru af pólskum, íslenskum eða öðrum uppruna," segir Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnisstjóri fjölmenningsmála í Reykjanesbæ. Hún segir hafa verið leitað til fyrirtækja og stéttafélaga á svæðinu eftir samstarfi. „Það er skemmt frá því að segja að þau voru öll tilbúin til að styrkja hátíðina og þau hafa gert þennan viðburð mögulegan," segir hún.

Þetta er í fyrsta skipti sem pólsk menningarhátíð er haldin í Reykjanesbæ. Erlendir ríkisborgarar eru um fjórðungur íbúa bæjarins og um 60% þeirra eru með pólskt ríkisfang. Þjóðhátíðardagur Póllands er 11. nóvember og nú eru liðin 100 ár frá því ríkið ólaðist sjálfstæði að nýju. –gun



Julia Dubrowska og Marcelina Owarska verða kynnar og Alexander Grybos mun koma fram fyrir hönd Tónlistarskóla Reykjanesbæjar ásamt öðrum nemendum þaðan.

+


 Elsku hjartans eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Geir Sigurðsson

lést í Stokkhólmi 24. október. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 15. nóvember kl. 15.00.

Berglind Elfarsdóttir
 Óddrún Anna Róbertsdóttir
 Geir Aron Geirsson
 Breki, Amelia Ósk og Kamilla Rut

+


 Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, sonur, tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Rafns Antonsson
 byggingataeknifraeðingur, Jakaseli 20, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar 7. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Guðrún Clausen
 Sólveig Andrea Jónsdóttir Hilmir Viglundsson
 Svava Hröðný Jónsdóttir Stefan Jónsson
 Guðrún Andrea Sólveigardóttir Þorbjörn Þór Sigurðarson
 Svava Jónsdóttir
 afa- og langafabörn.

+


 Hugheilar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts
Péturs Sigurðssonar
 fv. forseta Alþýðusambands Vestfjarða.

Hjördis Hjartardóttir
 Sigurður Pétursson Ólina Kjerúlf Þorvarðardóttir
 Edda Péturardóttir Bergsteinn Baldursson
 og afabörn.

+


 Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Guðmundur Sigursteinsson
 bifreiðarstjóri, Yrsufelli 15, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 24. október. Útför fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 12. nóvember kl. 13.00.

Ólöf Guðrún Elíasdóttir
 Þuríður Guðmundsdóttir
 Finnur I. Guðmundsson Aðalgerður Guðlaugsdóttir
 Sigrún J. Guðmundsdóttir Björgólfur H. Ingason
 Sigursteinn Guðmundsson Þorbjörg Ó. Björgvinsdóttir
 afa- og langafabörn.

+


 Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Jytte Inge Árnason
 Hrafnistu, Brúnavagi 15, Reykjavík,

lést sunnudaginn 21. október. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu fyrir góða umönnun.

Guðrún Árnadóttir Gíslí Grétar Sólósson
 Rannveig Árnadóttir Eiríkur Jón Ingólfsson
 Inga Magdalena Árnadóttir Anna Arndís Árnadóttir
 Leifur Jónsson
 og aðrir aðstandendur.

Viltu birta minningargrein á frettbladid.is?

Minningargreinar skal senda á tímamot@frettbladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettbladid.is/tímamot

+


 Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Edda Kaaber
 Reynimel 76, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 8. nóvember á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hennar fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 13. nóvember kl. 15.00.

Helga Guðadóttir Helgi Jenson
 Garðar Ás Guðnason
 Kristin G. Guðadóttir
 barnabörn og langömmubörn.

+


 Ástkær dóttir mín, eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðfinna Guðlaugsdóttir
 Tröllakór 1-3, Kópavogi, áður Greniteig 51, Keflavík,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 5. nóvember. Útförin fer fram í kyrþey.

María Arnlaugsdóttir Jón Stefánsson
 Steinunn Jónsdóttir Eiríkur Sveinn Tryggvason
 María Jónsdóttir Tómas Árni Jónsson
 ömmubörn og langömmubarn.

+


 Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Ólafur Finnþegason
 skipstjóri, Erluási 2, Hafnarfirði,

andaðist á LSH Fossvogi 8. nóvember. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 14. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Aðalheiður Bergfoss Jón Óli Benediktsson
 Þórdís Hafrún Ólafsdóttir Þormósson
 Gerður Ólafsdóttir Jörger Heiðar Þormósson
 Finnþegugi Ingi Ólafsson Harpa Karlsdóttir
 Ágústa Þorbjörg Ólafsdóttir Guðmundur Jónnason
 Georg Ólafsson Unnur Tómasdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.

+


Ragnhildur Gísladóttir
 Kóngsbakka 12,

lést 30. september á elliheimilinu Grund við Hringbraut. Útförin hefur farið fram í kyrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd aðstandenda, Þorbjörn Guðbjörnsson

+


 Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Bryndis Guðrún Kristjánsdóttir

lést á líknardeild Landspítalans hinn 1. nóvember sl. Útförin fer fram frá Fella- og Hólaakirkju, mánudaginn 19. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á minningarsjóð líknardeildar og heimahlýningu LSH.

Árni Vilhjálmsson Kristján G. Guðmundsson
 Kristjana S. Árnadóttir Kristján G. Guðmundsson
 Svan Gunnar Guðlaugsson Inese Babre
 Guðlaug B. Árnadóttir Jón Pálmi Bernósdóttir
 Vilhjálmur Árnason Sigríður G. Sigurjónsdóttir
 Kristján S. Árnason Anna Kristín Greittisdóttir
 Halldóor Rúnar Hjálmtýsson Nela Bearneza Baldeolar
 Pétur Gunnar Þór Árnason Ingibjörg K. Þórarinsdóttir
 Ágúst Hjálmtýsson Yfan Tang
 Ástrós Hjálmtýsdóttir Kristján Bjarnason
 barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

+


 Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns minns, föður okkar, tengdafaður og afa,
Ásgeirs Ásgeirssonar

Hjördis Bergþórsdóttir
 Ásdis Ásgeirsdóttir
 Ásgeir Viðar Ásgeirsson Úlfhildur Hilmarsdóttir
 Andri Viðar Haraldsson, Erna Sólrún Haraldsdóttir

+


 Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa samúð og hlýhug vegna andláts móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Kristrúnar Ellertsdóttir
 Eyjabakka 14, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á kvennadeild 21A og heimahlýningu á Landspítala fyrir frábæra umönnun.

Kolbrún Þorsteinsdóttir Matthias Loftsson
 Þorsteinn Rúnar Kjartansson
 Lilja Björg Kjartansdóttir Erlendur Ingi Jónsson
 og langömmubörn.

+


 Elsku bróðir okkar, mágur, frændi og vinur,
Karl Þórhallur Haraldsson
 Breiðabólstað, Ölfusi,

sem lést 28. október, verður jarðsönginn frá Nes Kirkju mánudaginn 12. nóvember kl. 13.00.

F.h. aðstandenda,
Halfríður Ólöf Haraldsdóttir og Pétur Ottósson

+


Ingibjörg Bjarnadóttir
 (Stúlla)

fædd 11. desember 1950
 dánin 4. nóvember 2018

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma, Ingibjörg Bjarnadóttir, Stúlla, lést í faðmi fjölskyldu sinnar á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 4. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. nóvember kl. 13.30.

Freysteinn Gíslason Ingibjörg D. Matthíasdóttir
 Bjarni Gíslason Sigmar Ingi Gíslason
 Dagmar Heiðis Jóhannsdóttir
 og barnabörn.

+


 Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Aðalgeir Aðdal Jónsson
 Ægisgrund 7, Garðabæ,

lést fimmtudaginn 1. nóvember. Útför hans fer fram frá Garðakirkju, mánudaginn 12. nóvember klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hans er bent á Parkísónsamtökin.

Bryndis Þórarinsdóttir
 Sveinbjörn Aðalgeirsson
 Vesteinn Aðalgeirsson Kristjana Sigurgeirsdóttir
 Ingunn Þóra Hallsdóttir Ólafur Ingi Grettisson
 Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir
 og barnabörn.

+


 Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns minns, sonar okkar, föður, tengdafaður, afa og bróður,
Karl Harðarsonar

Ragnheiður Lára Jónsdóttir
 Hörður Sófússon Geirlaug Karlsdóttir
 Hörður Karlsson Bylgja Dögg Sigmarssdóttir
 Haukur Karlsson Elsa Sól Gunnarsdóttir
 Auður Karlsdóttir Jón Stefan Hannesson
 Embla Harðardóttir
 Bryndis Harðardóttir

Ert þú ekki örugglega eldklár fyrir jólin?



795,-

ensonordic
SAFE BY INNOVATION

Value 300 reykskynjari

Hefðbundinn reykskynjari, 9V rafhláða, festingar og leiðbeiningar. Gefur frá sér viðvornarhljóð þegar skipta þarf um rafhlöðu.



3.995,-

ensonordic
SAFE BY INNOVATION

Reykskynjari

Umhverfisvænn reykskynjari, sem sendir viðvörn í alla aðra tengda reykskynjara. Rafhlöður fylgja.



5.595,-

ensonordic
SAFE BY INNOVATION

Reykskynjari 230 V

Optískur reykskynjari fyrir 230 V teningu, með vararahlöðu. Hægt að tengja við allt að 40 einingar. Uppfyllir trústu byggingareglur.



6.395,-

ensonordic
SAFE BY INNOVATION

Kolmónoxíðsskynjari

Hentugur kolmónoxíðsskynjari, sem gengur fyrir 9 V rafhlöðu. Inniheldur Long Life-skyngjara, sem skynjar minnstu útgufun af kolmónoxíði.



995,-

Duftslökkvitæki, 1 kg
ABC 5A, 34B, C



4.895,-

Duftslökkvitæki, 2 kg
Ogniochron Duftslökkvitæki m/mæli og veggfestingu. Afköst 13A og 89B/C.



8.895,-

Léttvatnstæki, 6 kg
6 lítra Ogniochron AB Léttvatnstæki. Afköst 21A og 183B m/mæli og veggfestingu.



9.195,-

Duftslökkvitæki, 6 kg
Ogniochron Duftslökkvitæki m/mæli og veggfestingu. Afköst 43A og 233B/C.



BAUHAUS®



KRAKKAR

Konráð ³²⁶ og félagar á ferð og flugi

Konráð hafði fundið bók um risaeðlur. „Mér hafa alltaf fundist risaeðlur svo heillandi,“ sagði hann glaður og fletti bókinni. „Svo eru ofsalega finar myndir í þessari bók.“ Lisaloppa horfði ofan í bókina yfir öxlin á honum. „Sumar eðlurnar voru jurtaætur en aðrar kjötætur,“ sagði hún. „Og hvað með það,“ sagði Kata. „Er það ekki eins í dag, sum dýr eru jurtaætur en önnur kjötætur?“ „Jú,“ sagði Lisaloppa. „En risaeðlurnar eru svo ofsalega gamlar að það er ekki svo auðvelt að sjá á útliti þeirra hverjar voru jurtaætur og hverjar kjötætur. Þær eru svo ólíkar þeim dýrum sem við þekkjum í dag.“




1 Voru þessar risaeðlur:

A kjötætur
B jurtaætur

2 Eða voru þessar risaeðlur:

A kjötætur
B jurtaætur



Veistu hvort þessar risaeðlur voru jurtaætur eða kjötætur?



Skáldsagan

Skóladagur í Einelti

Höfundur: **Júliá Hilmarsdóttir**,
9 ára, Háaleitisskóla við Alftamýri.

Annar hluti:

.... Hún vissi ekki hvort það var gott eða vont. Svo stóð einn krakki (stærsti krakkinn) upp og fór yfir til hennar og sagði svolítið lágt en ekki of lágt: „Hei, ertu þessi nýja?“ „Já, af hverju?“ spurði hún. „Þú ert miklu minni en ég hélt, ertu nokkuð jafn aum og þú ert litil?“ flissaði hann. Mandý roðnaði. „Nei ...“ svaraði hún. „Attu einhverja krafta?“ hló hann.

„Heyrðu, hvað heitirðu?“ spurði hún. „Pfft, Stefán,“ svaraði Stefán. Mandý leit í kring um sig. „Kristín er að tala við Brynjar stærðfræðikennara,“ sagði Stefán. „Ó,“ sagði Mandý og roðnaði smá. Stefán ýtti henni úr sætinu á hart gólf. „Ái!“ vældi Mandý.

Kristín kom inn. Mandý klagði Stefán. „Stefán“ sagði Kristín ströng á svip. „Hvað?“ sagði Stefán og leit hvössum augum á Mandý.



ÞÚ ERT MIKLU MINNI EN ÉG HÉLT, ERTU NOKKUÐ JAFN AUM OG ÞÚ ERT LÍTIL.

„Þú mátt ekki stríða og ýta öðrum krökkum,“ sagði Kristín með sinn stranga svip. „Nei, nei,“ sagði Stefán. „Bla bla bla,“ tautaði hann lágt svo Kristín heyrði ekki í honum.

Framhald í næsta blaði.



Norskur skógarköttur er loðinn og mjúkur. NORDICPHOTOS/GETTY

Kisur eru vinsæl gæludýr

Flestar kisur eru mjúkar og sumar loðnar en svo eru líka til nánast hárlausar kisur. Því það er sko til aragrúu kisutegunda í heiminum.

Kisur eru oft kallaðar heimiliskettir enda eru þær mjög vinsæl gæludýr. Heimiliskettir eru undirtegund villtra katta en sú tegund er stærri en hinn venjulegi heimilisköttur. Kettir eru nefnilega lítil rándýr af ætt kattardýra.

Til eru nokkrar tegundir heimiliskatta eins og til dæmis siamskettir og norskir skógarkettir. Það er meira að segja til ein tegund katta sem er hárlaus og kallast hún sfinxköttur.

Kisur eru venjulega fjögur til fimm kíló að þyngd. Þó eru til tegundir katta sem verða mjög stórar. Ein sú stærsta heitir Maine Coon og hún getur orðið 11 kíló. Árið 2010 var köttur af þeirri tegund valinn stærsti köttur í heimi af Guinness og var sá köttur 123 sentimetrar að lengd, að skottinu meðtöldu. Maine Coon kettir geta vaxið þangað til þeir verða fjögurra ára.

Kettir skiptast í tvö kyn, kvendýr sem heitir læða og karldýr sem heitir fress. Þegar læðan verður kettlinga-full gengur hún

með í 64-67 daga og eignast yfirleitt þrjá til fimm kettlinga.

Af því að kettir eru rándýr þá heyrta þeir mjög vel svo þeir geti heyrt í músum og öðrum dýrum sem þeir vilja veiða. Þeir sjá auk þess mjög vel í myrkri. Þeir eru líka með mun betra lyktarskyn en við mannfólkið. Þeir sjá þó ekki líti eins vel og við.

Kettir geta lifað lengi en verða oft tíu til fimmtán ára gamlir.



Þessi hlunkur er af tegundinni Maine Coon sem getur orðið ellefu kíló. Hann er vist sá stærsti í heimi.

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



Loftdæla OMEGA 12V 30L

8.995

frá 1.999



Álskóflur



4.895

Viðgerðarbretti

Sonax hreinsivörur á frábæru verði



Öflugar háprýstidælur 165Bör 1800W

19.999



Háprýstidæla 1650W

9.999



Hjólattjakkur 2T m/tösku

3.795



6T Búkkar 605mm Par

9.999



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395

Hjólbörur 100kg

3.995

Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Laufahrifur

frá 999



frá 395

Ruslätínur



frá 995

Skóflur

Strákústar

685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

79.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795

Steðjar í miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



Vice Multi angle

6.985



7.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



Fjolsög Höffttech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



14.999

Hjolsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999


SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Norðaustanátt 13-24 m/s og hvassast á SA-landi fyrri part dags, en á Vestfjörum seinnipartinn. Rigning austan til og talsverð úrkomu á Suðausturlandi en dregur úr úrkomu í kvöld. Úrkomulitið vestan til. Hiti 3 til 10 stig, svalast norðaustanlands.

Heimurinn

Kaupmannah. Oslo 11°	Stokkhólmur 9°	Gautaborg 10°	Heisinki 6°	Ísrahólmur 9°	Nuuk -7°
London 13°	Amsterdam 12°	Paris 12°	Berlin 14°	Madrid 12°	Brussel 13°
Boston 9°	New York 6°	Orlando 21°	Moskva 1°	Singapur 27°	Tokjó 15°
					Sydney 17°

Reykjavík

	Sunnudagur 5° ← 6	Mánudagur 3° ← 5	Þriðjudagur 3° ← 8	Miðvikudagur 3° ← 8	Fimmtudagur 2° ← 5
--	----------------------	---------------------	-----------------------	------------------------	-----------------------

Ísafjörður

	Sunnudagur 0° ← 16	Mánudagur -1° ← 12	Þriðjudagur -0° ← 9	Miðvikudagur -1° ← 9	Fimmtudagur -1° ← 10
--	-----------------------	-----------------------	------------------------	-------------------------	-------------------------

Akureyri

	Sunnudagur 2° → 2	Mánudagur 1° ↓ 5	Þriðjudagur 1° ↓ 5	Miðvikudagur 0° ↑ 2	Fimmtudagur 0° → 3
--	----------------------	---------------------	-----------------------	------------------------	-----------------------

Egilsstaðir

	Sunnudagur 3° → 2	Mánudagur 2° ↓ 10	Þriðjudagur 3° ← 2	Miðvikudagur 2° ← 3	Fimmtudagur 0° ↑ 5
--	----------------------	----------------------	-----------------------	------------------------	-----------------------

Kirkjubæjarklaustur

	Sunnudagur 5° ← 6	Mánudagur 3° ↓ 5	Þriðjudagur 3° ↓ 3	Miðvikudagur 3° ← 6	Fimmtudagur 2° ← 5
--	----------------------	---------------------	-----------------------	------------------------	-----------------------

Pondus

Eftir Fróde Þverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

M18 FUEL M18 FCHS
Aluöru keðjusög frá Milwaukee

M18 FUEL™ skilar afli til að saga á við bestu bensinknúna keðjusaginnar.

POWSTATE™ mótör.
REDLINK PLUS™ yfirálagsvörn.
REDLITHIUM-ION™ rafhláða.

Sveigjanlegt rafhlöðukerfi sem virkar með öllum Milwaukee® M12™ rafhlöðum.

VERKFÆRA SALAN

vfs.is

Vatnsheldir gæðaskór

Frá Lytos með innbyggðum broddum í sóla.

Verð **16.995**

Stærðir 36-47

skómir þínir

SMÁRALIND • 2 HÆÐ
SKORNIRTHINIR.IS

LYTOS

MARGRA BARNNA MÆÐUR



SUNNUDAGA

Margra barnna mæður

Önnur þáttaröð þessara vönduðu þátta þar sem sjónvarpskonan **Sigrún Ósk Kristjánsdóttir** hittir fjölskyldur sem eru stærri en almennt gengur og gerist í dag. Við fylgjumst með heimilislífinu og hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á stórum heimilum þar sem börnin eru allt að tíu talsins.

Allt sem ég trúi á er í hættu

Sverrir Norland sendir frá sér fimm stuttar bækur. Á leið til Japan að vinna á bóndabæ og rækta grænmeti.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Sverrir Norland sendir frá sér fimm bækur í þessu júlábókafloði, þrjár stuttar skáldsögur, smásagnasafn og ljóðabók, sem eru hagamlega hnýttar saman með snotru snæri. „Ég hef alltaf verið hrifinn af stuttum bókum sem maður getur lesið í einum rykk. Svo datt mér í hug að gefa út nokkrar stuttar bækur saman, sem væru eins og ein stór bók, og selja á verði einnar bókar,“ segir hann.

Sverrir er einn af höfundum Forlagsins en bækurnar fimm koma út hjá nýrri útgáfu, AM forlagi. „Ég er ennþá hjá Forlaginu, þessi útgáfa er eins konar hliðarbúskapur sem ég og fólk í kringum mig stendur að,“ segir Sverrir. „Konan mín hannar bækurnar, karl faðir minn er yfirlesari, bræður mínir setja upp vefsiðuna og vinir mínir hjálpuðu mér að hnýta saman bækurnar.“

Morð á Kaffi Best

Spurður um efni skáldsagnanna segir Sverrir: „Ein heitir Fallegasta kynslóðin er alltaf sú sem kemur næst og er saga um hóp ungra Íslendinga sem ákveður að bjarga íslenskum bókmenntum frá dauða og gerir allt sem í sínu valdi stendur til að ná því markmiði. Önnur skáldsaga heitir Hið agalaua tívoli. Framið er morð á hinu smekklega Kaffi Best í Vesturbænum og tvær seinneppnar lögreglukonur, Elisabet og Lotta, þurfa að taka á honum stóra sinum til að afhjúpa hryllilegan sannleikann. Í ljós kemur að athyglisbrestur hefur náð svo sterkum tökum á samfélaginu að enginn, hvorki lögreglan né almenningur, getur einbeitt sér að málinu – nema yfirmaður morð-



„Ef við hættum að hugsa um samfélag okkar á tungumálinu okkar þá verður ákveðið rof.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á TÍMABILI HUGSAÐI ÉG: ÉG GET EKKI BARA SETIÐ HEIMA HJÁ MÉR OG BUIÐ TIL VANDAMÁL OG SKÁLDAD UPP FÓLK ÞEGAR ÞAÐ ER SVO MARGT ANNAD SEM ÞARF AÐ GERA.

deildarinnar, Sverrir Norland, sem flýr í afskekkt kofaskrifli til að fá frið til að hugsa. Þriðja skáldsagan Manneskjusafnið segir frá tveimur bræðrum, Korneliusi Páli og Sigvalda Óla, sem missa foreldra sína unga. Skáldsagan fjallar einkum um hvernig bræðurnir vinna úr sorginni og það hvernig við horfum ólíkum augum á veröldina og höslum okkur

þar völl með mismunandi hætti – og hvernig við getum endurskapað alla veröldina í krafti listarinnar.“

Íslensk menning mjög bandarísk Ljóðabókin í pakkanum er Erfða-skrá á útdauðu tungumáli, þriðja ljóðabók höfundar, og þar segist hann vera að fjalla um það hvernig væri að yrkja á tungumáli sem enginn annar skilur lengur. Ljóðin er ýmist frjáls eða rímuð. Smásagnasafnið Heimafólk geymir sjö sögur sem lýsa fólk sem er rötlaust í alþjóðlegum samtíma. „Þar er ég að fjalla um það hver er heimamaður þegar öll landamæri hafa verið máð út af tækni, loftslagsbreytingum og samruna ólíkra menningarheima,“ segir Sverrir.

„Í þessum fimm bókum mínum fjalla ég um ýmislegt en ekki sist það

að vera Íslendingur af kynslóð þar sem talað er um tungumálið eins og það sé gamalmenni sem sé að fara að geispa golunni. Að mörgu leyti er íslensk menning mjög bandarísk. Í verkum mínum er ég meðal annars að spyrja hver við séum. Ég vil skrifa um íslenskan samtíma því ef við hættum að hugsa um samfélag okkar á tungumálinu okkar þá verður ákveðið rof.“

Mikilvægi göðra lesenda

Mikil ferðalög eru fram undan hjá Sverri. „Ég verð í Mexíkó fram yfir jólni og síðan liggur leiðin til Japans þar sem ég ætla meðal annars að vinna á bóndabæ og læra að rækta grænmeti. Næsta haust fer ég svo í nám í umhverfisfræðum í Frakklandi. Mikil ógn vofir yfir heiminum. Dýra- og plöntulíf er í hættu

og borgir og staðir eru að sökkva. Bókin og skáldskapurinn eru í hættu. Allt sem ég trúi á er í hættu. Á tímabili hugsaði ég: Ég get ekki bara setið heima hjá mér og buið til vandamál og skáldað upp fólk þegar það er svo margt annað sem þarf að gera.

Mér finnst við vera buin að aftengja okkur svo mörgu, líka hvert öðru, en ef við gefumst upp og hættum að búa til sögur og trú á þær þá getum við sleppt þessu öllu. Ég mun aldrei hætta að trúa á orðin og skáldskapinn. Maður sest niður með bók og hleypir annarri rödd að og slekkur nánast á sjálfum sér. Sem betur fer eigum við marga fina rithöfunda en ég held jafnvel að góðir lesendur sem hampa bókum séu orðrin mikilvægari en góðir rithöfundar.“

Ein spönn og kvartil og tveir þumlungar í viðbót

Saga þrjóns á Íslandi og þrjónahefð í íslenskum buningarfi er efni fyrirlestrar Guðrúnar Hildar Rosenkjær, meistara í klæðskurði, í Þjóðminjasafninu í dag klukkan 14. Hún hefur endurgert þrjár peysur frá liðnum öldum, sem hún segir að sumu leyti tilgátur og þær verða til sýnis á staðnum.

„Það eru meira en hundrað ár síðan svona peysur hafa verið þrjónaðar og það eru ekki til neinar uppskriftir. Mæður kenna dætrum og þannig viðhélst þekkingin. Allar mælingar voru gerðar með höndunum. Konurnar settu bara höndina á líkamann og sögðu kannski: „Já, þetta er ein spönn og kvartil og tveir þumlungar í viðbót. En þegar maður fer að vinna eftir sömu aðferðum og þær þá kemur þetta,“ segir Guðrún Hildur.

Á Þjóðminjasafninu eru peysur

MÆÐUR KENNDU DÆTRUM OG ÞANNIG VIÐHÉLST ÞEKKINGIN.

til, að sögn Guðrúnar Hildar, en þær eru orðnar ansi þöfnar svo það er erfitt að telja þær út. „Ég hætti samt ekki fyrr en ég var buin að telja út eina, hún er frá 1890 og hún er tólf hundruð lykkjur, þrjónuð á þrjóna númer 1,25. Ég hugsa að bandið sé innflutt en fólk gat líka spunnið mjög finan þráð hér á landi,“ segir Guðrún Hildur sem kveðst hafa fundið ýmislegt út með rannsóknunum, enda stundi hún meistaranám í sagnfræði núna.

„Ég var svo heppin að mér áskotnaðist litill miði frá fullorðinni konu sem hafði varðveitt hann frá

formæðrum sínum. Þar var handskrift frá seinni hluta níttjándu aldar. Þar stóð: „Fitja 53 á 14 þrjóna.“ Með þessari einu línu opnaðist upphafið að verkinu. Ég fór að þrjóna peysu á 14 þrjóna af stærðinni 1.50.“

Guðrún Hildur er meistari í klæðskurði og kjólasmíði. Ásamt manni sínum, Ásmundi Kristjánssyni vélvirkja og gullsmíði, rekur hún fyrir-tækni Annriki í Hafnarfirði. Þar eru þau með saumaverkstæði, gullsmíðaverkstæði, litla verslun, nám-skeið og fræðasetur með buningasafni. „Við erum stór á þessu litla sviði og fólk kemur mikið til okkar, segir Guðrún Hildur sem núna fæst við að þrjóna peysu eftir uppskrift sem Skúli fífoeti skrifaði niður 1770 og engin hefur treyst sér til að þrjóna eftir. „Reynslan sem ég er komin með auðveldar mér verkið.“
gun@frettabladid.is




Peysan sem Guðrún Hildur klæðist er saumuð úr klæði en með þrjónuðum ermum. Maður hennar, Ásmundur, er í vestri með þrjónuðum boðungum.

BRÚÐAN EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR

„BESTI ÍSLENSKI GLÆPASAGNAHÖFUNDURINN“

DAILY MAIL



★ ★ ★ ★ ★
JYLLANDS-POSTEN
UM SOGID

★ ★ ★ ★ ★
POLITIKEN, DANMÖRKU
ADRESSEAVISEN,
NOREGI UM
AFLAUSN

★ ★ ★ ★ ★
FRÉTTABLAÐIÐ
MORGUNBLAÐIÐ
UM GATIÐ

Gömul brúða þakin hrúðurköllum en með nisti um hálsinn er dregin úr sjó með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Forstöðumaður vistheimilis er sakaður um alvarlegan glæp. Útigangsmáður finnst myrtur. Og ferðamenn hverfa sporlaust.

**YRSA SIGURÐARDÓTTIR
Í SÍNU BESTA FORMI!**

KOMIN Í VERSLANIR!

VERÖLD 

BJARTUR-VEROLD.IS

Kannski samtíma Völuspá

**Í nýrri ljóða-
bók yrkir Dagur
Hjartarson um
þjónustufulltrúa
sem mikið mæðir á.
Segist verða var við
mikinn ljóðaáhuga
þjóðarinnar.**

Því miður er ný ljóðabók eftir Dag Hjartarson. Í gegnum alla bókina er að finna siendurtekið stef: Því miður eru allir þjónustufulltrúar

okkar...
„Hugmyndin að bókinni kom til mín þegar ég hringdi í fyrirtæki



„Áskorunin var að halda í það óræða,“ segir Dagur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

til að panta mér mat og fékk þá meldingu að því miður væru allir þjónustufulltrúar uppteknir. Þetta varð kveikjan að bókinni og svo að segja öll ljóðin byrja á orðunum: Því miður eru allir þjónustufulltrúar okkar... og framhaldið er alla vega, til dæmis: ... með lágt sjálfs-álit/ ... með athyglisbrest.“ segir Dagur. „Í þessari bók sé ég fyrir mér þessa þjónustufulltrúa og rödd fyrirtækisins talar til lesendanna. Í gegnum bókina verður til óræð mynd af þessu fyrirtæki, sem kann að vera tákn fyrir eitthvað stærra, og mynd af þjónustufulltrúum, sem eru auðvitað ekki bara þjónustufulltrúar. Bókin fjallar um átök innan fyrirtækisins, kvíða, þögult ofbeldi, eld og hvað það þýðir að vera upptekinn.“

**BÓKIN FJALLAR UM
ÁTÖK INNAN FYRIR-
TÆKISINS, KVÍÐA, ÞÖGULT
OFBELDI, ELÐ OG HVAD ÞAD
ÞÝÐIR AÐ VERA UPPTÉKINN.**

Spurður hvort þarna séu á ferð ádeiluljóð segir Dagur: „Við fyrstu sýn virðist þetta vera ádeilubók en í raun og veru er þetta bara hlutlæg úttekt, eins konar hjartalínurit. En slík rit kunna auðvitað að fela í sér ákveðna heimsendasþá. Kannski er þetta bara samtíma Völuspá.“

Þetta er þriðja ljóðabók Dags og sjötta bók hans. Í fyrra kom út ljóðabókin Heilaskurðaðgerðin þar sem var að finna annan tón en í því miður. „Heilaskurðaðgerðin var miklu persónulegri og þar var meiri naumhyggja en í þessari bók, sem er miklu samfélagsmiðaðri og pólitískari. Það er ákaflega erfitt að yrkja pólitísk ljóð því það er hætt á að pólitíkin stroki út ljóðlistina. Áskorunin var að halda í hið óræða.“

Dagur er spurður hvernig eigi við hann að vera þátttakandi í jólabókafloðinu. „Ég stend bara keikur,“ segir hann. „Ég setti bókina í forsölu á netinu og auglýsti hana á Twitter og viðtökur hafa verið einstaklega góðar. Eg verð svo sannarlega var við ljóðaáhuga þjóðarinnar.“

kolbrun@frettabladid.is



Hugh Fraser.

Hastings mætir á glæpasagnahátíð

Hin alþjóðlega glæpasagnahátíð Iceland Noir hefst í 10nó föstudaginn 16. nóvember og stendur til sunnudagsins 18. nóvember. Fjöldi innlendra og erlendra glæpasagnahöfundu mæta til leiks, lesa upp úr verkum sínum og ræða í pallborði um þessa vinsælu bókmenntagrein. Á laugardagskvöldið verður glæpa-dískó sem hefst klukkan 20.00.

Heiðursgestir hátíðarinnar eru nokkrir, rithöfundarnir Sjón, Shari Lapena og Mark Billingham, forsætisráðherra og glæpasagnasérfræðingurinn Katrín Jakobsdóttir, Elísa Reid forsetafrú og leikarinn Hugh Fraser, sem fór með hlutverk Hastings höfuðsmanns í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum um Poirot þar sem David Suchet fór með aðalhlutverkið. – kb

Skuldabréfaflokkurinn HSVE 310138

Birting lýsingar

Útgefandi: HS Veitur hf., kennitala 431208-0590,
Brekustíg 36, 260 Reykjanesbæ

HS Veitur hf. hefur birt lýsingu, dagsetta 9. nóvember 2018. Lýsingin samanstendur af tveimur aðskildum skjölum, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu, og er birt í tengslum við umsókn útgefanda um að skuldabréf í flokknum HSVE 310138 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu.

Lýsingin er gefin út rafrænt á íslensku. Hún er birt á vef HS Veitna hf. á slóðinni <http://www.hsveitur.is/HSCoCompanyInfo/HSCoCompanyBonds.aspx> og verður aðgengileg þar í tólf mánuði frá staðfestingu hennar. Útprentuð eintök má panta án kostnaðar í gegnum netfangið gunnlaugur@hsveitur.is.

Taka til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Sótt verður um að Nasdaq Iceland hf. taki skuldabréfin til viðskipta á Aðalmarkaði og mun verða tilkynnt um slíkt með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Nafnverð útgáfu

Gefin hafa verið út skuldabréf að nafnvirði kr. 5.500.000.000 sem er jafnhátt heildarheimild flokksins. Öll útgefin skuldabréf í flokknum hafa verið seld. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð hf. í kr. 20.000.000 einingum. Auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland hf. verður HSVE 310138. ISIN númer bréfanna er IS0000029650.

Reykjanesbær, 10. nóvember 2018
Stjórn HS Veitna hf.



Babb í Brókarenda

BÆKUR

Nærbuxnaverksmiðjan

★★★★★

Höfundur: Arndís Þórarinsdóttir
Útgefandi: Mál og menning
90 blaðsíður

Ærslasögur hafa alltaf notið mikilla vinsælda hjá ungum lesendum og má nefna ýmis dæmi allt frá Grími grallara sem óknyttaðist á sjöunda áratugnum og til Skúla skelfis og Kaffeins Ofurbrókar sem óþekktast þannig að heilu árgangarnir hristast af hlátri. Þá eru ógleymdar sögur Davids Walliams þar sem húmorinn er alltaf í fyrirrúmi.

Nærbuxnaverksmiðjan sver sig að mörgu leyti í ætt við þessar sögur. Hún gerist í bænum Brókarenda þar sem nærbuxnaverksmiðjan hefur verið upphaf og endir alls um áratugaskeið. Góturnar í bænum eru nefndar í samhengi við hana og kallast Silkivegur, Bómullarbraut og Blúndustígur og einnig eru nokkur



Verk eftir Huldu Hreindal.

Gróska í Garðabæ

Haustsýning Grósku stendur yfir í sýningarsal á annarri hæð á Garðatorgi í Garðabæ. Sýningin verður opin til sunnudags frá 12-18.

Gróska er félag myndlistarmanna í Garðabæ sem var stofnað í þeim tilgangi að gera listsköpun sýnilegri í bæjarfélaginu og hefur starfsemin borið góðan árangur. Gróska fagnar komu vetrar jafnt sem sumars með árstíðabundnum sýningum og stendur einnig fyrir fleiri sýningum sem eru breytilegar milli ára. Umfangsmest er Jónsmessugleðin sem haldin er við Strandstíginn við Sjalandshverfið í Garðabæ en þangað streyma þúsundir gesta á hverju ári. Fyrir utan sýningahaldið stendur Gróska fyrir ýmsum opnum fyrirlestrum um myndlist og menningu og haldin eru námskeið og samhringingur fyrir félagsmenn.



ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

börn nefnd eftir stofnandanum Rasmusi. Nærbuxnaverksmiðjan var stóriðja: eitt sinn var öll heimsbyggðin í íslenskum nærbrókum, eins og segir í upphafi bókarinnar. En svo er ekki lengur og þegar Guttu, blíður, mjúkur og afskaplega meðvirkur strákur, kemst að því að hjarta bæjarins, nærbuxnaverksmiðjunni sem amma hans hefur unnið í áratugum saman, hefur verið lokað án fyrirvara veltir hann fyrir sér að gripa til sinna ráða. Með fulltangi óútreiknanlega hrekkju-svinsins Ólinu leggur hann af stað til

að kanna innvið verksmiðjunnar sem hefur verið svo stór hluti af lífi bæjarbúa án þess að þeir veiti henni nokkra eftirtekt og kemst þar að því að ekki er allt sem sýnist.

Nærbuxnaverksmiðjan er afskaplega skemmtilega



skrifuð, full af orðaleikjum og hnitmiðuðum bröndurum en einnig er nokkrum álitamálum laumað með eins og aðbúnaði gamla fólksins á elliheimilunum, unglíngum sem vilja ekki láta ná í sig í síma og hvað er hægt að gera í staðinn fyrir að byggja bara fleiri hótél.



Höfundurinn er hugmyndaríkur og fyndinn

og fær lesendur á öllum aldri til að skella upp úr enda nær grínið í Nærbuxnaverksmiðjunni til allra aldursþópa. Sagan flæðir þægilega og léttleikandi og gerir lestrarupplifunina afskaplega ánægjulega. Sannarlega bók til að mæla með bæði fyrir lestrarhesta og þá sem ekki hafa fundið bókina sína enn þá. Þetta gæti alveg verið hún. **Brynhildur Björnsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Nærbuxnaverksmiðjan er skemmtileg og fyndin saga um ráðsnjalla krakka, ureltar verksmiðjur og nærbuxur.

„Sálumessa er sterkasti ljóðabálkur sem ratað hefur í hjarta mitt.“

VIÐGÍS GRÍMSDÓTTIR



„... hnífskarpt ljóðmál og skýr tákni.“

STEINUNN INGA ÓTTARSDÓTTIR

„Allir hugsandi menn, konur og ekki síst við karlar þurfum að lesa bálkinn ...“

TRYGGVI GÍSLASON

„Ég er örmagna. Man ekki eftir áhrifaríkari lestri árum saman.“

KATRÍN ODDSDÓTTIR



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskilóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

ego dekor

10-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BORÐSTOFUBORÐUM OG STÓLUM

NOTTINGHAM BORÐ – gegnheill acacia viður
Stærð: 200x100cm
Verð: 158.000,-
TILBOÐSVERÐ: 94.800,-



CLARK STÓLL
Verð: 16.900,-

TILBOÐSVERÐ: 10.140,-



COBY STÓLL
Verð: 18.500,-

TILBOÐSVERÐ: 14.800,-



MIKA ARMSTÓLL

Verð: 35.000,-

TILBOÐSVERÐ: 28.000,-



HUGO STÓLL

Verð: 17.900,-

TILBOÐSVERÐ: 14.320,-



GIRASOLE STÆKKANLEGT BORÐ – hnota
Stærð: 180(240)x100cm
Verð: 168.000,-
TILBOÐSVERÐ: 151.200,-



HRINGBORÐ –

hvítt háglans eða svartur askur

Stærð: 120x120cm

Verð: 59.900,-

TILBOÐSVERÐ: 47.920,-



CANE STÓLL

Verð: 21.900,-

TILBOÐSVERÐ: 17.520,-



DELTA STÓLL

Verð: 19.900,-

TILBOÐSVERÐ: 17.910,-



JESSIE STÓLL

Verð: 16.900,-

TILBOÐSVERÐ: 12.675,-



CIRO STÓLL

Verð: 24.500,-

TILBOÐSVERÐ: 22.050,-



Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00
Sun: Lokað.



Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S. 544 4420



DAGSKRÁ

Laugardagur

STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Kalli á þakinu
07.50 Lina Langsokkur
08.15 Blíða og Blær
08.35 Dóra og vinir
09.00 Billi Blikk
09.10 Dagur Diðrik
09.35 Nilli Hólmeirsson
09.50 Latibær
10.15 K3
10.25 Ævintýri Tinna
10.50 Ninja-skjaldbökurarnir
11.15 Friends
11.40 Ellen
12.20 Viglínan
13.05 Bold and the Beautiful
14.25 Bold and the Beautiful
14.50 Masterchef USA
15.35 Jamie Cooks Italy
16.25 Dýraspítalinn
16.55 Um land allt
17.30 Fósturbörn Sindre Sindrason heldur áfram að kynna sér fósturkerfið á Íslandi. Við heyrum sögur foreldra sem hafa misst börn sín frá sér og eru allt annað en sáttir við starfsfólk barnaverndarnefnda og fólksins sem tekur við börnunum og hræðist ekkert meira en að þau fari til baka. Við kynnumst líka fólk sem vill ekkert með kynforeldra sína hafa, syrgir jafnvel ekki dauða þeirra og heyrum lýsingu fólks á því hvaða áhrif það hafði á þau að vera tekin af foreldrum sínum á unga aldri.
18.00 Sjáðu
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.10 Lottó
19.15 The X-Factor
20.00 Harry Potter and the Philosopher's Stone Harry Potter er 11 ára munaðarlaus strákur sem hefur lengi vitað að það er eitthvað óvenjulegt við hann. Hann kemst brátt að því að hann er göldróttur og kynnist glænjum heimi og fær einnig inngöngu í Hogwarts-galdraskólann. Hann eignast vinina Ron og Hermíone, en vandræðin sem þau koma sér í virðast tengjast einhverju samseri tengdu abburðunum sem urðu foreldrum Harrys að bana. Þetta er fyrsta myndin af átta í einum flottasta ævintýrabálki síðari ára.
22.30 Page Eight
00.10 The House
01.35 Live by Night
03.40 Kate Plays Christine

STÖÐ 2 SPORT

09.10 Levante - Real Sociedad
10.50 NFL Gameday
11.20 PL Match Pack
11.50 Premier League Preview
12.20 Cardiff - Brighton
14.30 Evrópueldarmörkin
15.20 Sheffield United - Sheffield Wednesday
17.00 Laugardagsmörkin
17.20 Crystal Palace - Tottenham
19.25 Genoa - Napoli
21.30 WBA - Leeds
23.10 KR - Haukar

STÖÐ 2 SPORT 2

07.15 Domino's-körfuboltakvöld
08.55 Haukar - Skallagrímur
10.35 Njarðvík - KR
12.15 Frosinone - Fiorentina
13.55 Formúla 1 - Æfing - Brasilía
15.10 Domino's-körfuboltakvöld
16.50 Formúla 1 - Timataka - Brasilía
18.25 Leicester - Burnley
20.05 Southampton - Watford
21.45 Atletico Madrid - Athletic Bilbao
23.25 Crystal Palace - Tottenham

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Ráðið
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

15.00 Friends
15.25 Friends
15.50 Friends
16.15 Friends
16.40 Friends
17.05 The Goldbergs
17.30 Landnemarnir
18.10 Hið blómlega bú
18.45 Gulli byggir
19.20 Masterchef USA
20.00 My Dream Home
20.45 Eastbound & Down
21.15 Vice Principals
21.45 Banshee
22.35 Game of Thrones
23.35 Rome
01.20 Masterchef USA
02.00 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli
07.54 Pingu
08.00 Strumparnir
08.25 Ævintýraferðin
08.37 Gulla og grænjaxlarnir
08.48 Hvellur keppnisbill
09.00 Stóri og Litli
09.13 Mæja býfluga
09.25 K3
09.36 Grettir
09.50 Tindur
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.24 Mörgæsirnar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.54 Pingu
12.00 Strumparnir
12.25 Ævintýraferðin
12.37 Gulla og grænjaxlarnir
12.48 Hvellur keppnisbill
13.00 Stóri og Litli
13.13 Mæja býfluga
13.25 K3
13.36 Grettir
13.50 Tindur
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.24 Mörgæsirnar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.54 Pingu
16.00 Strumparnir
16.25 Ævintýraferðin
16.37 Gulla og grænjaxlarnir
16.48 Hvellur keppnisbill
17.00 Stóri og Litli
17.13 Mæja býfluga
17.25 K3
17.36 Grettir
17.50 Tindur
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsirnar frá Mada-gaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Hanaslagur

Mörgæsirnar,
 10.12, 14.24
 og 18.24



GOLFSTÖÐIN

07.00 Nedbank Golf Challenge South Africa
13.00 PGA Tour: Arnold Palmer's Legacy
13.45 Inside the PGA Tour
14.10 OHL Classic at Mayakoba
17.10 Golfing World
18.00 OHL Classic at Mayakoba
21.10 Golfing World
22.00 Blue Bay LPGA

STÖÐ 2 BIÓ

07.15 Apollo 13
09.35 Temple Grandin
11.25 Collateral Beauty
13.00 Home Again
14.35 Apollo 13
16.55 Temple Grandin
18.45 Collateral Beauty Mögnuð mynd frá 2017 með Will Smith, Kate Winslet og fleiri frábærum leikurum. Howard Inlet er mikilsvirtur fyrirtækjaigandi í New York sem segja má að missi trúna á lífið þegar ung dóttir hans deyr.
20.20 Home Again
22.00 Dragonheart 3: The Sorcerer's Curse Spennandi ævintýra-mynd frá 2015. Gareth leggur upp í mikla hættuför í leit að gulli og gersemum. Þessi í stað finnur hann drekann Drago sem bjargar lífi hans.
23.40 The Beguiled
01.15 Like.Share.Follow
02.45 Dragonheart 3: The Sorcerer's Curse

RÚV

07.15 KrakkaRÚV
09.24 Stundin okkar
09.45 Bitið, brennt og stungið
10.05 Best í flestu
10.45 Mannleg hegðun
11.35 Útsvar
12.45 Vikan með Gísla Marteini
13.30 Saga Danmerkur - Velferðarþjóðfélagið og kalda stríðið
14.30 Kiljan
15.10 Sætt og gott
15.25 Hyacinth hin unga
15.55 Ofurheilar
16.25 Rally á Íslandi í 40 ár
17.50 Táknáfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Sköpunargleði: Hannað með Minecraft
18.17 Handboltaáskorunin
18.30 Íþróttafólkíð okkar
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Fjórskyldan
20.30 Bíóast: Pretty Woman
22.35 NSU: Hatur frá hægri - Fórmarlömbin
00.15 Aulabárður
01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 LA to Vegas
08.25 The Mick
08.50 American Housewife
09.15 The Muppets
09.40 Black-ish
10.05 Making History
10.25 The Great Indoors
10.50 Playing House
11.10 Difficult People
11.35 Will & Grace
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Survivor
14.10 Survivor
14.55 A.P. Bio
15.20 Top Gear
16.25 Everybody Loves Raymond
16.45 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Futurama
17.55 Family Guy
18.20 Bordertown
18.45 Glee
19.30 The Voice
20.15 Anchorman 2: The Legend Continues
22.15 Jack Reacher
01.55 New Amsterdam
02.45 Station 19
03.30 9-1-1
04.15 Agents of S.H.I.E.L.D.
05.05 Rosewood
05.50 Siminn + Spotify

Tól með
Sissel
 19. DESEMBER Í ELDBORG HÖRPU

BÆTT BÓKAFLÓRA!



VILDARVERÐ:

13.999.-

Verð:
16.999.-

FLÓRA ÍSLANDS

Blómplöntur og byrkningar

Flóra Íslands
Blómplöntur og byrkningar

Tölusett og árituð mynd eftir
Jón Baldur Hlíðberg fylgir bókinni
TAKMARKAÐ MAGN!



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Vildartilboð gildir til og með 12. nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

PIER

www.pier.is



JÓLAVÖRUR 20% AFSLÁTTUR



Vefverslun www.pier.is

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFÖSS

Tónlistarhátíð Þjóðarinnar á hápunkti

Airwaves-hátíðin er nú á hápunkti sínum og fjörið væntanlega í algleymingi. Gamanið hefur gengið smurt fyrir sig þó að nú standi nýir aðilar á bak við hátíðina. Um allan bæ eru líka „off venue“ tónleikar svokallaðir svo allir fá að njóta.



Frændurnir í Geisha Cartel voru ekkert að skafa utan af því á Hard Rock.



Sura kom fram með smá aðstoð frá Sölkku Vals. Þær eru líka í hljómsveitinni Cyber sem var að senda frá sér nýja plötu.



Ólmu var beðið með mikilli eftirvæntingu enda er þessi finnska poppdíva á góðri leið með að öðlast heimsfræð.

Alvia er í uppáhaldi hjá mörgum enda gerði hún allt gjörsamlega vitlaust á Hard Rock.



Tommy Cash frá Eistlandi skemmti gestum og var sveipaður skrautlegum klæðum á meðan hann lét gaminn geisa á sviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Auður er nýbúinn að koma frá sér plötu sem hefur verið umtöluð. Hann skemmti gestum í Petersen svitunni með stæl í fimmtudaginn.



FYRIR BESTU HÁTÍÐARSTUNDIRNAR

Gerðu notalegasta tíma
ársins enn betri.

Þú finnur Jólakaffið okkar
í öllum helstu verslunum.







F&F



20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM F&F VÖRUM
DAGANA 8.- 11. NÓVEMBER

GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

MEIRI GÆÐI, BETRA VERÐ
FÆST EINGÖNGU Í
HAGKAUP

Lífið í vikunni

04.11.18 -
10.11.18

MARÍA BIRTA Í STÓRMYND QUENTINS TARANTINO

Leikkonan María Birta Bjarnadóttir, landaði hlutverki Playboyaninu í myndinni *Once Upon a Time in Hollywood*, sem Quentin Tarantino leikstýrir. Ógurlegur fjöldi stórstjarna kemur saman í myndinni eins og Margot Robbie, Leonardo DiCaprio og Brad Pitt.



EINN DAGUR Á SKRIFSTOFU CYBER INC.

Út kom ný plata með Cyber. Um er að ræða rappöru sem lýsir heilum degi á skrifstofu og því sem gerist þegar yfirmaðurinn er í burtu. Þetta er líklega fyrsta rapplata Íslandssögunnar sem er pröduðu af konu.



NEON-GUL FINNSK POPPSTJARNA

Finnska söngkonan Alma pílaði á Airwaves-hátíðinni á fimmtudaginn. Hún ræddi stuttlega við Fréttablaðið.



LÖGFRÆÐIDRAMA BREYTTIST Í BJÖR

Sagan á bak við bjórinn Haust-runk, sem kom á nokkra bari um síðustu helgi, er ekki alveg eins og venjuleg bjórsaga. Lögfræði, salt, apríkósar og þýskur bruggmeistari koma við sögu og framhaldið geti orðið annað lögfræðidrama.

DORMA
Látta drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

Fyrir þínar bestu stundir

www.dorma.is

VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**



MÚMÍN dúninniskór

Unaðslega hlýr dúninniskór með broderuðum hattifóttum. Sólin er með stöfum punktum til að koma í veg fyrir að þeir renni. 100% bómullarefni. 50% dúnn og 50% andafíður. Þrjár stærðir 26-31, 32-36 og 37-40

Fullt verð frá: 4.900 kr.

Aðeins frá **4.175 kr.**



Nanna Ósk og María dóttir hennar brosandi kátar í stúdíóinu eftir að hafa dansað saman.

Heilu ættliðirnir dansa saman til jóla

Fjölskyldur, mæðgin, feðgin og heilu ættliðirnir dansa saman á nýju námskeiði Dancecenter. Þar verður lögð áhersla á létt spor en aðalatriðið er að njóta samverustundarinnar rétt fyrir hátíðarnar.

Þetta hefur aldrei verið gert. Að fjölskyldur, mæðgin, feðgin og heilu ættliðirnir dansi saman," segir Nanna Ósk Jónsdóttir, eiginandi Dancecenter. Námskeiðið FjölskylduDansGleði-"Sprell og Bonding" hófst í dag þar sem ömmur eru sérlega velkomnar með enda segir Nanna að þær hafi verið reglulegir gestir á námskeiðum. Reyndar hafi heilu kvenleggirnir oft dansað saman hjá henni.

Aðspurð hvort það sé ekki nauðsynlegt að kunna eitthvað segir hún að danstimarnir séu byggðir upp fyrir alla og tekið sé mið af hverju barni og foreldri eftir getu. „Námskeiðin eru bland af léttri upphitun, skemmtilegum dansrútinum, leikjum og slökun þar sem foreldrar og börn geta átt sprellistund en jafnframt nærðar náðarstund. Rútinurnar eru lauffléttar og samsettar þannig að foreldri og barn dansa saman," segir hún og bætir við að það sé svo tilvalið að fara heim og æfa sig saman inni í stofu.

Þetta er fyrsta svona námskeið sem haldið er hér á landi. „Á Spáni og í mörgum öðrum löndum er þetta hluti af menningunni. Eins og í flamenco, þar sem börn alast upp



Nanna fremst í flokki með nokkrar mömmur sem hafa verið að mæta með dómnum sínum. „Mömmur hafa mest mætt og svo ömmur með stúlkurnar en ég vil ekki útiloka neinn pabbanda eða afann sem hefur áhuga."

DANS ER EINS OG TRÚARBRÖGÐ FYRIR MÉR – HANN GETUR BJARGAÐ MANNSLÍFUM.

við taktinn frá blautu barnsbæini. Þetta er tilvalið fyrir foreldrahópa að sameinast með börnin og margir foreldrar koma börnunum sínum á óvart og sýna snilldartahta sem þau yngr vissu ekki af."

DanceCenter var stofnað árið

2007 en Nanna hefur komið viðá við á lífsleiðinni. Hún er viðskiptafræðingur af stjórnumar- og markaðssviði og með framhaldsmenntun á því sviði og unnið í atvinnulífnum til fjölda ára. Hún situr einnig í Alþjóðanefnd FKA-Félags kvenna í atvinnulífnum. En dansinn hefur alltaf togað í hana. „Dans er eins og trúarbrögð fyrir mér – hann getur bjargað mannslífum," segir hún hress og kát.

beneditkboas@frettabladid.is

Skemmtilegar Múmíngjafavörur



Múmín púði 50x30 cm

Fullt verð: 4.900 kr.

JÓLATILBOÐ:
4.165 kr.



Múmín handklæði 50x70 cm

Fullt verð: 2.900 kr.

JÓLATILBOÐ: 2.465 kr.



Múmín snyrtitaska

Fullt verð: 3.900 kr.

JÓLATILBOÐ: 3.315 kr.

15% JÓLAAFSLÁTTUR

Afgreiðslutími Ryk
Mán. til föst. kl. 10-18 (Holtagardurum)
Mán. til föst. kl. 11-18:30 (Smáratorgi)
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)

Holtagardurum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skólleið 1, Ísaftröi

DORMA
Látta drauminn rætast

SMÍÐAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir johannahelega@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401; Guðaf Bjarnason guðaf@frettabladid.is, Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Sigfus Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Valdimar Biggisson valdimar@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÖLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402; Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elín Albertsdóttir elin@frettabladid.is og Ragnheiður Þryggvadóttir heid@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403; Hrafnar Helguson hrafnar@frettabladid.is, Víbar Ingi Pétursson vi@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407; Anna Rut Kristinsdóttir annarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Crétarsdóttir guðrunga@frettabladid.is

KRONAN



Sjáðu úrvalið á kronan.is



Förðunartrít fyrir áramótin

3390 kr. pk.



Revolution jóladagatal
Allt fyrir varirnar

6090 kr. pk.



Technic baðvöru jóladagatal

3190 kr. pk.



Technic jóladagatal, allt fyrir neglurnar

3590 kr. pk.



Jóladagatal með súkkulaði og lakkrisjúlum

1999 kr. pk.



Osta jóladagatal

3999 kr. pk.

Fæst í:

Bíldshöfða, Flatahrauni,
Garðabæ, Grafarholti,
Granda, Lindum og Vallakór

og Akranesi,
Mosfellsbæ, Reyðarfirði,
Reykjanesbæ, Selfossi og
Vestmannaeyjum



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

ATH. vöruúrval er misjafnt eftir verslunum



**HÆGT AÐ
TENGA
MARGAR
SAMAN**



**Við erum
með seríurnar**



SYSTEM 24

LED útisería

SYSTEM 24, 10m,
98 ljós, tengjanleg.

8.295

51880401

LED útisería

SYSTEM 24, 3x0,4m,
49 ljós, tengjanleg.

5.195

51880402



LED útisería

SYSTEM 24, 5m,
49 ljós (24 blikkandi),
tengjanleg.

5.695

51880403

**Mikið
úrval af alls
kyns jóla-
seríum!**

SYSTEM 24 er 24 volta kerfi og er því einstaklega orkusparandi. Perurnar eru höggþolnar og líftími getur orðið allt að 20.000 stundir. Hentar vel þeim sem vilja gera meira úr lýsingunni.



Ljósahringur

Curly 30cm svartur

3.995

51880824

48cm

6.295

51880825

Jóla ljós

Paint 5 ljósa stone eða snow

6.995

51880795-6




Ljósahringur

Snowflake
hringur 33cm

5.595

51880534



Sería

í glugga, 120x170 cm.

4.295

46236479



Útisería

LED micro-light.
50 eða 100 perur.
Verð frá:

2.995

881667930-4

**Tengjanlegar.
Endingar-
tími allt að
20.000 klst**



**25%
afsláttur**
af öllu parketi
og flísum

Krono
Original
High Quality

SCHEUCHER

**25%
afsláttur**
af öllum hnífa-
parasettum



**25%
afsláttur**
af sturtuklefum
og baðkörum

**Það er gott að
byrja í BYKO**

**25%
afsláttur**
af Snickers
vinnufatnaði



**25%
afsláttur**
af útihurðum
(lagerhurðir)

**25%
afsláttur**
af öllum
bílstólum



**25%
afsláttur**
af mottum
og dreglum



**25%
afsláttur**
af öllum
bílakerrum

**20%
afsláttur**
af innimálningu
(veggir og loft)



Birt með fyrirvara um prentvillur og/öðr myndbrengr.

**25%
afsláttur**
af öllum
leikföngum



BYKO

GERUM PETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800

Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifinguna.



FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst: dreifing

Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Óttars Guðmundssonar



Sámur

Færgasta húsdýr samanlagðra Íslendingasagna er án efa hundurinn Sámur, sem Gunnar Hámundarson á Hlíðarenda átti. Hundinn sem var írskur ættar fékk hann að gjöf frá Ólafi þá að Hjarðarholti í Dólum. Sámur þessi hafði mannsvit enda þekkti hann alltaf muninn á óvinum og vinum og gat varað húsbóndann við fjandmönnum sínum. Þegar óvinaflokkur sótti að Gunnari drápu þeir hundinn snarlega. Honum tókst þó í andarslitrunum að reka upp mikið væl sem Gunnar heyrði. Hann mælti þá: „sárt ertu nú leikinn, Sámur föstri“ og bætti við að skammt yrði á milli þeirra tveggja. Skömmu síðar var Gunnar allur.

Þetta er hjartnæm saga um samband manns og dýrs. Hundar eru mun skammlífari en menn svo að margur hundeigandinn þarf að ganga í gegnum ítrekaðar aðskilnaðarkrisur og flókin sorgarferli á lífsleiðinni. Það vakti heimsathygli þegar fyrrverandi forseti Íslands tilkynnti að hann ætlaði að klóna hundinn sinn svo að hann lifði með okkur að eilífu og síklónaður. Þannig biður ávallt nýr hundur fullskapaður í frystinum þegar sá gamli fer að eldast.

Gaman hefði verið ef þekktir íslenskir stjórnmálamenn hefðu átt hundinn Sám úr Njálu klónaðan með öllum sínum góðu eiginleikum. Hann hefði varað Ólaf Ragnar við félögum sínum í Alþýðubandalaginu, Sigmund Davíð við Sigurði Inga, Þorstein Pálsson við Davíð, Óssur við Ingibjörgu Sólrúnu og helstu leiðtoga Pírata við öllum sínum flokksmönnum. Hann hefði varað Benedikt Jóhannesson við Þorgerði Katrínu og Steingrím við Katrínu Jak. Þetta hefði aukið gegnsæði í íslenski pólitik og gjörbreytt atburðarásinni. Það er mikið ólán að þessi tækni var ekki fyrir hendi þegar þessi einstaki hundur var og hét.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk

Bátur mánaðarins

Ítalskur BMT

499 kr.

Snýr tímabundið aftur



SUBWAY

Það er jólastemning alla helgina frá 13-17

Komdu og drekktu í þig jólastemninguna í IKEA um helgina! Það eru skemmtilegir viðburðir um alla verslun. Við hlökkum til að sjá þig!



Komdu í ókeypis myndatöku með jólasveininum!

VINTERSAGA
piparkökuhús
495,-



Sjáðu hvernig við skreytum piparkökuhús



Komdu og smakkaðu gómsætar og nýbakaðar smákökur

Jólaglög
495,-

IKEA jólaglöggið er engu líkt. Prófaðu!



Veitingastaðurinn: Allir jólaréttir 1.295,-



Kaffihúsið: Pavlova 545,-



Kaffihúsið: Tiramisu og Kahlúa brownies 645,-/stk.



Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:30-20:30 - IKEA.is

